

**SKOÐUN** Ólafur Ragnarsson skrifar um kosningaloforð og millifærslur. 26



**MENNING** Anton Helgi Jónsson yrkir ljóð um sambandsleysi og tvífara. 38



**LÍFIÐ** Úlfur Kolka gerði rappplötuna Borgaraleg óhlýðni til að fá útrás. 48



**SPORT** KR-ingar geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í Grindavík í kvöld. 50





VINNAN
tímarit ASÍ
fylgir
blaðinu í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
1. maí 2014
101. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Veiði fjölgar refum

Veiðimenn sem setja út fæði til að lokka til sín tófur gætu hafa orðið þess valdandi að viðkoma stofnsins er sífellt að batna. 2

**Óvissa um niðurrif** Landsnet hefur skapað óvissu um niðurrif háspennulína við Vallahverfið í Hafnarfirði, segir bæjarstjórinn. 6

**Meirihlutinn vill Dag** Meira en helmingur borgarbúa vill að Dagur B. Eggertsson verði næsti borgarstjóri í Reykjavík. 16

***Kjöt marinerað í bjór*** Andoxunarefni í bjór draga úr skaðlegurm efnum sem geta myndast við grillun kjöts. 18




24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | | SV | 3 |
| Akureyri | 5° | | SV | 3 |
| Egilsstaðir | 6° | | SV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | | SSA | 3 |
| Reykjavík | 8° | | SSA | 5 |

**Bjart** eða bjart með köflum en skýjað að mestu við suðurströndina. Hægur vindur víðast hvar og hiti á bilinu 4 til 11 stig. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk






**GLAMPANDI BJART** Sólin skein á tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu í gær og í rúðum hússins endurspegluðust bátar í Reykjavíkurhöfn. Sólríkt og bjart var yfir höfuðborgarsvæðinu í gær en hiti var á bilinu 4 til 9 stig. Segja má að slíkt sé eins konar gluggaveður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tapar þriðjungi af fylgi Besta flokksins

Meirihluti Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar í Reykjavík mælist með stuðning innan við helmings borgarbúa í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flokkarnir tveir ná engu að síður að halda meirihluta sínum í borginni.

**KÖNNUN** Björt framtíð tapar tveimur borgarfulltrúum en Samfylkingin bætir við sig einum samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var á þriðjudagskvöld. Meirihluti flokkanna heldur því með minnsta mögulega meirihluta.

Björt framtíð fengi samkvæmt könnuninni 21,6 prósent atkvæða og fjóra borgarfulltrúa. Flokkurinn er arftaki Besta flokksins í borginni, sem fékk 34,7 prósent atkvæða og sex borgarfulltrúa í síðustu kosningum. Björt framtíð hefur því tapað rúmum þriðjungi af fylgi besta flokksins í síðustu kosningum.

Samfylkingin bætir við sig fylgi og mælist með stuðning 26,6 prósenta borgarbúa. Flokkurinn fengi fjóra borgarfulltrúa samkvæmt könnuninni, einum fleiri en í síðustu kosningum.

Samanlagt fengju flokkarnir minnihluta atkvæða, 48,2 prósent, en átta borgarfulltrúa af fimmtán. Flokkarnir fengu samanlagt 53,8 prósent atkvæða í kosningunum 2010, og mældust með stuðning 51,3 prósenta í könnun Fréttablaðsins um miðjan mars.

Sjálfstæðisflokkurinn styrkir stöðu sína í borginni frá síðustu könnun. Flokkurinn fengi 27 prósent atkvæða yrði gengið til kosninga nú og fimm borgarfulltrúa, sama fjölda og hann er með í dag.

Píratar fá samkvæmt könnuninni 10,5 prósenta fylgi, og ná einum manni í borgarstjórn verði niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins.

Litlar breytingar hafa orðið á fylgi Vinstri grænna, sem fá 8,7 prósent atkvæða og halda sínum borgarfulltrúa samkvæmt könnuninni.

Framsóknarflokkurinn mælist með 5,2 prósent atkvæða en nær ekki inn manni. Stuðningur við Dögun er vart mælanlegur, um 0,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni sögðust ætla að kjósa flokkinn.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, ber enn höfuð og herðar yfir aðra frambjóðendur þegar spurt er hver fólk vilji að verði næsti borgarstjóri. Nærri 57 prósent nefndu Dag en 16 prósent Halldór Halldórsson, oddvita Sjálfstæðisflokksins, sem hlaut næstmestan stuðning. - bj / sjá síður 12 og 16

### Fjöldi borgarfulltrúa




*Bauð fram undir merkjum Besta flokksins í kosningunum árið 2010.

Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 þann 12. mars 2014 og 29. apríl

Þórunn Antonía í Borgríki:

## Leikur í heitri kynlífssenu

**KVIKMYNDIR** „Þetta er sem sagt eldheit ástarsena. Við erum ekki tvö í henni heldur þrjú. Ég hef ekki leikið í slíkri senu áður nema í einhverju gríni með Steinda jr. í Steindanum okkar. Það var auðvitað allt, allt öðruvísi nálgun," segir söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir. Hún leikur í kvikmyndinni Borgríki II – Blóð hraustra manna sem frumsýnd verður í október. Í myndinni leikur Þórunn meðal annars í kynlífssenu með fyrrverandi glamúrmódelinu Ernu Gunnþórsdóttur og fyrrnefndum Zlatko.

„Þetta er vandmeðfarin sena og ég hugsaði vel um hvort ég ætti að gera þetta eða ekki." - lkg / sjá síðu 54










## SPURNING DAGSINS



Siggi, eru rangindin augljós?

**Já, þetta er fjarri því stormur í vatnsglasi.**

Siggi Stormur stendur í ströngu við Hafnarfjarðarbæ en bærinn hefur ekki auglýst í miðli hans, H220, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir.

Borgarstjórn hefur ekki enn skipað starfshóp um framkvæmdir á þéttingarsvæðum í grónum hverfum:

# Yfirsjón af okkar hálfu segir borgarfulltrúi

**SKIPULAGSMÁL** „Ef það á að þétta byggð í Reykjavík verður að gera það í samvinnu við íbúa. Það verður að vera á hreinu hvert verklagið er,“ segir Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Íbúar í vesturbæ urðu fyrir talsverðum óþægindum og tjóni vegna sprenginga á Lýsisreit, snemma í vetur. Íbúar nokkurra fasteigna á svæðinu undirbúa málssókn vegna tjóns á fasteignum sínum.

Hildur segir að í kjölfar þess hafi hún og fleiri fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lagt til að skipaður yrði vinnuhópur sem hefði það hlutverk að skoða uppbyggingarmál borgarinnar.

Hópnum yrði falið að endurskoða núgildandi byggingarreglugerð, kortleggja réttarstöðu íbúa, endurskoða reglur heilbrigðiseftirlitsins og fleira er lýtur að stöðu íbúa gamalla og gróinna hverfa í framtíðinni.

Borgarstjórn samþykkti að skipa slíkan hóp 4. mars síðastliðinn og átti umhverfis- og skipulagsráð að gera það. Síðan hefur ekkert gerst.

Hjálmar Sveinsson, Samfylkingu, á sæti í skipulagsráði.

Hann segir að það sé yfirsjón að hópurinn skuli ekki hafa verið skipaður strax. „Ef við ætlum að fylgja þeirri stefnu sem er mörkuð í aðalskipulagi að þétta byggð er nauðsynlegt að fara í gegnum allar vinnureglur þar sem verið er að byggja hús inni í grónum hverfum,“ segir Hjálmar - jme



**HJÁLMAR SVEINSSON** Segir að upplýsingagjöf þurfi að vera í lagi en misbrestur hafi verið þar á. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KVEIKT Á KERTUM** Nepalar leggja niður kerti í höfuðborg Nepals, Katmandú, til minningar um þá sem fórust í snjóflóðinu á dögunum. NORDICPHOTOS/AFP

Everest-fjalli hefur verið lokað í kjölfar slyssins mannskæða:

# Kerti til minningar sjerpanna 16

**NEPAL, AP Nepalar lögðu í gær niður kerti í borginni Katmandú til minningar um sjerpana 16 sem fórust í snjóflóði á Everest 18. apríl.**

**Með í för í leiðangrinumvoru pólfarinn Vilborg Arna Gissurardóttir og Ingólfur Axelsson fjallgöngumaður. Þau sluppu bæði ómeidd, en sneru niður af fjallinu í kjölfar snjóflóðsins.**

**Everest hefur nú verið lokað fjallgöngumönnum, en slysið var það mannskæðasta í sögu fjallsins. Ríkisstjórn Nepals bauð aðstandendum hinna látnu jafngildi rúmra 44 þúsund króna í bætur fyrir ástvini sína en þeir heimta nú hærri bætur fyrir missinn.** - kóh

Fara fram úr Bandaríkjunum:

# Kína gæti orðið stærst á árinu

**EFNAHAGSMÁL** Kína gæti tekið við af Bandaríkjunum sem stærsta hagkerfi heims á þessu ári.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn metur það svo að hagvöxtur í Kína milli áranna 2011 til 2014 hafi verið rúm 24 prósent á meðan hagvöxtur í Bandaríkjunum á að hafa verið rúm 7,6 prósent.

Árið 2005 var hagkerfi Kína metið sem rúm 43 prósent af heildarstærð hagkerfis Bandaríkjanna. - kóh

Gott lánshæfismat frá S&P:

# Íslandsbanki fær BB+/B

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki fær lánshæfismatið BB+/B með stöðugum horfum frá Standard & Poor's. Samkvæmt því er bankinn í traustri stöðu á íslenskum fjármálamarkaði með 30 til 40 prósenta markaðshlutdeild á flestum sviðum, þrátt fyrir að vera með minnsta efnahagsreikninginn af viðskiptabönkunum þremur. Einkunn bankans er aðeins einu þrepi frá íslenska ríkinu. - fbj

# Refum hefur fjölgað vegna aukinnar veiði

Veiðimenn sem setja út fæði til að lokka til sín tófur gætu hafa orðið þess valdandi að viðkoma stofnsins er sífellt að batna. Fæðið verður til þess að tófur sem hefðu ella drepist nái að lifa af veturinn segir sérfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun.

**NÁTTÚRA** Aukin refaveiði hefur ekki skilað tilætluðum árangri og svo virðist sem veiðin hafi frekar orðið til þess að refum fjölgi en fækki, segir Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ástæðan er aukin áhersla á vetrarveiði, sem fer þannig fram að egnt er fyrir refina með því að bera út æti og þeir skotnir þegar þeir koma nærri. Ester segir margt benda til þess að allt of mikið æti sé sett út og þar sem það sé ekki vaktað öllum stundum verði það til þess að refir sem ella hefðu soltið í hel yfir veturinn nái að komast í fæði og lifa af.

Alls voru 84 þúsund refir drepnir á sautján ára tímabili, frá 1995 til 2012. Kostnaðurinn við veiðarnar var um 1,6 milljarður, uppreiknað á verðlag ársins í ár, segir Ester.

Refastofninn náði lágmarki um 1970, en þá hafði langt kuldaskeið farið illa með stofninn, segir Ester, auk þess sem eitrunarherferð hafði áhrif. Síðan hefur refastofninn verið á uppleið og tók sérstakan kipp upp úr 1997.

„Það voru sett ný lög um friðun refsins árið 1994, og eftir að þau lög tóku gildi, sérstaklega árið 1997, var farið í sérstakt veiðiátak,“ segir Ester. „Þá var meiri áhersla lögð á vetrarveiðar og minni á grenjavinnslu, sem getur verið dýr og tímafrek.“

Ester segir að um 500 veiðimenn hafi unnið á þessum 84 þúsund dýrum. Margir þeirra leggi út talsvert mikið æti. Þegar það bætist við náttúrulegt fæðuframboð refsins á erfiðasta tíma ársins hafi það áhrif.

Hún leggur til að haldið verði utan um hversu mikið æti sé lagt út. Það gæti jafnvel verið ódýrari aðgerð til að fækka dýrunum að hætta að leggja út æti fyrir refi yfir veturinn. Verkefnin eru önnur í Skandinavíu, þar sem tófunni hefur fækkað gríðarlega, og hún er í mikilli útrýmingarhættu. Þar hafa vísindamenn komist að því að besta leiðin til að styrkja stofninn sé að setja út æti að vetrarlagi, segir Ester. brjann@frettabladid.is



**FJÖLGAR** Halda ætti utan um hversu mikið æti veiðimenn setja út til að lokka til sín refi segir Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ➜ Pólfari með þykkasta feld allra dýra



- **Refastofninn á Íslandi er talinn vera á bilinu 10 til 13 þúsund dýr.**
- **Tófan er ein af þrettán refategundum í heiminum og sú tegund sem býr nyrst allra.**
- **Aðeins 200 dýr af sömu tegund og íslenska tófan eru eftir í Skandinavíu. Álíka margir vísindamenn vinna að rannsóknum á stofninum.**
- **Ekkert spendýr hefur fundist nær Norðurpólnum en tófan, ekki einu sinni ísbjörn.**
- **Tófan er vel aðlöguð kulda og er með þéttastan feld allra dýra að vetrarlagi.**
- **Tófan getur þolað allt að 70 gráða frost, þrátt fyrir að hún safni ekki miklu fitulagi.**




Nýr flokkur hægri manna ætlar ekki að bjóða fram í kosningum í vor:

# Tíminn orðinn of knappur

**STJÓRNMÁL** Nýr flokkur hægri manna sem er í deiglunni ætlar ekki að bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga. Benedikt Jóhannsson, talsmaður hópsins, segir að þessi ákvörðun hafi verið tekin á fundi í gær.

Hann segir ástæðurnar þær að kveikjan að stofnun flokksins séu Evrópumál, vestræn samvinna og frelsi í viðskiptum. Þessar hugmyndir lúti fremur að landsmálum en sveitarstjórnarmálum.

Í öðru lagi sé tíminn til að bjóða fram orðinn knappur.

Í þriðja lagi segir Benedikt að margir þeirra sem gætu átt samleið með nýjum flokki hægri manna séu þegar komnir í framboð fyrir aðra flokka eða framboð.

Hægri menn ætla að halda tvo undirbúningsfundi í vor.

Í kjölfarið á að stofna nefnd sem á að hafa veg og vanda af því að stofna flokkinn.

„Okkur liggur ekkert á, það verða væntanlega ekki þingkosningar fyrr en eftir þrjú ár. Menn vilja gefa sér góðan tíma og vanda til verka,“ segir Benedikt. - jme



**BENEDIKT JÓHANNSSON** Hægrimenn ætla að halda tvo undirbúningsfundi í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

1. MAÍ 2014

# SAMFÉLAG FYRIR ALLA

Verkalýðshreyfingin hefur alla tíð barist fyrir samfélagi jafnréttis og jafnra tækifæra meðfram kjarabaráttunni. Misskipting fer nú vaxandi í þjóðfélaginu á mörgum sviðum. Kostnaður vegna lyfja og læknisþjónustu er kominn langt yfir öll þolmörk. Sífellt fleiri fjölskyldur eru á hrakhólum vegna mikils húsnæðiskostnaðar og hópur fólks hefur ekki lengur efni á að aðstoða börn sín við að ljúka viðurkenndu framhaldsnámi eftir að skyldunámi lýkur.

Þessa þróun verður að stöðva og verkalýðshreyfingin þarf að beita afli sínu til þess. Við krefjumst þess að hér verði byggt upp réttlátt þjóðfélag. Samfélag þar sem allir fá að njóta sín, óháð efnahag. Við viljum samfélag fyrir alla.

**ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til samstöðu í aðgerðum stéttarfélaganna 1. maí.**

Alþýðusamband Íslands

## SVONA ERUM VIÐ



**88,4 prósent Íslendinga ferðuðust eitthvað innanlands á síðasta ári.**

62,1 prósent ferðuðust til útlanda á síðasta ári, svipaður fjöldi og árið áður. *Heimild: Ferðamálastofa*

Framsýn segir Vísi hf. ætla að svíkjast um greiðslu uppsagnarfrests til starfsfólks:

# Vísir hf. vísar ásökunum á bug

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Framkvæmdastjóra Vísis hf. og formanni Framsýnar, stéttarfélags á Húsavík, ber ekki saman um það hvernig málum starfsmanna Vísis hf. á Húsavík verður háttað við lokun starfsstöðvar útgerðarinnar. Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar, segir að forsvarsmenn Vísis hf. hafi lagt það til að starfsmenn skráðu sig atvinnulausa strax við vinnslustöðvun fyrirtækisins nú um mánaðamótin. „Við munum ekki líða það að fyrirtækið ætli að láta ríkissjóð greiða uppsagnarfrest starfsmanna,“ segir Aðalsteinn. „Það er ömurlegt að árið 2014 skuli vera framkvæmdir svona hreppaflutningar af kvótagreifum.“



**AÐALSTEINN BALDURSSON**



**PÉTUR HAFSTEINN PÁLSSON**

Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf., vísar þessu alfarið á bug. „Það hefur engum verið sagt upp. Málið snýr að því þegar hráefnaskorti lýkur hvort menn koma til Grindavíkur eða Húsavíkur.“ Þeir sem kjósi að hætta að starfa hjá Vísi hf. geti skráð sig á atvinnuleysisbætur þegar árlegu tímabili hráefnisskorts lýkur í september. **- ssb**

Ályktun skilað í október:

# Nefnd fyrir hinsegin fólk

**STJÓRNMÁL** Nefnd varðandi hagsmuni hinsegin fólks hefur verið skipuð.

Hún á að vinna áætlun um samþættar aðgerðir til að bæta stöðu hinsegin fólks á Íslandi. Áætlunina á Eygló Harðardóttir velferðarráðherra að fá í hendurnar í október. Formaður nefndarinnar er Aðalbjörn Jónsson, en meðal annarra sitja í henni Anna Pála Sverrisdóttir, fyrrverandi formaður Samtakanna ’78, og Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata. **- kóh**



**EYÐILEGGING** Bandarískur hermaður setti upp fána á rústum húss í bænum Vilonia í Arkansas. NORDICPHOTOS/AFP

Óveður í Bandaríkjunum:

# Fárviðri og flóð kosta tugi lífið

**BANDARÍKIN, AP** Mikið óveður hefur geisað í suður- og miðvesturríkjum Bandaríkjanna síðustu dagana. Skýstrókar hafa kostað tugi manna lífið í Arkansas og Mississippi.

Í gær bættust svo ofan á þetta flóð á Flórídaskaga og við strendur Alabama. Víða flæddi yfir vegi svo fólk sat fast á heimilum sínum eða í bifreiðum og beið þess að björgunarmenn kæmust til þess.

Að minnsta kosti ein kona hefur látið lífið í þessum flóðum. Bifreið hennar lenti ofan í djúpu flóðavatni. **- gb**

Samtök foreldra kvíðin:

# Bitnar bara á nemendum

**KJARADEILUR** Í yfirlýsingu landssamtaka foreldra, Heimilis og skóla, segir að samtökin séu uggandi yfir gangi kjaraviðræðna grunnskólakennara og sveitarfélaga.

Í yfirlýsingunni segir að kæmi til verkfalls myndi það bitna á nemendum og gera foreldrum þeirra erfitt fyrir þá daga sem það stæði. Þá er minnst á það ástand sem ríkti á heimilum fatlaðra framhaldsskólanema og nema með sérþarfir meðan á verkfalli framhaldsskólakennara stóð. **- kóh**

# Sammála um svigrúm til skuldaleiðréttinga

Þingflokksformaður Samfylkingarinnar lýsti eftir þeim 300 milljörðum sem framsóknarmenn lofuðu í kosningabaráttunni. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson taldi það mikil pólitísk tíðindi að samfylkingarþingmaður hafi viðurkennt að svigrúm til skuldaleiðréttingar með samningum við föllnu bankana sé til í raun og veru.



**PÓLITÍSK TÍÐINDI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra benti á að um 30 milljarðar á ári kæmu í ríkissjóð í gegnum sérstaka skattlagningu sem hafi ekki verið sett í tíð síðustu ríkisstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ALÞINGI** Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, tókust á um þrotabú gömlu bankanna og skuldaleiðréttingu, undir liðnum óundirbúnar fyrirspurnir á Alþingi í gær.

Þar spurði Helgi um þá 300 milljarða sem Framsóknarflokkurinn lofaði í kosningabaráttunni í fyrra. Þar átti að skapast svigrúm í samningum við þrotabú föllnu bankanna til skuldaleiðréttingar til handa eigendum íbúðarhúsnæðis á Íslandi.

Einnig spurði Helgi hvort það væri raunsætt að þessir 300 milljarðar fengjust út úr þessum samningaviðræðum. Taldi hann þörfina vera líklega meiri en 300 milljarðar þegar allt kæmi til alls, til að leysa landið undan þeim höftum sem Íslendingar búa við í dag.

Sigmundur Davíð vildi ekki meina það að Framsóknarflokkurinn hafi lofað þessum 300 milljörðum. Vildi Sigmundur meina að Samfylkingin hafi reynt að stimpla inn að framsóknarmenn hafi á þessum tíma lofað þessu fjármagni í skuldaleiðréttingu sem væri ekki rétt.

Sigmundur Davíð tók fram að markmiðið í sjálfu sér væri ekki þeir 300 milljarðar sem fyrirspurnin fjallaði um. Markmiðið væri að aflétta höftum, að svigrúmið væri það mikið að það gæti leitt til þess að aflétting hafta sé möguleg.

Benti Sigmundur Davíð á í því samhengi að um 30 milljarðar á ári kæmu í ríkissjóð í gegnum



**HELGI HJÖRVAR**

sérstaka skattlagningu sem ekki hafi verið sett í tíð síðustu ríkisstjórnar. Taldi hann síðustu ríkisstjórn ekki hafa haft áhuga á þeirri skattlagningu á sínum tíma.

Helgi Hjörvar var ánægður að heyra að þeir væru allavega sammála því að 300 milljarða væri líklega vanmat ef svigrúmið ætti að vera nægilegt til að hér væri hægt að aflétta gjaldeyrishöftum.

Taldi Helgi mikilvægt, til að svigrúmið gæti orðið stærra, að pólitísk umræða gæti skapast um sölu bankanna. „Sporin hræða hins vegar þegar kemur að því að selja banka og Framsókn og Sjálfstæðisflokkur eru í ríkisstjórn,“ sagði Helgi.

Sigmundur Davíð sagði þarna vera pólitísk tíðindi á ferð. „Það eru kannski helstu tíðindin í þessum fyrirspurnatíma, að þingflokksformaður Samfylkingarinnar er búinn að viðurkenna að svigrúmið margumtalaða, sem við framsóknarmenn töluðum mikið um í aðdraganda síðustu kosninga, verði að vera til. […] Hann segir að 300 milljarðar séu ekki nóg, það þurfi að vera meira, þetta eru gleðitíðindi að þingflokksformaður Samfylkingarinnar telji þurfa að vera til hundraða milljarða svigrúm við uppgjör á slitabúum bankanna,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. **sveinn@frettabladid.is**

> **Sporin hræða hins vegar þegar kemur að því að selja banka og Framsókn og Sjálfstæðisflokkur eru í ríkisstjórn.**
>
> *Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar.*




Ideal STANDARD

Sturtusett

Verð frá kr. 66.900

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Gæði fara aldrei úr tísku

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Friedrichshafen | 17° | New York | 22° |
| Aþena | 22° | Gautaborg | 12° | Orlando | 31° |
| Basel | 22° | Kaupmannahöfn | 12° | Ósló | 12° |
| Berlín | 19° | Las Palmas | 23° | París | 16° |
| Billund | 10° | London | 15° | San Francisco | 22° |
| Frankfurt | XX° | Mallorca | 23° | Stokkhólmur | 7° |



**Á MORGUN**
Strekkingur allra syðst en annars fremur hægur vindur.

**LAUGARDAGUR**
Vaxandi vindur sunnan- og vestanlands.

**ÁGÆTIR VORDAGAR** eru framundan, bjart víða í dag og á morgun en úrkoma sunnan- og vestanlands á laugardag. Líklega verður væta sunnan til einnig á sunnudag en milt í veðri.



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



HAPPDRÆTTI das
Viltu vinna íbúð?
HAPPDRÆTTI das
Nýtt happdrættisár framundan og heill milljarður króna í skattfrjálsum vinningum
➤ Þrisvar á happdrættisárinu verður dregið um stóra vinninginn:
- 3 íbúðir að verðmæti 30 milljónir krónur hver á tvöfaldan miða
- 15 milljónir á einfaldan miða
Drögum út 47 þúsund vinninga á árinu.
Heildarverðmæti vinninga á mánuði allt að 107 milljónir!
Miðaverð 1.300 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 2.600 fyrir tvöfaldan miða.
Kauptu miða á www.das.is eða í síma 561 7757.
HAPPDRÆTTI DAS 60 ÁRA
Í tilefni af 60 ára afmæli DAS drögum við út þrjár glæsilegar íbúðir að Dalsási í Hafnarfirði. Fylgist með DAS á Facebook og á DAS.is
BYGGINGARVERKTAKI
VHE ehf.
Taktu þátt í Facebook-leiknum. Vegleg verðlaun í boði.
DREGIÐ Í HVERRI VIKU!

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver skipar fyrsta sæti á lista Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík?
**2.** Hvað heitir sænska liðið sem Ragnar Nathanaelsson hefur samið við?
**3.** Í hvernig búningum verður hljómsveitin Pollapönk í Eurovision-keppninni?

**SVÖR:**
**1.** Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir.
**2.** Sundsvall Dragons.
**3.** Matrósafötum.

Hvítasti kálfur landsins boðinn upp á sunnlenska sveitadeginum á Selfossi:

# Gauti flytur í Húsdýragarðinn

**LANDBÚNAÐUR** Kálfurinn Hvíti Gauti verður seldur hæstbjóðanda á uppboði á sunnlenska sveitadeginum sem verður haldinn á Selfossi um helgina.

Að ósk Guðbjargar Jónsdóttur, bónda á Læk, og barna hennar, en þau eru eigendur kálfsins, verður ágóðinn af uppboðinu notaður til fegrunar og umbóta á aðstöðu fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra á nýstofnaðri göngudeild á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, sem verður meðal annars fyrir krabbameinssjúklinga. Nafn kálfsins er til heiðurs eiginmanni Guðbjargar, Gauta Gunnarssyni bónda á Læk, sem lést fyrir stuttu úr krabbameini, aðeins 43 ára gamall.

Það er von Guðbjargar að vel verði tekið í uppboðið og myndarlegur sjóður muni líta dagsins ljós.

Kálfurinn Hvíti Gauti mun að uppboði loknu fara í Húsdýragarðinn og dvelja þar um ókomna tíð. **- mhh, jme**



**GÍSLI GAUTASON Á LÆK** Heldur á Hvíta Gauta, sem er reyndar kvíga. FRÉTTABLAÐIÐ/MHH

Litrík 1. maí ganga ÖBÍ:

# Ganga gegn fordómum

**SAMFÉLAGSMÁL** Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) mun setja baráttuna um fordómalaust samfélag á oddinn í 1. maí göngunni í dag.

Gönguhópur ÖBÍ verður samkvæmt tilkynningu bandalagsins litríkur þar sem göngufólki verður gefið buff með áletrununum „Burt með fordóma“ og „Betra samfélag“ og marglitum táknmyndum.

„Myndirnar vísa til fjölbreytileika samfélagsins,“ segir í tilkynningunni. **- hg**



**HÝRI HAFNARFJÖRÐUR** Áhersla er á þéttingu byggðar í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt aðalskipulag samþykkt:

# Húsverndun hluti skipulags

**SVEITARSTJÓRNIR** Nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar var samþykkt samhljóða á fundi bæjarstjórnar í gær. Sigríður Björk Jónsdóttir, formaður skipulags- og byggingaráðs, segir helstu áhersluþætti í skipulaginu vera umhverfismál, samgöngur og húsverndun.

Í aðalskipulaginu eru áherslur á að þétta byggð og hægja á þenslu á ósnortin hraunasvæði í jaðri hennar meira en áður. Þá er gefinn kostur á að byggja íbúðir í hluta eins af eldri iðnaðarsvæðunum. Að auki er kveðið á um verndun yfirbragðs heillegra húsaraða og hverfa sem bera stílbrigði ákveðinna tímabila í byggingarsögu bæjarins. **- fbj**

Bandaríkjamenn eyða mest:

# Eyðslu deilt niður á þjóðerni

**VIÐSKIPTI** Bandaríkjamenn voru þeir sem greiddu mest með greiðslukortum sínum hér á landi í fyrra eða tæpa 14 milljarða króna, sem svarar til um 120 þúsund króna að meðaltali á hvern Bandaríkjamann. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar.

Bretar eru í næsta sæti með um 11 milljarða og þar á eftir Norðmenn með tæpa 9 milljarða. **- fbj**

# Bæjarstjóri gagnrýnir óvissu um niðurrif háspennulína

Landsnet hefur skapað óvissu um niðurrif háspennulína við Vallahverfið í Hafnarfirði, segir bæjarstjórinn. Fyrirtækið stefnir að niðurrifi fyrir 2020 en það veltur á uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Suðurnesjum.

**ORKUMÁL** „Landsnet hefur með umsögninni að nýju skapað óvissu um hvenær háspennulínurnar verða teknar niður,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, um umsögn Landsnets um tillögu að nýju aðalskipulagi bæjarins.

Í umsögninni ítrekar fyrirtækið að háspennulínur sem liggja að Hamranesi við Vallahverfið í Hafnarfirði verði ekki fjarlægðar nema að fyrirvarar um aukna orkuflutninga um svæðið verði uppfylltir. Fyrirvarana má finna í samkomulagi Landsnets og bæjaryfirvalda frá 2009.

„Þetta er mjög undarleg yfirlýsing því við gerðum viðauka við samkomulagið árið 2012 sem við töldum tryggja færslu allra þessara háspennulína. Samkvæmt viðaukanum átti að byrja niðurrif vorið 2016 og línurnar áttu að vera farnar 2020,“ segir Guðrún. Hún segir að bæjaryfirvöld muni óska eftir fundi með fyrirtækinu vegna málsins.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, segir enn stefnt að niðurrifi fyrir lok árs 2020.

„Samkomulagið frá 2009 er óbreytt og í fullu gildi. Við erum bara að benda á þessa fyrirvara um að ef það verða meiriháttar forsendubreytingar, á þann veg að það þurfi ekki að flytja jafn mikla orku um svæðið og fara í framkvæmdir við fyrirhugaða Suðvesturlínu, þá megi endurskoða þessar framkvæmdir,“ segir Guðmundur.

Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, segir málið í hnút og að bæjaryfirvöld og Landsnet hafi túlkað viðauka samningsins á ólíkan hátt.

„Það er ljóst samkvæmt þessum athugasemdum Landsnets að viðaukinn sem gerður var við upprunalega samninginn hefur alls ekki styrkt stöðu bæjarins. Upprunalegi samningurinn var með þeim fyrirvara að forsenda niðurrifs væri að uppbygging orkufreks iðnaðar á Suðurnesjum yrði að veruleika. Landsnet er nú að ítreka þá fyrirvara,“ segir Rósa.

Landsnet segir einnig í umsögninni að Hafnarfjarðarbær þurfi að bera kostnað sem fylgir því að leggja í jörðu háspennulínur sem fara í gegnum land bæjarins að tengivirki fyrirtækisins í Hamranesi. Kostnaður við framkvæmdirnar hlypi á hundruðum milljóna króna.

„Það breytir því ekki að Landsnet ber ábyrgð á að byggja upp raflínur fyrir íbúa þessa lands. Sveitarfélagið vill þessa strengi í jörðu og við vekjum athygli á því að það er sveitarfélagið sem gefur framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum og Landsnet er á sama tíma að reyna að koma hér upp raflínum til Suðurnesja í gegnum sveitarfélagið,“ segir Guðrún.

haraldur@frettabladid.is



**Á VÖLLUNUM** Háspennulínur Landsnets gnæfa yfir Vallahverfið í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Háspennulínurnar trufla Vallabúa

Pétur Pétursson, íbúi í Vallahverfinu, gagnrýndi samning Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets, sem gefur fyrirtækinu frest til 2016 til að hefja niðurrifið, á íbúafundi í bænum í júní á síðasta ári.

„Ég benti á að línurnar skerða lífsgæði íbúa og þá erum við ekki að tala eingöngu um sjónmengun. Það er stanslaus niður frá tengivirkinu og þegar það er raki eða rigning magnast suð frá línunum,“ segir Pétur.

„Það eru fleiri byrjaðir að setja sig inn í málið og ég heyrði um daginn að það ætti að ganga undirskriftalisti um hverfið þar sem þessum línum yrði mótmælt.“







Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800, Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020, Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

BERNHARD

Ónæmi ógnar heilsufari:

## Sýklalyf gætu orðið gagnslaus

**HEILBRIGÐISMÁL** Ónæmi gegn sýklalyfjum er að verða alvarleg ógn við heilsufar fólks um heim allan. Þetta fullyrðir Alþjóðaheilbrigðisstofnunin í nýrri skýrslu.

Í henni er sagt frá því að búast megi við því að sýklalyf verði gagnslaus, þannig að fólk taki að láta lífið af völdum einfaldra sýkinga sem auðvelt hefur verið að lækna með sýklalyfjum síðustu áratugina. Grípa þarf til afgerandi aðgerða til að vinna á móti þessu. - gb

Grásleppuveiðar fara illa af stað á þessu ári, færri veiða og verð er mjög lágt en ástandið gæti skánað:

## Lítið framboð gæti leitt til hærra verðs

**SJÁVARÚTVEGUR** „Grásleppuvertíðin hefur, það sem af er, gengið illa. Veiðin hefur verið mun minni en í fyrra og þátttaka hefur einnig verið minni,“ segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.

Hann segir þennan minni áhuga aðallega skýrast af því að verðið fyrir hrognin sem sé í boði sé mjög lágt. „Þá telja menn að það svari ekki kostnaði að fara af stað í veiðarnar.“ Örn ímyndar sér þó að verðið muni hækka þegar ljóst verður að framboð á hrognum verður mun minna í ár en það var í fyrra. Veiðar Grænlendinga, sem eru sú þjóð sem veiðir á móti okkur og veiddi mest í fyrra, fara einnig mjög illa af stað.

„Eins og staðan er í dag lítur út fyrir að það verði mun minna framboð á grásleppuhrognum á þessu ári, en hefur verið undanfarin ár. Ég ætla að vona að það verði til þess að verðið hækki og að karlarnir geti haft eitthvað upp úr þessu,“ segir hann.

Veiðin hefur þó verið nokkuð góð það sem af er á Ströndum og hafa grásleppuveiðimenn sem róa frá Drangsnesi og Hólmavík veitt vel.

Á heimasíðu Fiskistofu má sjá að veiðileyfi 162 báta hafa nú verið virkjuð. Í fyrra voru gefin út 284 leyfi en á vertíðinni 2012 voru þau 339 talsins. - skó



**ÖRN PÁLSSON** framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.

Forritarar framtíðar fá styrk:

## Tvær milljónir reiddar fram

**SKÓLAMÁL** Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ákveðið að leggja sjóðnum Forriturum framtíðarinnar lið með tveggja milljóna króna styrk.

„Þetta er ákveðin viðurkenning á okkar starfi og erum við mjög stolt af því að ráðuneytið líti til okkar sem afls sem raunverulega getur breytt og haft áhrif á hlutina,“ er í tilkynningu haft eftir Guðmundi Tómasi Axelssyni, markaðsstjóra RB og stjórnarmanni í Forriturum framtíðarinnar.



**GUÐMUNDUR T. AXELSSON**

Skólar og sveitarfélög geta sótt um styrki úr sjóðnum til að efla tæknikennslu og notkun tækni í skólastarfi. - óká

**BANDARÍKIN**

### Íslendingur valdur að slysi

26 ára Íslendingur búsettur í Boca Raton í Flórída var handtekinn í byrjun vikunnar eftir að hafa ekið utan í mótorhjól sem tvímennt var á. Ökumaður og farþegi féllu við og slösuðust nokkuð, að því er fram kemur á fréttavef CBS12 í Flórída. Íslendingurinn, sem ók gráum Hyundai Elantra-bíl, flúði af vettvangi en var handtekinn síðar af lögreglu. Manninum var sleppt úr fangelsi á þriðjudag gegn 3.000 dollara tryggingu.

# Veiðimaður segir þjóðgarð reka subbulega stjórnsýslu

Veiðimaðurinn sem þjóðgarðurinn á Þingvöllum kærði fyrir urriðadráp segir að tilgangurinn sé að sölsa undir sig veiðiréttindi á Kárastöðum. Hann skorar á hagsmunaaðila við vatnið að spyrna „karlmannlega“ við fótum.

**STJÓRNSÝSLA** „Ég, veiðiþjófurinn, ætla að leggja hérna nokkur orð í belg,“ segir Einar S. Ólafsson stangveiðimaður sem kærður hefur verið af þjóðgarðinum á Þingvöllum fyrir veiðar og dráp á urriða í vatninu.

Setningin að ofan er upphaf greinar Einars sem birtist á Vísi í dag. Einar kveðst þar fljótlega hafa verið viss um að fleira hafi hangið á spýtunni hjá þjóðgarðsverði á Þingvöllum en að kæra veiðimann með nokkra urriða.

„Enda kom í ljós að í kæru lögfræðings Þingvallanefndar, þar sem ég er kærður fyrir „meintar ólöglegar veiðar“, er setning sem er forsenda kærunnar og afhjúpar raunverulegan tilgang hennar, að ég tel. Setningin er eitthvað á þessa leið að lögmaður Þingvallanefndar efast um lögmæti veiðileyfasölu Kárastaða í Þingvallasveit. Á íslensku: Þingvallanefnd ásælist veiðirétt ábúenda á Kárastöðum,“ skrifar Einar.

Til að skýra málið segir Einar að samkvæmt laxveiðilögum séu laxveiðar í sjó bannaðar nema á lögbýlum sem hafa hlunnindi af slíkum veiðum og skapast hafi hefð fyrir. Því sé hefð fyrir hlunnindaveiðum sterkari en lögin. Því verði erfitt að finna dómara sem dæmir veiðirétt í Þingvallavatni af Kárastöðum. Sú jörð er í eigu ríkisins og hefur öll verið innan þjóðgarðsins frá árinu 2004 en er leigð til ábúanda.

„Hér er, með óttalega subbulegri stjórnsýslu, verið að reyna að stækka áhrifasvæði sitt. Þjóðgarðsvörður hefur látið út úr sér setningar sem allar bera þess keim að til standi að víkka út tjaldhælana, eins og: Ætli það sé ekki best að kaupa upp netaveiðirétt bænda í vatninu, og: Ef að það reynist rétt að verið sé að drepa urriða veiddan í net og á stöng í stórum stíl í vatninu, verður að bregðast við því. Í báðum ofangreindum setningum talar hann eins og sá sem valdið hefur,“ segir Einar og brýnir fyrir jarðeigendum við vatnið að standa saman.

„Land þjóðgarðsins, það land sem þjóðgarðurinn raunverulega á, er einungis lítill hluti af því landsvæði sem að vatninu liggur og er það einlæg ráðlegging mín til allra sem eiga hagsmuna að gæta, að spyrna við því karlmannlega fótum að áhrif þjóðgarðsmanna verði meiri við vatnið en sem nemur því hlutfalli,“ segir Einar í grein sinni sem lesa má á Vísi.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Sigrún Magnúsdóttir, formaður Þingvallanefndar, hafa ekki svarað fyrirspurnum Fréttablaðsins varðandi þetta mál.

gar@frettabladid.is



**Á ÞINGVÖLLUM** Kyrrðin í friðlandinu á Þingvöllum hefur verið rofin með deilum um veiðirétt og veiðireglur við vatnið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




## Við opnum í dag

**Ný og framsækin lögmannsstofa hefur starfsemi sína að Engjateigi 5 í Reykjavík.**

Lögmenn stofunnar hafa víðtæka reynslu af málflutningi og lögfræðilegri ráðgjöf.

Boðið er upp á nýjungar í lögmannsþjónustu á Íslandi, meðal annars fyrsta viðtal án endurgjalds og skjalagerð á föstu verði.

**Nánar á dika.is**

DIKA LÖGMENN




**BROTIST INN Í LÖGREGLUSTÖÐ** Uppreisnarmenn í borginni Luhansk náðu lögreglustöðinni þar á sitt vald á þriðjudag. NORDICPHOTOS/AFP

Úkraínustjórn segist ráðalaus gagnvart ólgu:

## Her og lögregla ráða ekkert við ástandið

**ÚKRAÍNA, AP** Úkraínustjórn viðurkennir að her og lögreglulið landsins geti lítið sem ekkert ráðið við ástandið í austurhluta þess.

„Ég skal tala hreint út: Sem stendur eru öryggissveitir ófærar um að ná með skjótum hætti tökum á ástandinu í Donetsk og Luhansk,“ sagði Oleksandr Túrtsjínov, sem til bráðabirgða gegnir forsetaembætti Úkraínu.

„Öryggissveitirnar eru ófærar um að sinna þeirri skyldu sinni að vernda borgara landsins. Þær standa ráðþrota gagnvart þessu. Auk þess hafa sumar þessara sveita ýmist veitt hryðjuverkasamtökunum aðstoð eða verið í samstarfi við þær.“

Aðskilnaðarsinnar í austanverðri Úkraínu hafa náð stjórnsýslubyggingum í flestum stærri borgum á sitt vald. Úkraínustjórn og leiðtogar á Vesturlöndum hafa sakað Rússa um að hafa kynt undir ólgunni og jafnvel aðstoðað uppreisnarmennina.

Rússar neita þessu og segja stjórnina í Kænugarði bera alla ábyrgð á ástandinu. - gb


„Lækkum skuldir og skatta“
Á hverri einustu klukkustund á þessu kjörtímabili hafa skuldir borgarsjóðs aukist um 625 þúsund krónur. Á kjörtímabilinu hefur 5 manna fjölskylda borgað 403 þúsund krónum meira til borgarinnar en á kjörtímabilinu á undan.
Í hvað hafa þessir peningar farið?
Þjónustan hefur minnkað, margir skólar og skólalóðir eru í niðurníðslu, velferðarkerfið er að springa, byggingar leka og borgin er illa hirt. Reykjavík er eitt af skuldsettustu sveitarfélögum landsins og hefur borgarsjóður aukið skuldir sínar um 30% á sama tíma og önnur sveitarfélög eru með 3% skuldaaukningu að meðaltali. Reykjavík getur nýtt stærðarhagkvæmni sína betur, borgarbúum til góða, og það gerum við með ábyrgri fjármálastjórn.
AUKUM ÞJÓNUSTU OG LÆKKUM ÚTGJÖLD
• Minnkum álögur á fjölskyldur – lækkum skatta.
• Aukum tekjur borgarinnar.
• Gerum bókhaldið sýnilegt – setjum nóturnar á netið.
• Sinnum viðhaldi á eignum Reykjavíkurborgar.
Við erum með einfaldar lausnir sem virkja má strax.
Halldór Halldórsson, borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík
Opnum kosningamiðstöðvar um helgina í Skeifunni 19, Álfabakka 14a, Stórhöfða 17 og Laugavegi 96. Nánar á xdreykjavik.is
Allir velkomnir!
xDásamlega Reykjavík
Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík

Boko Haram selja feng sinn:

## Þvingaðar í hjónaband

**NÍGERÍA** Tugir ungra kvenna og stúlkna, sem hryðjuverkasamtökin Boko Haram námu á brott úr skóla í Nígeríu nýverið, hafa verið þvingaðar í hjónaband með mannræningjunum og félögum þeirra.

Mannréttindasamtök í Nígeríu hafa skýrt frá því að stúlkurnar séu seldar fyrir tvö þúsund naírur, en svo nefnist gjaldmiðill Nígeríu. Þetta er jafnvirði tæplega 1.400 króna.

- gb

Umhverfisráðuneytið fellir úr gildi heimild frá heilbrigðisnefnd til dreifingar á fiskáburði á Miðhrauni:

# Fiskislóg sagt hráefni en ekki úrgangur

**UMHVERFISMÁL** Félagsbúið á Miðhrauni á Snæfellsnesi hefur misst leyfi til að bera áburð úr fiski á tún sín. Umhverfisráðuneytið segir um að ræða aukaafurð úr dýri en ekki úrgang og því hafi ekki verið á sviði Heilbrigðisnefndar Vesturlands að leyfa vinnsluna.

Fjöldi nágranna Félagsbúsins kærði dreifingu áburðarins. Meðal þeirra er Ólafur Ólafsson í Samskipum, sem á fjórar nálægar jarðir og vill fá lögbann á lagningu íbúanna á Miðhrauni 2 á hitaveitu meðfram þjóðveginum um land hans.

Á Miðhrauni er rekin fiskþurrkun og því sem af gengur er breytt í lífrænan áburð, að sögn Bryndísar Huldu Guðmundsdóttur. „Umhverfisstofnun er sammála okkur um að þetta sé rétta leiðin en þetta snýst í raun um hvaða embætti á að gefa okkur þetta leyfi,“ segir hún.

Ástþór Jóhannsson, ábúandi á Dal, kveðst ekkert hafa á móti fiskverkuninni annað en „undarlega staðsetningu“ langt inni í landi. „Og fyrir utan ólykt og aukaverkanir vegna úrgangsins sem frá þeim fellur og hefur skolast út í vatnslindirnar neðan við verkunina á ýmsum tímum, og umhverfisráðuneytið hefur nú lýst óhæfu, þá er ekið með hráefni langt að til vinnslunnar og það getur varla talist vistvænt, eins og rekstraraðilarnir hafa haldið fram.“

- gar



**FISKUR Á TÚNI** Áburður úr fiskafgöngum er plægður ofan í túnið á Miðhrauni 2. MYND/AÐSEND


1. MAÍ

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ FÉLAGA OKKAR Í KRÖFUGÖNGUM Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI Í DAG, Á DEGI VERKALÝÐSINS.

Eftir kröfugöngur er félagsmönnum Byggiðnar boðið í kaffi:

REYKJAVÍK
Grand hóteli Reykjavík, Gullteig, Sigtúni 38

AKUREYRI
Hofi, Strandgötu 12

Fjölmennum!

VERT

Málsvari byggingamanna

BYGGIÐN
Félag byggingamanna




**Á KJÖRSTAÐ Í BASRA** Kona heldur á barni sínu og atkvæðaseðli, þar sem hún býr sig undir að kjósa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Írakar létu hótanir ekki hindra sig

Hermenn og lögregluþjónar voru á hverju strái í Bagdad og öðrum borgum Íraks þegar landsmenn kusu sér nýtt þing. Þetta voru þriðju þingkosningarnar frá því Saddam var steypt af stóli. Stjórn Núri al Malíkis forsætisráðherra er spáð sigri.

**ÍRAK** Mestar líkur þykja á að Dawa, flokkur Núrí al Malíkis forsætisráðherra, fari með sigur af hólmi í þingkosningum í Írak, sem haldnar voru í gær.

Gríðarlegur fjöldi lögregluþjóna og hermanna var sendur út á götur og torg í landinu til að gæta öryggis við kosningarnar. Í höfuðborginni Bagdad voru eftirlitsstöðvar með um það bil fimm hundruð metra millibili og vopnaðar öryggissveitir óku um borgina, sem að öðru leyti var að mestu laus við umferð bifreiða.

Ofbeldi hefur verið mikið í aðdraganda kosninganna, sprengjuárásir tíðar og hótunum um frekari árásir ætlað að fæla fólk frá því að mæta á kjörstað. Ástandið hefur ekki verið verra síðan 2008. Undanfarna viku hafa á annað hundrað manns látið lífið í árásum af ýmsu tagi.

Þrátt fyrir öryggisráðstafanir tókst andófsmönnum að gera árásir á nokkrum stöðvum í landinu, með þeim afleiðingum að í það minnsta fimm manns létu lífið.

Þetta eru þriðju þingkosningarnar þar frá því Saddam Hussein var steypt af stóli árið 2003.

Al Malíki hefur verið forsætisráðherra í átta ár. Hann þykir engan veginn líflegur stjórnmálamaður, en þeim mun harðari gegn andstæðingum sínum.

Hann er sjíamúslími, en þeir eru í meirihluta í landinu og fastlega er reiknað með því að flokkur al Malíkis beri sigur úr býtum í kosningunum.

Súnnímúslímar hafa verið ósáttir við al Malíki og segja hann draga taum sjía á kostnað súnnía.

Ofbeldið undanfarið hefur að mestu verið á ábyrgð súnnískra skæruliðasamtaka, sem nefnast Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær. Liðsmenn þeirra hafa einnig barist í Sýrlandi gegn Bashar al Assad forseta, og hafa notað reynslu sína af átökunum þar óspart til að herja á sjíamúslíma í Írak.

Í kosningunum árið 2010 lagði al Malíki mikla áherslu á að ná breiðri sátt í landinu á milli sjía, súnnía og kúrda. Illa gekk þó að koma saman samsteypustjórn og al Malíki virðist hafa misst áhugann á sáttum. Að minnsta kosti varð hann æ harðari gagnvart andstæðingum sínum og stendur nú í stórræðum gegn uppreisnaröflunum, sem eflast með hverjum mánuðinum.

gudsteinn@frettabladid.is

➜ Undanfarna viku hafa á annað hundrað manns látið lífið í árásum af ýmsu tagi.


1. MAÍ KAFFI

Að lokinni kröfugöngu og útifundi á Ingólfstorgi býður FIT félagsmönnum sínum í 1.maí kaffi að Grand hóteli (Gullteig) við Sigtún.

Félagar fjölmennum í hátíðarhöld dagsins!

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA


Ný lyfjablanda reyndist illa þegar hún var notuð við aftöku í Oklahoma:

# Dauðastríð fangans varð erfitt

**BANDARÍKIN, AP** „Það var hræðilegt að horfa upp á þetta. Þetta var algjört klúður,“ sagði David Autry, lögmaður fanga sem tekinn var af lífi í Oklahoma í fyrrinótt.

Fanginn, sem hét Clayton Lockett, varð að sögn lækna meðvitundarlaus tíu mínútum eftir að banvænni lyfjablöndu var sprautað í hann. Þremur mínútum síðar tók hann samt að anda þungt, engjast um á aftökubekknum og gnísta tönnum.

Tjöld voru á endanum dregin fyrir svo áhorfendur þyrftu ekki að horfa upp á þetta erfiða dauðastríð. Stuttu síðar lést fanginn af völdum hjartaáfalls.

Yfirvöld í Oklahoma ákváðu í kjölfarið að fresta um hálfan mánuð aftöku annars fanga, sem taka átti af lífi tveimur stundum síðar. Lockett var fyrsti fanginn í Oklahoma sem átti að lífláta með nýrri lyfjablöndu. Bandarísk stjórnvöld hafa um nokkurt skeið átt erfitt með að útvega þau lyf sem áður hafa verið notuð í þessum tilgangi.

- gb



**ANNAR LIFIR, HINN DÓ** Þeir Clayton Lockett og Charles Warner hlutu báðir dauðadóm fyrir morð og nauðgun. NORDICPHOTOS/AFP



Grasáburður
5kg
1.190kr
~~1.590 kr~~

# Mosaeyðing

Svona gerum við gegn mosa í grasflöt.

Notum mosaeyði eða:

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum kalkáburð á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.



Lára Jónsdóttir
Garðyrkjufræðingur

# ER MOSI Í GRASINU?

## OPIÐ Í DAG Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI
## SKÚTUVOGI, GRAFARHOLTI OG HAFNARFIRÐI



Garðhanskar
399 kr
~~429 kr~~

Grasfræ 1 kg
1.490 kr
~~1.890 kr~~

Gróðurmold
10 ltr
399 kr
~~629 kr~~

Kalkkorn
839 kr
5 kg

Mosaeyðir
3.990 kr
~~5.290 kr~~

Ávaxtatré
4.990 kr
Epla, peru, plómu, kirsuberja



Slönguhjól
2.599 kr
tekur 45 m af 13 mm slöngu
5085014

Hekkklippur
5.995 kr
Ikra 520W

**Hekkklippur rafmagn 520W**
50 cm blað, klippir 16 mm
Þyngd 3.3 kg
5083756

Broil King
Great Barbecues Every Time



Garðstóll
15.900 kr
Formentor

**Garðstóll Formentor**
Með stillanlegum örmum
ál/weathertex
3899134

Gasgrill
105.900 kr
Broil King

**Gasgrill Broil King Signet 20**
3 brennarar, rafkveikja.
Grillgrind úr pottjárni
11.4 kW
3000602

Aðeins til í Skútuvogi

Rósmarín
stór kryddjurt
999 kr
~~1.579 kr~~

AUTHOR evrópsk gæði



Author Energy
33.900 kr.
20"

Author Trophy
32.900 kr.
26"

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956




# Sjálfstæðisflokkurinn stærstur

Meirihlutinn í borgarstjórn heldur velli samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fylgi Bjartrar framtíðar minnkar. Framsókn og Dögun ná ekki manni inn í borgarstjórn. Húsnæðismálin verða í forgrunni ef marka má orð oddvita framboðanna.

Borgarstjórnarmeirihluti Besta flokksins og Samfylkingar heldur velli, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Í síðustu kosningum fengu þessir flokkar, eða fyrirrennarar þeirra, níu fulltrúa af fimmtán. Besti flokkurinn vann þá stórsigur og fékk sex borgarfulltrúa kjörna.

Fylgi Bjartrar framtíðar mælist nú 21,6% og dygði það til að ná inn fjórum mönnum í borgarstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig fylgi, fengi 27% atkvæða og fimm menn í bæjarstjórn. Í humátt á eftir honum kemur Samfylkingin með 26,6% atkvæða og fjóra menn.

Píratar mælast með 10,5% fylgi og einn mann inni. Vinstri græn eru með 8,7% og einn mann inni.

Framsóknarflokkurinn mælist með 5,2% en nær ekki manni inn í borgarstjórn samkvæmt könnuninni. Dögun mælist vart, er með 0,2% fylgi samkvæmt þessu.

Ef þetta verða úrslit kosninga í vor er samstarf Bjartrar framtíðar og Samfylkingar líklegasti kosturinn. Jón Gnarr, fráfarandi borgarstjóri, hefur látið hafa það eftir sér að hann vilji sjá Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingar, sem næsta borgarstjóra. Einnig hafa skoðanakannanir sýnt að meirihluta borgarbúa vilji helst sjá Dag í borgarstjórastólnum eftir kosningar.

### Fjármál borgarinnar

Ársreikningur Reykjavíkurborgar var kynntur á síðasta borgarstjórnarfundi þann 29. apríl. Þar kom fram að skuldir A-hluta borgarsjóðs hafa hækkað og eru skuldir A-hlutans 62,2 milljarðar króna. Þegar á heildina er litið er rekstrarafkoma borgarsjóðs jákvæð á árinu 2013 um 8,8 milljarða. Skiptar skoðanir voru milli meiri- og minnihluta um stöðu fjármála í borginni. Halldór Halldórsson segir að skuldir borgarinnar hafi aukist um 30% á kjörtímabilinu. Dagur B. Eggertsson telur mikinn árangur hafa náðst á kjörtímabilinu og segir að 35 milljarða skuldalækkun á kjörtímabilinu sé met.

### Orkuveita Reykjavíkur

Málefni Orkuveitu Reykjavíkur voru fyrirferðarmikil í upphafi kjörtímabilsins. Nýr forstjóri, Bjarni Bjarnason, byrjaði 1. mars 2011 og á þeim tíma var ráðist í endurskipulagningu á fjármálum fyrirtækisins. Áætlunin, „Planið“, sem sett var á legg á þeim tíma miðaði að því koma böndum á reksturinn. Fjárhagserfiðleikarnir voru á þeim tíma taldir afar miklir og ljóst að taka þyrfti til í rekstrinum. Planið hefur gengið eftir í öllum atriðum og gott betur en það, og getur fyrirtækið staðið við allar sínar skuldbindingar í dag. Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar, telur árangurinn í rekstri Orkuveitunnar sýna að vel sé haldið á spöðunum í fjármálum borgarinnar.

Í dag stendur Orkuveitan vel og hefur greitt niður skuldir samkvæmt áætlun. Sala eigna gengur einnig vel. Því er líklegt að málefni Orkuveitunnar verði dregin upp í komandi kosningabaráttu af hálfu meirihlutans til að sýna þann árangur sem náðst hefur.

### Stóru málin

Halldór Halldórsson, borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins, vill leggja áherslu á skólamál, húsnæðismál og álögur borgarbúa.

„Við viljum setja nemandann í fyrsta sæti og breyta skólakerfinu. Við ætlum að leysa biðlistavandamál barnafjölskyldna eftir plássi á leikskóla með þjónustutryggingu, leggja okkar af mörkum til að lækka kaupverð íbúða og þar með leigu með auknu lóðaframboði og með breytingu á gjaldskrám. Einnig viljum við lækka álögur á borgarbúa.“

Um málefni flugvallar í Vatnsmýri segir Halldór að Sjálfstæðisflokkurinn hafni flutningi flugvallar til Keflavíkur. Flugvöllur í Vatnsmýri verði þar um fyrirsjáanlega framtíð.

### Gjaldfrjálsir leikskólar

Sóley Tómasdóttir, oddviti VG, telur að samskiptin við meirihlutann hafi verið með ágætum. Hún leggur áherslu á að bæta kjör þeirra sem lakast standa fjárhagslega í borginni.

„Samskiptin hafa gengið ágætlega, meirihlutinn hefur gert margt gott en líka hluti sem ég hefði síður viljað að þau hefðu gert. Stóru málin munu snúast um næsta kjörtímabil, að tryggja jöfnuð og sporna gegn fátækt,“ segir Sóley.

„Gjaldfrjálsir leikskólar, skólamáltíðir og frístundaheimili fyrir börn eru forgangsmál. Með þessu tryggjum við jafnt aðgengi barna að menntun og frístundum óháð efnahag foreldra.“

Þorleifur Gunnlaugsson, efsti maður á lista Dögunar, leggur, líkt og Sóley, áherslu á húsnæðismál.

„Húsnæðismál eru efst á baugi að mínu mati, þar leggjum við ákveðnar tillögur fram um félagsbústaði. Boðum uppbyggingu á félagslegu húsnæði.

Byggja þarf upp leigumarkað þar sem félagsbústaðir eru stór aðili á markaði. Einnig leggjum við áherslu á að húsaleigubætur verði hækkaðar um allt að 40 prósent,“ segir Þorleifur.

„Við leggjum áherslu á að leikskólinn verði gjaldfrjáls í skrefum og að við tekjutengjum gjaldskrár þannig að byrðum sé skipt eftir fjárhagslegri stöðu fólks.“

Þorleifur vill halda flugvellinum í Vatnsmýri. „Flugvöllur á að vera áfram í Vatnsmýri, hann er samgöngumiðstöð fyrir allt landið og tenging landsbyggðar við höfuðborgina.“

### Íbúar ósammála borgarstjórn

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir er nýr oddviti Framsóknarflokksins.

„Flugvallarmálið er stórt kosningamál sem og húsnæðisöryggi fyrir íbúa Reykjavíkur. Einnig munum við leggja áherslu á menntamál og fjölskyldumál í komandi kosningabaráttu,“ segir Sveinbjörg.

„Við verðum að geta tryggt búsetuúrræði fyrir alla í Reykjavík, með öflugum leigumarkaði og fjölbreyttu búsetuformi.“

Sveinbjörg telur erfiðleika við að ná saman lista ekki munu hafa áhrif á flokkinn í kosningabaráttunni. „Þetta hefur verið erfið fæðing en ég held að þetta muni ekki hafa áhrif á okkur.“

Halldór Auðar Svansson er kafteinn Pírata. Píratar vilja auka lýðræðið og leyfa íbúum að koma að ákvarðanatöku beint.

„Stóru málin fyrir okkur pírata eru umbætur á stjórnsýslu og aukið lýðræði, það er kall tímans á öllum stjórnsýslustigum og þess vegna setjum við það í forgang.“

„Flugvöllurinn verður ekki í sjálfu sér kosningamál,“ segir Halldór. „Ég held hins vegar að það sé bráðnauðsynlegt að lyfta umræðunni á hærra plan og hafa umræðuna um flugvöllinn opna og með vitrænum hætti. Það er ekki heilbrigt ástand að mínu mati að stór meirihluti borgarbúa sé ósamstíga borgarstjórn í þessu máli. Á því þarf að finna einhvern flöt.“

### Pólitískur stöðugleiki

S. Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar, vill leggja áherslu á hreinskiptin samskipti í borginni, sem snúa að öllum þáttum borgarinnar.

„Stóra málið verður líklega fjármál borgarinnar. Við höfum reynt að ástunda ábyrga fjármálastjórnun bæði í borginni og í Orkuveitu Reykjavíkur. Síðasti ársreikningur sýnir góðan árangur í fjármálastjórn borgarinnar og við erum stolt af þeim árangri. Við viljum einnig tala fyrir bættu borgarumhverfi og bættum samgöngumálum innan borgarinnar. Þau mál eru okkur hugleikin og eru í senn fjárhagslegt og lýðheilsulegt hagsmunamál borgarbúa.“

Einnig telur S. Björn að sá árangur sem unnist hafi sé einkum þeim pólitíska stöðugleika að þakka sem þeir komu á. „Ábyrgðin felst í að sýna fram á stöðugleika í borgarstjórn. Við teljum okkur hafa komið með stöðugleika inn í borgarstjórn.“

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar, telur húsnæðismál og málefni fjölskyldna í borginni verða ofan á í kosningunum í lok maí.

„Fjölgun leiguíbúða og heilbrigðari húsnæðismarkaður verður í brennidepli að mínu mati. Við erum með yfirgripsmikla aðgerðaráætlun um fjölgun leigu- og búseturéttaríbúða um 2.500 til 3.000 á næstu þremur til fimm árum,“ segir Dagur.

„Einnig viljum við að áfram verði friður og stöðugleiki við stjórn borgarinnar. Sá stöðugleiki sem hefur myndast síðustu fjögur ár undir okkar stjórn kemur öllum til góða. Samstarfið hefur gengið mjög vel,“ segir Dagur, sem leggur einnig mikla áherslu á skóla- og velferðarmál.

JógaJógaJóga!



- Hefst 6. maí
- Þri. og fim. kl. 12:00-13:00
- Kennari: Gyða Dís
- Verð kr. 13.900.-

Vekjum upp líkamsvitundina og uppskerum betri líkamsstöðu, aukinn styrk og betra jafnvægi til að takast á við daglegt amstur.

Upplýsingar í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is







# Vorið er mætt í miðborgina

## LANGUR LAUGARDAGUR 3. MAÍ

Það er vor í lofti í miðborginni. Þú finnur réttu útskriftargjöfina á rölti milli fjölbreytilegra verslana, nýtur veðurblíðunnar og gæðir þér á kræsingum eða kaffidrykkjum. Geimverur úr EVE–veröldinni verða á ferli og söngelskar lóur eru sérstaklega velkomnar. Yfir 300 verslanir og veitingahús í sérflokki.

**Vertu þar sem hjartað slær.**

**Tríó Tómasar Jónssonar kemur fram:**

13:30 – Barónstorgi, Laugavegi 77
14:30 – Laugatorgi, Laugavegi 59
15:15 – Skólatorgi, Skólavörðustíg 2

**Miðborgin í maí:**

| | |
|---|---|
| 1. - 3. maí | Eve Online Fanfest |
| 19. - 24. maí | Raflost raftónlistarhátíð |
| 22. maí - 5. júní | Listahátíð í Reykjavík |

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

Aðeins í dag

# OPIÐ Í DAG 1. MAÍ FRÁ KL. $10^{00}$ TIL $22^{00}$

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | BORÐSTOFUSTÓLAR | ELDHÚS




HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OG Dalsbraut 1 • Akureyri

# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

BORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR | GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA









**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI

OPIÐ Frá 10$^{00}$ til 22$^{00}$ í dag EITT SÍMANÚMER 558 1100

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR **REYKJAVÍK** x14

# Meirihlutinn vill Dag B. Eggertsson í borgarstjórastólinn í Reykjavík

Hylli Dags B. Eggertssonar, oddvita Samfylkingarinnar í Reykjavík, hefur aukist á síðustu vikum samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Nærri 57 prósent vilja að Dagur taki við embætti borgarstjóra af Jóni Gnarr eftir næstu kosningar.

**KÖNNUN** Meira en helmingur borgarbúa, 56,5 prósent, vilja að Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, verði borgarstjóri eftir kosningar, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem gerð var á þriðjudag.

Hylli Dags hefur aukist frá síðustu könnun, sem gerð var um miðjan mars. Þá vildu 52,6 prósent borgarbúa að Dagur tæki við borgarstjórastólnum af Jóni Gnarr, sem gefur ekki kost á sér í komandi kosningum.

Stuðningur við Dag nær langt út fyrir þann hóp sem hyggst kjósa Samfylkinguna. Flokkurinn mælist samkvæmt könnuninni með 26,6 prósenta fylgi. Rúmlega tvöfalt fleiri vilja því Dag sem borgarstjóra en ætla að kjósa Samfylkinguna í kosningunum.

Dagur ber höfuð og herðar yfir oddvita annarra framboða í borginni. Um 16 prósent borgarbúa vilja að Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni, verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur. Það er vel innan við þriðjungur af þeim stuðningi sem Dagur nýtur samkvæmt könnuninni. Alls vilja 62,5 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins Halldór sem borgarstjóra, en 20,8 prósent vilja heldur Dag.

Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar, nýtur stuðnings um 8,8 prósenta borgarbúa til að setjast í stól borgarstjóra. Björt framtíð tekur við keflinu af Besta flokknum, sem vann afgerandi kosningasigur í síðustu kosningum undir forystu Jóns Gnarr. Aðeins 37,7 prósent þeirra sem ætla að kjósa Bjarta framtíð vilja Björn sem borgarstjóra, en 55,1 prósent vilja Dag heldur í embættið.

Aðrir njóta enn minni stuðnings sem arftakar Jóns Gnarr. Um 3,5 vilja Sóleyju Tómasdóttur, oddvita Vinstri grænna, sem næsta borgarstjóra, og 3 prósent Halldór Auðar Svansson, oddvita Pírata. Þá nefndu 0,5 prósent Þorleif Gunnarsson, oddvita Dögunar.

brjann@frettabladid.is

## HVER VILT ÞÚ AÐ VERÐI BORGARSTJÓRI EFTIR KOSNINGARNAR?

**AÐFERÐAFRÆÐIN** Hringt var í **1.089** manns þar til náðist í **802** manns samkvæmt lagskiptu úrtaki þriðjudaginn 29. apríl. Svarhlutfallið var **73,6** prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. **Spurt var:** Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku **63,5** prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. **Einnig var spurt:** Hver vilt þú að verði borgarstjóri eftir kosningarnar? Alls tóku 49,9 prósent afstöðu til þeirrar spurningar.




ÁRIÐ 2010 **118.326** bjuggu í Reykjavík

ÁRIÐ 2014 **121.230** bjuggu í Reykjavík

Í DAG **90.614** á kjörskrá

ÁRIÐ 2013 **8,4 milljarðar** rekstrarafgangur

ÁRIÐ 2013 **62,2 milljarðar** skuldir Reykjavíkur




## FRAMBOÐSLISTAR Í REYKJAVÍK

### Æ Björt Framtíð



**1. sæti** Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra og tónlistarmaður

**Við leggjum áherslu á hreinskiptin samskipti í borginni, það er ekkert tjull heldur snýr það að öllum samskiptaþáttum borgarinnar. Við höfum reynt að ástunda ábyrga fjármálastjórnun. Síðasti ársreikningur sýnir góðan árangur og við erum stolt af því. Við erum að tala fyrir umhverfinu og bættum samgöngumálum sem eru okkur hugleikin. Þau eru hagsmunamál, bæði fjárhagslega og lýðheilsulega. Við viljum að hér geti fólk ferðast um með fjölbreyttum hætti.**

**2. sæti** Elsa Yeoman, forseti borgarstjórnar og húsgagnasmiður
**3. sæti** Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona
**4. sæti** Eva Einarsdóttir, borgarfulltrúi

### T Dögun



**1. sæti** Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi

**Húsnæðismál eru efst á baugi að mínu mati, þar leggjum við áherslu á tillögur fram um félagsbústaði. Boðum uppbyggingu á félagslegu húsnæði. Við viljum byggja upp leigumarkað þar sem félagsbústaðir eru stór aðili á markaði. Við viljum að fjárhagsaðstoð verði jafn há atvinnuleysisbótum. Leikskóli verði gjaldfrjáls og gjaldskrá borginnar verði tekjutengd. Flugvöllurinn á að vera áfram við í Vatnsmýri.**

**2. sæti** Ása Lind Finnbogadóttir, framhaldsskólakennari
**3. sæti** Salmann Tamimi, tölvunarfræðingur
**4. sæti** Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir, félagsráðgjafi

### P Píratar



**1. sæti** Halldór Auðar Svansson

**Stóru máin fyrir okkur pírata eru umbætur á stjórnsýslu og aukið lýðræði, það er kall tímans á öllum stjórnsýslustigum og þess vegna setjum við það í forgang. Við munum halda áfram á þeim nótum. Flugvöllurinn verður ekki í sjálfu sér kosningamál. Ég held hins vegar að það sé bráðnauðsynlegt að lyfta umræðunni á hærra plan. Það er ekki heilbrigt ástand að stór meirihluti borgarbúa sé ósamstíga borgarstjórn í þessu máli, á því þarf að finna einhvern flöt.**

**2. sæti** Þórgnýr Thoroddsen
**3.sæti** Þórlaug Ágústsdóttir
**4.sæti** Arnaldur Sigurðarson

### S Samfylkingin



**1. sæti** Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og læknir

**Fjölgun leiguíbúða og heilbrigðari húsnæðismarkaður verður í brennidepli. Við erum með yfirgripsmikla aðgerðaráætlun um fjölgun leigu- og búseturéttaríbúða um 2.500-3.000 á næstu 3-5 árum. Við viljum að áfram verði friður og stöðugleiki við stjórn borgarinnar sem hefur gengið vel. Við leggjum mikla áherslu á skóla- og velferðarmál og viljum hækka frístundakortið og koma til móts við barnafjölskyldur á ýmsan hátt til að öll börn fái jöfn tækifæri.**

**2. sæti** Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi
**3. sæti** Hjálmar Sveinsson, varaborgarfulltrúi
**4. sæti** Kristín Soffía Jónsdóttir, varaborgarfulltrúi

### D Sjálfstæðisflokkurinn



**1. sæti** Halldór Halldórsson, formaður SÍS

**Við viljum setja nemandann í fyrsta sæti og breyta skólakerfinu. Við ætlum að leysa biðlistavandamál barnafjölskyldna eftir plássi á leikskóla með þjónustutryggingu. Einnig viljum við leggja okkar af mörkum til að lækka kaupverð íbúða og þar með leigu með auknu lóðaframboði og með breytingu á gjaldskrám um lóðagjöld.**

**2. sæti** Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi
**3. sæti** Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi
**4. sæti** Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi

### V Vinstri Grænir



**1. sæti** Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi

**Næsta kjörtímabil snýst um að tryggja jöfnuð og sporna gegn fátækt og sívaxandi misskiptingu í samfélaginu. Við leggjum áherslu á gjaldfrjálsa leikskóla, skólamáltíðir og frístundaheimili fyrir börn. Með þessu tryggjum við jafnt aðgengi barna að menntun og frístundum óháð efnahag foreldra og gerum þessa þjónustu að því jöfnunartæki sem henni er ætlað að vera í samfélaginu.**

**2. sæti** Líf Magneudóttir, grunnskólakennari
**3. sæti** Elín Oddný Sigurðardóttir, félagsfræðingur
**4. sæti** Hermann Valsson, íþróttakennari

### F Framsókn



**1. sæti** sæti Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, hdl

**Við viljum tryggja húsnæðisöryggi fyrir alla, þar sem Reykvíkingum verður boðinn raunhæfur valmöguleiki í vali á húsnæðisfyrirkomulagi, félagslegt húsnæði, leiguhúsnæði, búsetukerfi og séreignir. Varðandi menntamál viljum við ráðstafa peningum borgarinnar í þágu ungra Reykvíkinga. Flugvallarmálið er okkar hjartans mál þar sem við viljum standa vörð um áframhaldandi veru flugvallarins í Vatnsmýrinni í núverandi mynd. Þannig verður Reykjavík höfuðborg fyrir alla.**

**2. sæti** sæti Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir, hdl.
**3. sæti** Gréta Björg Egilsdóttir, íþróttafræðingur
**4. sæti** Jóna Björg Sætran, menntunarfræðingur

# „ÉG MÆTI - EN ÞÚ?“

ALLT LAUNAFÓLK Á SAMEIGINLEGRA HAGSMUNA AÐ GÆTA ÓHÁÐ ÞVÍ VIÐ HVAÐ VIÐ STÖRFUM FRÁ DEGI TIL DAGS.

SÝNUM STYRK OKKAR OG STÖNDUM SAMAN ÖLL SEM EITT!

# 1. maí

## DAGSKRÁ

**Kl. 13.00** **Safnast saman við Hlemm**

**Kl. 13.30** **Kröfugangan leggur af stað niður Laugaveg**

Lúðrasveit verkalýðsins og lúðrasveitin Svanur spila í göngunni

Örræður á leið göngumanna niður Laugaveginn

Börn fá íslenska fánann

**Kl. 14.10** **Útifundur á Ingólfstorgi hefst**

Kvennakórinn Vox feminae

Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB flytur ávarp

KK og Ellen

Ingólfur Björgvin Jónsson, Eflingu stéttarfélagi flytur ávarp

Karlakór Reykjavíkur undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar

Kórar og fundarmenn syngja Maístjörnuna

Kórar, lúðrasveitir og fundarmenn flytja og syngja „Internationalinn“

Fundarstjóri er Þórarinn Eyfjörð

*Ávörp eru táknmálstúlkuð*

*Kolbrún Völkudóttir syngur með í tónlistaratriðum á táknmáli*

**kl. 15.00** **Fundarslit**

MINNUM Á BARÁTTUKAFFI STÉTTARFÉLAGANNA EFTIR AÐ ÚTIFUNDI LÝKUR



*„Ég mæti vegna þess að það þarf að verja sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar.“*

*Kristín Helgadóttir, prentsmiður.*



*„Ég mæti vegna þess að lágmarksframfærslan er allt of lág.“*

*Fjóla Jónsdóttir, þjónustufulltrúi.*



*„Ég mæti vegna þess að það þarf að gera eitthvað í húsnæðismálum.“*

*Rúnar Bachmann, rafvirki.*



*„Ég mæti vegna þess að lífeyrismálin skipta máli.“*

*Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands.*



*„Ég mæti vegna þess að ég vil kenna börnunum mínum að kjarabarátta skiptir máli.“*

*Guðni Gunnarsson, vélvirki.*



*„Ég mæti vegna þess að það þarf að standa vörð um réttindi launafólks.“*

*Kristín Ferrell, nemi, vinnur við þjónustustörf.*



*„Ég mæti vegna þess að samstaðan er okkar styrkur.“*

*Páll Steinþórsson, fulltrúi.*



*„Ég ætla að mæta – en þú!“*

*Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir, hagfræðingur.*

BSRB

Bandalag háskólamanna

**SAMFÉLAG FYRIR ALLA!**

**MÆTUM Í KRÖFUGÖNGUNA OG Á 1. MAÍ HÁTÍÐARHÖLDIN – BYGGJUM SAMAN BETRA SAMFÉLAG FYRIR OKKUR ÖLL!**



**SKILIN ÚT UNDAN** Einelti er þegar barn er skilið út undan í leik. NORDICPHOTOS/GETTY

Umboðsmaður barna:

## Hvað er einelti?

Á vef umboðsmanns barna segir að einelti sé ofbeldi sem hafi ýmsar birtingarmyndir. Hér á eftir fara dæmi um nokkrar þeirra:

Munnlegt ofbeldi er uppnefni, stríðni eða niðurlægjandi athugasemdir.

Félagslegt ofbeldi er þögn eða algert afskiptaleysi, þegar barnið er skilið út undan í leik og því er til dæmis ekki boðið í afmælisveislur.

Efnislegt ofbeldi er þegar eigum fórnarlambsins er til dæmis stolið eða þær eyðilagðar.

Andlegt ofbeldi er þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algerlega gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu, það fær endurtekið neikvæðar athugasemdir og hótanir.

Líkamlegt ofbeldi er þegar gengið er í skrokk á barninu.

Bent er á að það sem skilur á milli eineltis og þess að börn gantist í góðu sé samband gerandans og fórnarlambsins og tilgangurinn með samskiptunum. - ibs

# Hollara að marínera kjöt í bjór áður en það er grillað

Andoxunarefni í bjór draga úr skaðlegum efnum sem geta myndast við grillun kjöts. Hollara að marínera kjöt í dökkum bjór en ljósum. Mikilvægt er að þrífa alltaf sýnilega fitu af grillinu þegar grillun er lokið.

Grillmeistarar hafa gjarnan bjór við hönd við grillun kjöts. Nú er ástæða til að opna flöskuna talsvert áður en grillunin hefst því að rannsókn vísindamanna við Háskólann í Porto í Portúgal hefur leitt í ljós að sé kjöt marínerað í bjór áður en það er grillað myndast minna af skaðlegum efnum við grillunina sem geta aukið hættuna á krabbameini í ristli.

Krabbameinsvaldandi efnin eru kölluð sindurefni. Efni sem geta komið í veg fyrir skaðleg áhrif þeirra eru andoxunarefni og bjór er ríkur af þeim. Þess vegna ákváðu vísindamennirnir að kanna hvaða áhrif það hefði ef kjöt væri marínerað í bjór fyrir grillun.

Kjötið sem var grillað var ýmist marínerað með ljósum bjór eða dökkum. Kenningin var sú að færri skaðleg efni myndu myndast þegar kjöt var marínerað í ljósum bjór en þegar kjöt var ekki marínerað. Vísindamennirnir gerðu jafnframt ráð fyrir að þar sem meira er af andoxunarefnum í dökkum bjór myndu myndast enn færri skaðleg efni við grillun kjöts með slíkri maríneringu en við grillun kjöts sem marínerað var í ljósum bjór. Niðurstaðan var eins og þeir bjuggust við.

Greint er frá rannsókninni í grein sem birtist í Journal of Agricultural and Food Chemistry í mars síðastliðnum.



**GRILLAÐ KJÖT** Kjöt brennur síður þótt það sé marínerað aðeins rétt áður en grillað er, að því er segir á vef Matvælastofnunar. NORDICPHOTOS/GETTY

Á vef Matvælastofnunar segir að sé kjöt grillað við háan hita og það nær að kolast myndist efnasambönd sem geta verið stökkbreytandi. Það fari eftir því hversu lengi kjötið er á grillinu og hversu hár hitinn er hversu mikið magn af efnunum myndast. Bent er á að svo virðist sem mun minna myndist af þessum efnum þegar sjávarfang eða grænmeti brennur á grillinu en þegar kjöt kolast.

Skera á kolaða eða brennda hlutann ávallt í burtu. Svartir bitar innihalda langmest skaðlegu efnanna, að því er segir á vef Matvælastofnunar. Þar segir jafnframt að kjöt brenni síður þótt marínerað sé einungis rétt áður en grillað er. ibs@frettabladid.is

### GRILLARÐU MATINN ÞINN Á RÉTTAN HÁTT?

Góð regla er að taka grillið í gegn á vorin og þrífa í hvert skipti sýnilega fitu að lokinni grillun. Fita sem situr á grindum og lekur ofan í grillið brennur næst þegar grillað er og þá geta skaðleg efni sest á matvælin.

Gæta þarf þess að kjöt eða safi úr kjöti komist ekki í snertingu við matvæli sem eru tilbúin til neyslu, svo sem grænmeti og kaldar sósur. Hægt er að koma í veg fyrir krossmengun með því að nota sérstaka töng fyrir hrátt kjöt og aðra fyrir kjötið þegar búið er að grilla það. Jafnframt er hægt að koma í veg fyrir krossmengun með því að nota eitt fat fyrir hrátt kjöt og annað fyrir grillað kjöt.

Mikilvægt er að gegnsteikja kjúklinga, svínakjöt og unnar kjötvörur svo sem hamborgara þar sem meiri líkur eru á örverum inni í hökkuðum vörum en í hreinum vöðvum.

*Heimild: Matvælastofnun*









**VÍNBÚÐ** Um helmingur sænskra unglinga á aldrinum 16 til 18 ára, sem þátt tóku í nýlegri könnun, kvaðst drekka áfengi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Könnun var nýlega gerð meðal sænskra unglinga:

## Fara ekki til sprúttsala aðstoði nánir ekki við áfengiskaup

Næstum tveir þriðjuhlutar 16 til 18 ára unglinga í Svíþjóð, sem segjast drekka áfengi, myndu ekki reyna að útvega sér það hjá sprúttsala ef þeir fengju það ekki hjá einhverjum sem þeir þekkja. Þetta er niðurstaða könnunar sænskra samtaka um upplýsingar um áfengi og tóbak, Centralförbundet för alkohol och narkotikaupplysning. Þátttakendur í rannsókninni voru eitt þúsund.

Á fréttavefnum Metro er haft eftir stjórnanda samtakanna, Håkan Leifman, að niðurstaðan sýni að það skipti máli þegar foreldrar, félagar og eldri systkini ákveða að kaupa hvorki áfengi fyrir unglingana né bjóða þeim áfengi.

Um helmingur unglinganna sem þátt tóku í könnuninni sagðist drekka áfengi. Fimmtungur kvaðst mundu snúa sér til einhvers annars fullorðins ef enginn náinn þeim myndi aðstoða við útvegun áfengis.

Í árlegri könnun samtakanna um vímuefnavenjur kváðust 13 prósent nemenda í níunda bekk hafa stundað kynmök án getnaðarvarna undir áhrifum áfengis, 17 prósent sögðust hafa lent í rifrildi við einhvern og 12 prósent sögðust hafa verið í bíl með drukknum ökumanni. - ibs



**FERMING Á ÍSLANDI** Danskir foreldrar telja að gjafirnar skipti börnin meira máli en þær gera. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fermingarbörn í Danmörku:

# Trú mikilvægari en talið er

Guðstrú skiptir fermingarbörn meira máli heldur en foreldrarnir halda. Niðurstöður nýrrar danskrar rannsóknar sýna að 41 prósent foreldra telur að börn þeirra láti ferma sig af trúarlegum ástæðum. Hins vegar segja 56 prósent fermingarbarna að guðstrú þeirra sé mikilvæg ástæða fermingarinnar.

Foreldrarnir telja jafnframt að veislan og gjafirnar skipti fermingarbörnin meira máli en ráða má af svörum fermingarbarnanna sjálfra.

Tvö af hverjum þremur fermingarbörnum tala sjaldan eða aldrei um trúmál við foreldra sína.

Alls tóku 600 fermingarbörn og 400 foreldrar þátt í rannsókninni sem greint er frá á vef Kristilega dagblaðsins. - ibs



**EINN HEIMA** Nauðsynlegt er að meta líkamlegan, andlegan og tilfinningalegan þroska barnsins þegar tekin er ákvörðun um hvort skilja eigi það eftir eitt heima. NORDICPHOTOS/GETTY

Slysavarnir barna:

# Þegar barnið er eitt heima við

Þegar foreldrar hafa komist að þeirri niðurstöðu að óhætt sé að skilja barn eftir heima er gott að undirbúa það vel, að því er bent er á á vef Miðstöðvar slysavarna barna. Hér á eftir fara nokkrar ráðleggingar miðstöðvarinnar:

***Neyðarlínan:*** Kenndu barninu að hringja í Neyðarlínuna. Kenndu barninu einn einn tveir en ekki hundrað og tólf. Vertu líka viss um að barnið kunni heimilisfang sitt og símanúmer.

***Æfing:*** Æfðu með barninu hvað skal gera í neyð, til dæmis ef það slasar sig, það kviknar eldur í húsinu eða það verður vart við innbrotsþjóf.

***Prufutími:*** Þegar barn er skilið eftir í fyrsta sinn skaltu fara frá í skamman tíma og halda þig nálægt heimilinu. Slík prufa er góð leið til að kanna hvort barnið sé tilbúið að vera eitt heima, ræður við aðstæðurnar og líður vel.

***Upplýsingar:*** Segðu barninu hvenær þú kemur heim. Skildu eftir símanúmer þar sem barnið nær í þig, ættingja eða vini. Þetta eykur öryggistilfinningu barnsins. Hringdu og láttu vita af þér ef þú getur eða fáðu einhvern til að koma við.

***Reglur:*** Hafðu skýrar reglur um hvað barnið má og má ekki gera á meðan það er eitt heima.

***Matur:*** Kauptu inn mat og drykk sem barnið getur auðveldlega haft til sjálft.

***Lyklar:*** Mundu að láta barnið hafa lykil. Vertu líka viss um að það geti opnað útidyrnar hjálparlaust. - ibs

Bókmenntaganga fyrir börn og fjölskyldur þeirra frá Sólheimasafni næstkomandi laugardag:

# Lesið á göngu um Heimana og Vogana

Hvað býr í Heimunum og Vogunum er heitið á bókmenntagöngu fyrir börn og fjölskyldur þeirra frá Sólheimasafni núna á laugardaginn 3. maí og er hún hluti af Barnamenningarhátíð í Reykjavík.

Sigrún Jóna Kristjánsdóttir, deildarbókavörður í Sólheimasafni, leiðir gönguna og mun hún skyggnast í bókmenntir tengdar hverfinu.

„Við förum rúnt um hverfið þar sem eitthvað sögulegt hefur gerst. Við munum til dæmis stoppa þar sem Bubbi bjó hér í hverfinu og þá verður lesin lýsing hans á því hvernig var að vera barn í þessu hverfi á þeim tíma sem hann var að alast upp.“

Einnig verður lesið upp úr barnabókum og nefnir Sigrún bókina Hundakexið eftir Einar Má Guðmundsson. „Hún gerist þegar verið er að byggja upp hverfið hér. Hann lýsir því til dæmis þegar strákar eru að leika sér í nýbyggingum.“

Ljóð verða lesin í göngunni og svo verður efnt til getraunar.

Gengið verður kl. 12 frá safninu. - ibs



**Í BÓKMENNTAGÖNGU** Gengið er um staði þar sem eitthvað sögulegt hefur gerst. MYND/AÐSEND




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Í dag þýðir ekkert að biðja Helgu um afgreiðslu. **Hún er í fríi því 1. maí er rauður dagur.**
Í staðinn fyrir að vinna getur Helga farið í kröfugöngu og varið réttindi sín. Við hvetjum félagsmenn til að sýna samstöðu á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins og mæta á Hlemm kl. 13.00 í gönguna.
Eftir útifund bjóðum við félagsmönnum í verkalýðskaffi í anddyri Laugardalshallar. **Sjáumst í göngunni!**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | FAX 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

# Sveifla utan áhrifavalds stjórnmála

**Reykjavíkurborg skilaði 8,4 milljarða króna afgangi 2013. Þróun sem dró úr ætluðum lífeyrisskuldbindingum og endurmat eigna Félagsbústaða hjálpaði til. Að þeim þáttum frádregnum er hagnaður samt 4,1 milljarður. Niðurstaðan er 711 milljónum króna betri en áætlað var.**

FRÉTTASKÝRING
**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is



Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2013 er nýbirtur

Afkoma Reykjavíkurborgar getur sveiflast mjög milli ára af ástæðum sem eru utan áhrifavalds stjórnmálanna. Þannig vega lífeyrisskuldbindingar þungt í afkomubata borgarsjóðs (A-hluta reikninganna) umfram áætlanir á síðasta ári.

Afkoma samstæðu Reykjavíkurborgar (bæði A-hluta og B-hlutans þar sem eru fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki að meirihluta í eigu borgarinnar) verður hins vegar að teljast nokkuð góð, með afgang upp á um 8,4 milljarða króna. Þarna er um að ræða 11,1 milljarðs króna sveiflu frá árinu áður þegar afkoman var neikvæð um 2,7 milljarða króna. Þá er niðurstaðan 711 milljónum króna betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Sé einvörðungu horft til rekstrarniðurstöðu A-hluta var afkoman jákvæð um 3.008 milljónir króna á meðan áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 304 milljónir. Þá er niðurstaðan 3.051 milljón króna betri en árið 2012.

Þarna skiptir töluverðu máli upphæð gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindinga upp á 159 milljónir króna, en fjárhagsáætlun borgarinnar gerði ráð fyrir að hún yrði 2.600 milljónir króna.

„Oftar en ekki hefur þetta verið á hinn veginn, að við höfum verið yfir áætlun,“ segir Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar. Skuldbindingarnar ráðist hins vegar af tveimur þáttum. Annars vegar sé það hvort lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna hækki, en þær eru beintengdar við laun eftirmanna og fylgja því kjarasamningum. „Og á síðasta ári voru engir kjarasamningar og því ekkert að gerast á þeim vettvangi.“ Hins vegar séu skuldbindingarnar tengdar ávöxtun eignasafnsins sem er að baki. „Og stór hluti af eignasafninu eru skuldabréf sem fengust við sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Þessi bréf hafa þannig ávöxtunarskilmála að þeir eru beintengdir við ávöxtunarkröfu á tilteknum degi á Íbúðalánasjóðsskuldabréfaflokki sem er kallaður HFF34.“ Birgir Björn segir að í fyrra hafi ekki verið gert ráð fyrir því að ávöxtunarkrafan færi neitt upp, frekar en árið þar á undan. „En ávöxtunarkrafan rauk upp á síðustu mánuðum ársins og það svo mjög að eignirnar jukust með þeim hætti að þessi áætlaða gjaldfærsla var 2,4 milljörðum of rúm.“

Birgir Björn segir viðbúið að þróun lífeyrisskuldbindinga verði öndverð á þessu ári, enda hafi kjarasamningar áhrif auk þess sem ávöxtunarkrafa eignanna gæti sigið á ný. „Og þannig ástand var nú reyndar bara 2011, annars vegar kostnaðarsamir kjarasamningar og snarlækkandi ávöxtunarkrafa sem gerði það að verkum að við lentum í gjaldfærslu upp á 4,4 milljarða ef ég man rétt.“ Þetta segir Birgir Björn ekki atriði sem stjórnmálamenn eða stjórnendur hjá borginni ráði miklu um, en hafi gífurleg áhrif engu að síður. „Árin 2008 og 2009 voru til dæmis engir kjarasamningar og ávöxtunarkrafan hlaupandi upp allan skalann og þá vorum við með neikvæða gjaldfærslu á lífeyrisskuldbindingum þannig að það átti heilmikinn þátt í jákvæðri afkomu þeirra ára,“ bendir hann á.



**Oftar en ekki hefur þetta verið á hinn veginn, að við höfum verið yfir áætlun.**

*Birgir Björn Sigurjónsson.*

Einn þeirra þátta sem höfðu áhrif til bættrar stöðu B-hluta samstæðunnar var svo breytt reikningsskilaaðferð Félagsbústaða, sem hækkaði eigið fé samstæðunnar um 18,1 milljarð króna. Þessi breyting segir Birgir Björn að hafi þannig áhrif á samstæðuniðurstöðuna að hún batni um 1,9 milljarða króna.

Séu áhrif lífeyrisskuldbindinga og endurmats eigna Félagsbústaða tekin saman er hlutur þeirra 4,3 milljarðar króna í 8,4 milljarða króna afgangi samstæðunnar. Mismunurinn er 4,1 milljarður.

Í tilkynningu borgarinnar um afkomuna er niðurstaða reikninganna sögð sýna að rekstur samstæðunnar sé að styrkjast, auk þess sem fjárhagslegur styrkur A-hluta borgarsjóðs sé mikill hvort sem litið sé til eiginfjárstöðu eða hefðbundinna skuldaþekjuhlutfalla. Langtímaskuldir samstæðu Reykjavíkur lækkuðu um 29,2 milljarða króna milli 2012 og 2013 og stóðu í 231,5 milljörðum króna í lok síðasta árs.

## Áætlun og endanleg niðurstaða

### → Áætlun og niðurstaða samstæðureiknings




### → Kennitölur úr samstæðu Reykjavíkur

| Samstæða | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Eiginfjárhlutfall | 26,4% | 30,8% | 31,5% | 31,4% | 40,1% |
| Arðsemi eigin fjár | -1,6% | 12,4% | -3,4% | -1,8% | 5,7% |
| Veltufjárhlutfall | 1,06 | 1,05 | 0,91 | 0,87 | 0,92 |
| Skuldsetningarhlutfall | 239,2% | 191,1% | 184,9% | 176,3% | 120,6% |
| Uppgreiðslutími | 16 ár | 16 ár | 11 ár | 10 ár | 9 ár |
| Skuldahlutf. skv. sveitarstj.lögum | 329% | 327% | 292% | 268% | 221% |
| Veltufé frá rekstri | 19% | 19% | 24% | 24% | 23% |
| Rekstrartekjur | 23% | 21% | 23% | 26% | 29% |

*Heimild: Skýrsla Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar*

### → A og B hluti?

Til A-hluta reksturs Reykjavíkurborgar telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þeirra að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Þar á meðal eru Bílastæðasjóður, Faxaflóahafnir, Félagsbústaðir, Orkuveitan, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó.



# Með fróðleik í fararnesti

**Fuglaskoðun í Grafarvogi 3. maí 2014 kl. 11:00**

**Safnast verður saman á bílastæðinu við Grafarvogskirkju á tilsettum tíma. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.**

Farfuglarnir okkar eru sannir vorboðar. Gunnar Þór Hallgrímsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, leiðir ferð í Grafarvog þar sem farfuglar safnast fyrir á leirunni. Mælst er til að þátttakendur taki með sér sjónauka. Sjón er sögu ríkari.

Ferðin er hluti af samstarfsverkefni HÍ og FÍ og farin í samvinnu við Ferðafélag barnanna. Hún er því tilvalin fyrir alla fjölskylduna. Reynsla og þekking fararstjóra Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna háskólans blandast saman í áhugaverðum gönguferðum sem farnar eru undir heitinu „Með fróðleik í fararnesti".

Markmiðið með samstarfinu er að vekja áhuga almennings á fræðslu og hollri útivist og fjölga valkostum í þeim efnum. Um leið er vakin athygli og vonandi áhugi á fjölbreyttri starfsemi Háskóla Íslands og Ferðafélagsins.

**Allar nánari upplýsingar á hi.is**

**Valitor** er stuðningsaðili Ferðafélags Íslands.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 141253



**HARÐUR BRANSI** Fjárfestum finnst Twitter ekki stækka nógu hratt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjárfestar hafa áhyggjur af getu til að bæta við notendum :

# Hlutabréf í Twitter falla

Hlutabréf í fyrirtækinu Twitter sem á samnefnt vinsælt samskiptaforrit féllu í gær og hafa aldrei verið lægri síðan fyrirtækið fór á markað í New York í nóvember síðastliðnum.

Fjárfestar munu hafa áhyggjur af getu forritsins til að bæta við sig notendum og halda þeim sem nú þegar nota það við efnið.

Talsmenn Twitter segjast vera að einblína á að ná til fleiri og fá notendur til að vera virkari, en það hefur ekki tekist nægilega hratt fyrir fjárfesta þeirra.

Um 255 milljónir manns nota forritið mánaðarlega samkvæmt tölum frá því í mars, sem er 25 prósentum meira en í fyrra.

- fbj

Keypti 80.900 hluti fyrir 21,5 milljónir króna í gær:

# Forstjóri Össurar fjárfestir

Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, keypti í gær bréf í fyrirtækinu fyrir sem samsvarar 21,5 milljónir íslenskra króna, eða eina milljón danskra króna. Össur er skráður í Kauphöllina bæði á Íslandi og í Danmörku.

Jón keypti 80.900 hluti í gær og á því alls 458.834 hluti í fyrirtækinu að verðmæti 120 milljóna íslenskra króna miðað við kaupverð á hlutnum í gær. Hann á jafnframt kauprétt á 1.250.000 hlutum.

- fbj

# 1. maí hópkeyrsla



BIFHJÓLASAMTÖK LÝÐVELDISINS

sniglar

ALLIR VELKOMNIR

Hjólasýning, happdrætti og landsmótsleikir

Í vinning meðal annars:
Honda VT700C Shadow
20 þús. inneign hjá RMC
30 þús. inneign hjá Orkunni
Miðar á Landsmót

Öll innkoma verður gefin til góðgerðamála fyrir hönd mótorhjólafólks á Íslandi

**Laugavegur:**
11:00 - Safnast saman á Laugavegi
12:30 - Lagt af stað

**Korputorg:**
13:00 - 17:00 - Hjólasýning
Miðaverð 1000 kr. - Gildir einnig sem happadráttarmiði.

Kaffi, kleinur, kók og fleira selt til styrktar Grensás og fleiri góðum málefnum.

Frír svali og kleina fyrir krakka meðan birgðir endast




Akstursleiðin verður að mestu lokuð annarri umferð á meðan keyrslu stendur milli kl 12:30 og 13:00.

Aðrir vegfarendur eru vinsamlega beðnir að virða lokanir meðan á keyrslu stendur



1

**VATNSBURÐUR Í BÚRMA** Þessar stúlkur voru að ná í vatn til heimilisins í Jangon í Búrma á þriðjudaginn. NORDICPHOTOS/AFP



2

**HERÆFING Í FRAKKLANDI** Hermenn franskrar útlendingaherdeildar æfa sig þarna fyrir minningarhátíð um orrustuna um Camaron, sem var háð árið 1863. NORDICPHOTOS/AFP

## ÁSTAND HEIMSINS






3

**MATARGJAFIR Á GRIKKLANDI** Ávaxta- og grænmetisbændur dreifðu afurðum sínum ókeypis á markaði í Aþenu í gær. NORDICPHOTOS/AFP



4

**GEIMRUSL Í BRASILÍU** Fólk skoðar þarna stóra plötu sem virðist hafa fallið af himni ofan skammt frá borginni Salinopolis í Brasilíu. Platan er merkt bresku geimferðastofnuninni og Arianespace, evrópsku fyrirtæki sem kemur gervihnöttum á braut umhverfis jörðu. NORDICPOTOS/AFP



6

**MÓTMÆLI Í VENESÚELA** Grímuklæddir mótmælendur kveiktu í herbifreið í Caracas á þriðjudaginn. NORDICPHOTOS/AFP



5

**ÖRTRÖÐ Á ENGLANDI** Verkfall starfsfólks neðanjarðarlestanna í London varð til þess að fólk neyddist til að taka strætisvagna í stórum stíl. Þarna bíður hópur fólks eftir strætó fyrir utan Victoria-lestarstöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



SKOTTSALA

í bílakjallaranum í Firði
laugardaginn 3. mai
Opið frá 12.00 til 16.00
Stuð og stemmning Komdu og grúskaðu
Prúttaðu og gerðu góð kaup

Erum á Facebook: /Skottsala í Firði




**FENDT DIAMANT VIP 700 LUXUS** hjólhýsi árg. 2007, með fortjaldi og sólpalli, staðsett að Hellishólum í Fljótshlíð

- **HJÓLHÝSIÐ** er hlaðið aukabúnaði: 2 sjónvörp, 2 DVD, sér sturta 120X120, 2 vatnshitarar 2X14L, arinn leður og fl. –Hellulögn ca 30m2 er undir húsinu.

- **FORTJALDIÐ** er 3X7,5m og fylgir því nett polyrattan sófasett, 2 sófaborð, 2 gasofnar, 4 skápar undir allt sem þarf að nota og fl.

- **SÓLPALLURINN** er ca 100fm2 og fylgir útivaskur með vatnshitara þannig að það er bæði heitt og kalt vatn. Vatnshitarinn skilar 60L af 70 stiga heitu vatni per mín. sem nægir í heitan pott. Einnig fylgir geymsla fyrir verkfæri, geymsla fyrir útihúsgögn og fl.
Drauma aðstaða fyrir fólk sem vill njóta þess besta, þarna er einn vinsælasti og flottasti golfvöllur landsins, veitingahús með allri þjónustu og stutt í fallegustu perlur landsins.

**UPPLÝSINGAR Í SÍMA: 895-0967**



# BURT MEÐ FORDÓMA

## - BETRA SAMFÉLAG -

# GÖNGUM SAMAN 1. MAÍ

**GEFUM GÖNGUFÓLKI
Á LAUGAVEGINUM BUFF**

ÖBÍ

# SKOÐUN

Samanburður og samkeppni á vinnumarkaði:

## Samstaða í raun?

Hin ýmsu samtök launafólks halda í dag upp á alþjóðlegan baráttudag verkalýðsins, 1. maí. Víða er fundað og farið í kröfugöngur undir merkjum samstöðu launafólks. Það má hins vegar velta fyrir sér, í ljósi þróunarinnar á vinnumarkaðnum að undanförnu, hvort sú samstaða sé raunveruleg eða bara skylda að tala um hana í ræðum á þessum hátíðisdegi.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, sagði í Fréttablaðinu í gær að grundvöllur samninga til tveggja eða þriggja ára, sem átti að fara að leggja drög að, væri brostinn. Ástæðan væri samningar ríkisins og sveitarfélaga við ýmsa hópa í þeirra þjónustu, þar sem samið hefði verið um meiri hækkanir en ASÍ samdi um í desember síðastliðnum.

Markmiðið með þeim samningum var að halda launahækkunum í hófi til að koma í veg fyrir að verðbólgan færi á flug og æti þær upp á nýjan leik. Gylfi sagði í blaðinu að það gæti ekki verið hlutskipti sumra hópa að slátra verðbólgunni en annarra að njóta ávinningsins.

Forseti ASÍ vísar til þess að launahækkanir hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga hafi verið réttlættar með því að þeir ættu „leiðréttingu" inni. Hann bendir á móti á að margir hópar innan ASÍ ættu að fá svipaða leiðréttingu og hjá sumum atvinnugreinum gangi vel þannig að þær ættu að geta greitt hærri laun. Engu að síður hafi niðurstaðan verið að semja um minni kauphækkanir í trausti þess að verðbólgan yrði minni og kaupmáttur ykist.

Það eru ekki bara ríkið og sveitarfélögin sem eru sökudólgarnir hér; stéttarfélög opinberra starfsmanna hafa gert miklu hærri launakröfur en félög á almenna markaðnum í nafni „leiðréttingar"; að þau hafi dregizt aftur úr sambærilegum hópum. Segja sem svo að vissulega þurfi að passa verðbólguna og kaupmáttinn, en þau geti bara ekki unað því að dragast aftur úr.

Þessi eilífu samanburðarfræði eru raunar líkleg til að knýja áfram launahækkanir sem ekki er innistæða fyrir. Alltaf fær einhver aðeins meira en sem nemur „leiðréttingunni" þannig að aðrir hópar sjá sig þá knúna til að fara líka fram á að verða leiðréttir.

Sérstaklega er þessi samanburður erfiður á milli opinbera geirans og einkamarkaðarins, þar sem gildir önnur vinnulöggjöf, ólíkt starfsöryggi og lífeyriskjör. Það er kannski engin furða að það skorti á samstöðuna á milli opinberra starfsmanna og fólks á almenna vinnumarkaðnum, þótt ræðumenn á 1. maí hátíðahöldunum komi úr hópi beggja og tali um gildi samstöðu.

Fyrst svo virðist sem tilraunin til að skapa samstöðu á vinnumarkaðnum um litlar launahækkanir og baráttu gegn verðbólgunni sé að fara út um þúfur getur verið ástæða til að spyrja hvort nálgun heildarsamninga með breiðri samstöðu hafi gengið sér til húðar.

Kannski er nær að semja á grundvelli einstakra atvinnugreina eða fyrirtækja – þá nýtur starfsfólkið góðrar afkomu fyrirtækja og sennilega verður til meiri hvati til skipulagsbreytinga í samstarfi vinnuveitenda og launafólks sem skila meiri framleiðni. Sama á við á opinbera vinnumarkaðnum; þar er nær að horfa á það hvernig sé hægt að breyta vinnufyrirkomulagi til að auka skilvirkni, nýta peninga skattgreiðenda betur og geta þar af leiðandi borgað hærri laun, en að vera í þessum eilífa samanburði á milli hópa.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

1.maí 2014

**Verkalýðskaffi jafnaðarmanna og félagshyggjufólks verður á sínum stað í Iðnó, fimmtudaginn 1. maí að lokinni kröfugöngu og útifundi.**



Dagur B. Eggertsson og Dóra Magnúsdóttir flytja ræður.

~

Fjöldasöngur, tónlist og kyngimagnaður Bollywood dans undir handleiðslu Margrétar Erlu Maack.

~

Kaffi og kleinur á boðstólnum fyrir gesti, húsið opnar kl.14:30.



**Með baráttukveðju!**

**XS REYKJAVÍK**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hættuleg umræða

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var að vanda fljótur að sjá flísina í augum annarra en missti af bjálkanum í eigin auga þegar hann svaraði fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur formanni Vinstri grænna um lækkun á væntingavísitölu Gallups þar sem svartsýni hjá tekjulægstu hópum hefur aukist verulega. Sigmundur sagði væntingar byggjast á umræðunni, því sem fólki er sagt. Hann óttast að ræða eins og sú sem Katrín hélt sem innihélt fyrirspurn hennar væri ekki til þess að skapa miklar jákvæðar væntingar hjá þeim tekjulægstu. Það er víst þannig í forsætisráðuneytinu af ef eitthvað er að þá er best að tala sem minnst um það.



### 300 milljarðar

Það var mikið að gera hjá forsætisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnatíma í þinginu í gær. Hann þurfti ekki bara að víkja sér undan því að svara Katrínu heldur einnig Helga Hjörvar, þingflokksformanni Samfylkingarinnar. Hann spurði Sigmund hvað liði þeim 300 milljörðum sem Framsókn lofaði í kosningabaráttunni sem myndu skapast í samningum við þrotabú föllnu bankanna. Sigmundur sagðist hins vegar aldrei hafa sagt að það yrðu endilega 300 milljarðar í því svigrúmi. Hann hefur væntanlega gleymt því að hafa svarað spurningunni ítrekað í kosningabaráttunni, til dæmis í Kastljósi RÚV þar sem ekki stóð á svörum Sigmundar þegar hann var spurður nokkurn veginn sömu spurningar og talaði þá um jafnvel hærri upphæð og sagði þá leið bæði framkvæmanlega og eðlilega. Við bíðum þá bara áfram spennt eftir 300 milljörðunum okkar.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skólar í Kópavogi í fremstu röð

SKÓLAR



**Ármann Kr. Ólafsson**

bæjarstjóri Kópavogs

Upplýsingatækni í skólum hefur tekið gríðarlegum breytingum undanfarin ár og nú er svo komið að hún er ein af undirstöðum undir árangursríkt starf á öllum skólastigum. Í Kópavogi gerum við okkur grein fyrir þessu og höfum brugðist við með ýmsum hætti.

Í árslok 2012 og í ársbyrjun 2013 var samþykkt stefna Kópavogsbæjar í upplýsingatækni í leik- og grunnskólum og eftir þeirri stefnu hefur verið unnið síðan. Fjölmargir komu að þessari stefnumótun og er tilgangurinn meðal annars að koma til móts við kröfur nútímans.

Í skóla án aðgreiningar er fjölbreytileiki lykilinn að því að allir nemendur nái árangri og geti nýtt sér kennsluna. Nútímatækni styður að fjölbreyttum vinnubrögðum og getur veitt nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og tækifæri til að miðla þeirri þekkingu á skapandi og gagnrýninn hátt.

Í samræmi við stefnu bæjarins er verið að byggja upp tækjabúnað í skólum og þá hafa verið unnin þróunarverkefni í upplýsingatækni í nokkrum skólum í bænum og lagningu þráðlauss nets í grunnskólunum lýkur á árinu.

**➜ Þá hafa allar deildir í nítján leikskólum Kópavogs getað valið á milli spjaldtölvu, fartölvu eða borðtölvu til að nota í sínu starfi. Tækin verða afhent í sumar.**

Svo vikið sé að leikskólum Kópavogs þá fengu þeir allir spjaldtölvu á síðasta ári. Þá hafa allar deildir í nítján leikskólum Kópavogs getað valið á milli spjaldtölvu, fartölvu eða borðtölvu til að nota í sínu starfi. Tækin verða afhent í sumar. Margir leikskólanna hafa valið sér spjaldtölvu og til að koma til móts við áhugann á þeim valkosti hefur bærinn staðið fyrir námskeiðum sem stuðla að færni leikskólakennara til þess að nota spjaldtölvur í leikskólakennslu. Fleiri námskeið eru á döfinni í haust.

Að öllu samanlögðu er óhætt að fullyrða að Kópavogur hafi tekið forystu í málum upplýsingatækni í leik- og grunnskólum. Markmiðið er að bæta árangur nemenda og búa þá sem best undir framtíðina, hún er þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Eineltismenning í samfélögum

EINELTI



**Hildur Jakobína Gísladóttir**
ráðgjafi hjá Heilbrigðum stjórnarháttum

Afleiðingar eineltis eru flestum kunnar. Að lenda í einelti er áfall bæði fyrir börn og fullorðna og getur haft verulega alvarlegar sálrænar afleiðingar fyrir þann sem fyrir því verður. Kvíðinn sem barnið finnur fyrir þegar það þarf að mæta geranda sínum í skólanum er mikill, eins og þess fullorðna sem þarf að líða einelti af hálfu samstarfsaðila. Fullorðið fólk ber ábyrgð á börnunum sem hafa hvorki þroska né úrræði til að verja sig og bjarga sér. Þetta á við um eineltismál eins og önnur mál, enda er einelti samfélagsvandamál sem fullorðið fólk þarf að leysa.

Einelti er ein tegund ofbeldis og eins og í öðrum ofbeldismálum á aldrei að semja við gerandann. Það ríkir einfaldlega ekki jafningjagrundvöllur þar sem annar aðilinn beitir hinn ofbeldi. Þolandi og gerandi eiga aldrei að vera í þeirri stöðu að þurfa að takast í hendur til að leita sátta. Það gengur einfaldlega ekki upp þegar ofbeldi á í hlut. Ímyndið ykkur að fórnarlamb nauðgunar sé sett í þá stöðu að sættast við nauðgara sinn með handabandi.

Alveg eins og einelti getur þrifist á vinnustöðum getur eineltismenning verið ríkjandi í samfélögum. Það geta verið nokkrir fullorðnir aðilar í litlum samfélögum sem halda samfélaginu í skefjum með ofbeldi og eineltistilburðum sem verða til þess að aðrir í samfélaginu þora ekki að standa uppi í hárinu á þessum aðilum. Þeir vita hvað bíður þeirra geri þeir það. Þegar svo er komið verður til eineltismenning þar sem fáir ríkja og aðrir verða annaðhvort ómeðvitað eða meðvitað þátttakendur í eineltinu eða þögul vitni.

Til er íslenskt samfélag sem er með virka Facebook-síðu fólks sem hefur þann tilgang að hæða og gera lítið úr öðru fólki í samfélaginu. Enginn þorir að rugga bátnum og ástandið er óheilbrigt. Það er hægt að líkja þessu við áfengissjúka fjölskyldu þar sem meðvirkni ríkir. Hins vegar er ofbeldið sem hlýst af eineltinu „hvati“ þeirra sem þegja. Þetta eru mannleg og eðlileg viðbrögð fólks við óeðlilegum aðstæðum sem eru óheilbrigðar og mannskemmandi. Þetta er ofbeldi. Spáið í hvaða skilaboð við erum að senda börnunum okkar.

### Brotist út úr vítahringnum

Í litlum samfélögum verða stjórnendur sveitarfélaganna að bregðast við ástandi sem þessu. Þeir bera ábyrgð á sínu samfélagi eins og forstjórar bera ábyrgð á sínum fyrirtækjum. Sama lögmál á við hér. Það verður að ræða málið opinskátt og hætta að fela það eða tala í hálfum hljóðum þar sem enginn heyrir. Íbúaþing þar sem vandinn væri ræddur á opinskáan hátt væri þjóðráð. Þar kemur fram vilji flestra til að koma málunum í lag. Miklar líkur eru samt á að gerendurnir eða ofbeldismennirnir sem vilja stjórna samfélaginu með ofbeldi mæti ekki á fundinn en það er í raun alveg sama þar sem á fundinum verður gert ljóst að slík hegðun í samfélaginu sé ekki liðin og það þjappar góða hópnum saman og styrkir hann og stjórnendur í baráttunni gegn þessum illu öflum. Öllum verður ljóst að einelti sé ekki liðið og að þöggunin sé besti vinur ofbeldismannsins. Þetta er leið til að flæma þá í burtu sem eiga það skilið en ekki þá sem verða fyrir ofbeldi eins og virðist því miður oftar vera raunin.

**➜ Einelti er ein tegund ofbeldis og eins og í öðrum ofbeldismálum á aldrei að semja við gerandann. Það ríkir einfaldlega ekki jafningjagrundvöllur þar sem annar aðilinn beitir hinn ofbeldi. Þolandi og gerandi eiga aldrei að vera í þeirri stöðu að þurfa að takast í hendur til að leita sátta.**

Í heimilisofbeldismálum er nú farið að fjarlægja gerandann af heimilinu í stað fórnarlambsins og það sama á að eiga við um gerendur í eineltismálum. Einelti þarf að stöðva því það lagast ekki af sjálfu sér. Svo er enn meiri skaði skeður fyrir samfélög sem eru komin á síður fjölmiðla sem samfélag sem lætur ofbeldismenn vaða uppi. Samstaða og upplýst umræða eru lykilorð í baráttunni gegn einelti því það splundrar samfélögum og eitrar og afleiðingar þess geta haft víðtæk áhrif. Ég skora á stjórnendur samfélaga sem glíma við slíkan vanda að sýna ábyrgð og þor og taka á meininu strax áður en skaðinn verður of mikill.

# Einn einn tveir og barnamenning

MENNING



**Sigríður Dögg Guðmundsdóttir**
kynningarstjóri Barnamenningarhátíðar í Reykjavík

Í Reykjavík búa tæplega 25 þúsund börn sem eru sextán ára og yngri og á hverju ári er sérstök hátíð haldin þeim til heiðurs. Barnamenningarhátíð í Reykjavík er nú haldin í fjórða skipti og stendur fram til sunnudagsins 4. maí.

Búist er við að um 40 þúsund manns muni njóta þeirra 125 glæsilegu viðburða sem eru á Barnamenningarhátíð í ár. Fjölbreytni og úrval einkenna dagskrána eins og sjá má á heimasíðu hátíðarinnar www.barnamenningarhatid.is og í bæklingi sem öll leikskóla- og grunnskólabörn í Reykjavík fengu heim með sér. Í Iðnó verður sköpun og leikgleði gert hátt undir höfði í sérstöku barnamenningarhúsi undir nafninu Ævintýrahöllin. ASSITEJ Ísland – samtök um leikhús fyrir unga áhorfendur, efna til leiklistarhátíðar með vönduðum leik- og danssýningum, vinnusmiðjum og fleiri spennandi viðburðum. Víða um borgina verða alls kyns viðburðir fyrir alla aldurshópa.

Þema hátíðarinnar í ár er öryggi og taka Barnamenningarhátíð í Reykjavík og Neyðarlínan höndum saman um að kenna börnum mikilvægi þess að nýta sér neyðarnúmerið 112. Skilaboðin eru þau að barn eigi ekki einungis að nota númerið þegar eldsvoða og slys ber að höndum heldur líka ef því líður illa eða einhverjum sem það þekkir líður illa. Einn einn tveir lagið var samið í þeim tilgangi af Dr. Gunna og Þórarinn Eldjárn gerði textann. Hér er eitt erindi úr laginu:

*Neyðarnúmerið*
*Sem notast allir við*
*- ekki einungis*
*Við eldsvoða og slys –*
*Er líka vernd og vörn*
*Sem virkar fyrir börn*

**➜ Þema hátíðarinnar í ár er öryggi og taka Barnamenningarhátíð í Reykjavík og Neyðarlínan höndum saman um að kenna börnum mikilvægi þess að nýta sér neyðarnúmerið 112.**

Ástæða þess að Barnamenningarhátíð í Reykjavík er jafnglæsileg og stór hátíð og raun ber vitni er vinna og sköpunarkraftur um 600 kvenna og manna sem standa á bak við viðburði hátíðarinnar. Allt þetta fólk á heiður skilinn fyrir að vinna að einu göfugasta markmiði sem til er, að gleðja börn.

Ömmur, afar og foreldrar eru hvött til að kynna sér dagskrá hátíðarinnar þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, og skemmta sér svo konunglega með börnunum næstu daga. Gleðilega Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2014!


NÚ HITNAR Í KOLUNUM

án reyks með Lotus kolagrilli









Fastus kynnir byltingarkennt borðgrill

- Innbyggð vifta sem tryggir kolum súrefni
- Tilbúið til matreiðslu eftir 3-4 mínútur
- Tvöfaldur veggur - kemur í veg fyrir að ytra byrði hitni
- Mjög góð hitastýring á kolum
- Hægt að færa grillið til eftir þörfum þegar það er í notkun
- Fitan lekur ekki á kolin
- Auðvelt að þrífa - hægt að taka alveg í sundur
- Má fara í uppþvottavél

FASTUS_F_14.04.14

MIKIÐ ÚRVAL AUKAHLUTA •
Grill og aukahlutir fást einnig í Búsáhöld, Kringlunni og Líf & list, Smáralind.



Grillpönnur



Tangir



Penslar

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

FASTUS
Veit á vandaða lausn

**Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# Yfirboð og millifærslur

FJÁRMÁL



**Ólafur Ragnarsson**
hæstaréttarlögmaður

**➔ Ríkissjóður Íslands er þriðji skuldsettasti ríkissjóður þjóðríkjanna sem eru aðilar að EES (um 30 þjóðríki í Evrópu) miðað við íbúafjölda, aðeins ríkissjóðir Grikklands og Írlands eru skuldsettari.**

Í Morgunblaðinu þann 16. apríl sl. birtist ágætis grein eftir Jón Steinar Gunnlaugsson lögfræðing þar sem hann kallar það galinn leik að stjórnvöld bæti íbúðareigendum fjártjón sem þeir urðu fyrir vegna þess að verðtryggðar skuldir þeirra hækkuðu af völdum bankahrunsins 2008, en þá varð enn einu sinni stórkostlegt verðfall á íslensku krónunni.

Aðalhöfundur að og baráttumaður fyrir þessum bótum er Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, en það var einmitt þetta snjalla kosningaloforð sem skilaði Framsóknarflokknum stórsigri í síðustu þingkosningum. Bónusinn fékk svo flokkurinn þegar Sigmundur Davíð fékk stjórnarmyndunarumboðið og gerðist forsætisráðherra. Þannig getur hann nú efnt kosningaloforðið um bætur til sumra skuldara, einkum þeirra tekjuhærri, því að þeir skuldsetja sig oft meira en þeir sem minna mega sín. Ekki er ólíklegt að það hafi einmitt verið þeir efnameiri sem bitu helst á kosningaloforðsagnið.

### Réttarríkið

Einkenni réttarríkisins er meðal annars að almennar lagareglur eiga að gilda um öll lögskipti borgaranna, svo sem viðskipti eins og kaup og sölu, og þessar lagareglur mega ekki vera afturvirkar. Borgararnir eiga ýmis réttindi og eru bundnir ýmsum skyldum en eru að mestu frjálsir að öðru leyti. Jafnframt eru í gildi ákveðnar meginreglur eins og þær að skuldbindingar má fá dæmdar ógildar hafi borgararnir verið sannanlega blekktir til þeirra eða forsendur hafi brostið með tilteknum hætti. Þá er það dómstólanna en ekki stjórnmálamanna að meta slíkt eftir þeim aðstæðum sem voru fyrir hendi þegar forsendubresturinn varð. Hins vegar er hægt með sérstökum lögum að ógilda/lækka slíkar skuldbindingar ef meirihluti alþingismanna samþykkir slíkt lagafrumvarp.

### Kostulegt frumvarp fjármálaráðherra

Undrun vekur að formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, gæslumaður ríkissjóðs, skuli flytja lagafrumvarp til að efna og standa undir greiðslu á kosningaloforði Framsóknarflokksins. Sjálfstæðisflokksmönnum var ljóst strax fyrir kosningar að kosningaloforðið var bara loforð um millifærslu á fjármunum. Millifærslur eru efnahagsúrræði sem framsóknarmenn hafa alla tíð beitt. Dæmi um það er landbúnaðarstefna þeirra. Alltaf eru til hagsmunaaðilar sem kaupa slík loforð með atkvæði sínu. Millifærslur eru ekki það sem þarf í dag til að bjarga Íslandi. Ríkissjóður Íslands er þriðji skuldsettasti ríkissjóður þjóðríkjanna sem eru aðilar að EES (um 30 þjóðríki í Evrópu) miðað við íbúafjölda, aðeins ríkissjóðir Grikklands og Írlands eru skuldsettari. Það sem þarf er aukin framleiðni í atvinnulífinu, bæði á sviði framleiðslu og þjónustu. Framleiðni í íslenska hagkerfinu er mjög lítil í samanburði við þróuð erlend hagkerfi, en lítil framleiðni er ávísun á fátækt.

Aukin framleiðni myndast þar sem samkeppni ríkir og samkeppnisgreinar sem veita mestan arð eru þær sem byggja á menntuðu og vel þjálfuðu vinnuafli. Íslenska krónan er dragbítur sem dregur úr samkeppnishæfni Íslendinga og í kjölfar millifærslnanna kemur verðbólga sem launafólk og almenningur borgar fyrir með enn meiri fátækt og skuldsetningu.

Höfundur kosningaloforðsins, Sigmundur Davíð, er ósýnilegur í öllum umræðum um þetta frumvarp. Allir sannir íhaldsmenn, í besta skilningi þess orðs, vita að það er galinn leikur að stunda þau yfirboð og millifærslur sem frumvarpið um efndir kosningaloforðsins felur í sér. Við skulum vona að þetta kosningaloforð og þessi yfirboð verði aldrei að lögum.

# Ógnvekjandi eigin kostnaður vegna göngudeildarþjónustu

HEILBRIGÐISMÁL



**Ólafur Ólafsson**
fv. landlæknir



**Lýður Árnason**
læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar



**Gunnar Alexander Ólafsson**
heilsuhagfræðingur

**➔ Á Norðurlöndum, þar sem þjónustan er byggð upp á svipuðu róli og hér, hafa verið settar reglur um hámarkskostnað í heilbrigðisþjónustu.**

Margar kannanir hafa leitt í ljós að gæði heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi eru eins og best gerist í nágrannalöndum. Grundvallaratriði er að allir hafi gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Því miður virðist svo ekki vera hér á landi. Mörg dæmi hafa borist, meðal annars í fjölmiðlum, um að kostnaður við heilbrigðisþjónustu hafi snaraukist. Vitað er um sjúklinga sem greitt hafa að minnsta kosti milljón krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustu.

Annars staðar á Norðurlöndum, þar sem þjónustan er byggð upp á svipuðu róli og hér, hafa verið settar reglur um hámarkskostnað í heilbrigðisþjónustu. Sem dæmi má nefna að í Svíþjóð er kostnaður yfir 12 mánaða tímabil um 1.100 SEK (18.800 ISK) fyrir heilbrigðisþjónustu og 2.200 SEK (37.500 ISK) fyrir lyf. Á Íslandi er ekkert hámarksþak fyrir kostnað vegna heilbrigðisþjónustu, en hægt er að fá afsláttarkort þegar kostnaður fer yfir 32.300 á almanaksári.

### Flóknar gjaldskrár

Hins vegar er hámarksþak á kostnað vegna lyfja á Íslandi og liggur það við 69.000 krónur. Þegar fólk hefur náð þessari upphæð vegna lyfja á ári, greiðir það ekki meir á 12 mánaða tímabili. Öryrkjar og aldraðir greiða lægri upphæðir. Til viðbótar þessu verður að geta þess að gjaldskrár í heilbrigðisþjónustunni eru flóknar og ógegnsæjar, til dæmis í göngudeildarþjónustu.

Í skýrslu sem gerð var fyrir Krabbameinsfélagið haustið 2013 kom fram að heildarkostnaður heilbrigðiskerfisins á Íslandi árið 2012 var um 150 milljarðar króna. Þar af borgaði hið opinbera 120 milljarða og einstaklingar borguðu um 30 milljarða fyrir heilbrigðisþjónustu (lyf þ.m.t.) árið 2012. Þetta þýðir á mannamáli að ef þeim kostnaði yrði deilt niður á hvert mannsbarn á Íslandi, þyrfti hver og einn að borga 95.000 krónur á ári úr eigin vasa fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf.

Að ofan var nefnt dæmi um að sjúklingar hafi þurft að greiða allt að milljón á ári fyrir göngudeildarþjónustu. Þessi kostnaður er að okkar mati óásættanlegur, ekki síst í ljósi þess að um er að ræða langveikt fólk.

# Markaðurinn hefur brugðist

HÚSNÆÐISMÁL



**Elín Oddný Sigurðardóttir**
skipar 3. sæti á lista Vinstri grænna í Reykjavík

Það dylst engum að ein helsta ástæðan fyrir núverandi vanda á húsnæðismarkaðnum í Reykjavík er sú ofuráhersla sem lögð hefur verið á séreignarstefnuna. Afleiðing hennar er meðal annars að leigumarkaðurinn í borginni hefur verið mjög vanþróaður, sem birtist til dæmis í því að hér skortir hefð fyrir leigufélögum sem bjóða langtímaleigu á hagstæðum kjörum. Fyrir vikið einkennist leigumarkaðurinn af óöryggi, óstöðugleika og allt of hárri húsaleigu. Þetta er hvorki gott né heilbrigt og er ein helsta ástæða þess að 17,9% þeirra sem eru í leiguhúsnæði búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað, samkvæmt nýlegum tölum Hagstofunnar.

### Reynslan er ekki góð

Reynslan hefur sýnt að „markaðurinn" virðist ekki geta leyst þetta vandamál, og því þurfum við að nálgast vandann úr nýjum áttum og á félagslegum forsendum. Hluti af lausninni er húsnæðissamvinnufélög, sem rekin eru í þágu almennings og bjóða öruggt leigu- og kauphúsnæði fyrir einstaklinga og fjölskyldur á sanngjörnum kjörum. Þau gætu orðið mikilvæg viðbót við það sem nú býðst á íslenskum húsnæðismarkaði. Mikið hefur verið talað en minna hefur verið gert. Ljóst er að það þarf sameiginlegt átak ríkis, sveitarfélaga, leigufélaga, lífeyrissjóða og lánastofnana til að hugmyndir um stórfellda uppbyggingu leigumarkaðar geti orðið að veruleika.

### Engan pilsfaldakapítalisma

Markaðurinn hefur ekki svör við öllum þeim vanda sem blasir við íslensku samfélagi. Í stað þess að borgin byði einkaaðilum lóðir til uppbyggingar leigufélaga á útsöluprís – og tryggði þannig hagnað verktaka og fasteignafélaga á kostnað almennings – ætti borgin að setja hagsmuni íbúanna í forgang. Reykjavíkurborg getur orðið hluthafi í nýjum leigufélögum gegn því að úthluta ákveðnu hlutfalli félagslegra íbúða inn í félögin. Þannig mætti vinna bug á biðlistum eftir félagslegu húsnæði og tryggja félagslega blöndun byggðar.

En til þess að þessar hugmyndir geti orðið að veruleika þarf áframhaldandi aðkomu Vinstri grænna. Við höfum kjark og þor til að hugsa út fyrir rammann og tryggja það að uppbygging leigumarkaðar verði á félagslegum forsendum í formi húsnæðissamvinnufélaga og búseturéttaríbúða. Það er margsannað að ofuráhersla íslenskra stjórnvalda á séreignarkerfið er löngu úr sér gengin. Með sameiginlegu átaki getum við leyst þann húsnæðisvanda sem nú blasir við í borginni.

# Galdramál

EVRÓPUMÁL



**Haukur Sigurðsson**
sagnfræðingur

**➔ Þeir í Brüssel vilji hafa púka sína hér til að vinna fyrir sig eins og sá gamli neðrahöfðingi vildi láta þá vinna fyrir sig á myrkri öld.**

Einkenni galdramála hér á landi á 17. öld: Karlmaður er grunaður um að hafa notað ritaða stafi sem hann magnar svo sterkum eiginleikum að þeir geta valdið tjóni, sjúkdómum, dauða manns sem þeir eru sendir til. Hugsanlegur galdramaður var aldrei spurður hvernig hann magnaði stafina þessu afli né hvaðan honum kom kunnáttan. Hins vegar er fullyrt að hann sé á samningi við djöfulinn. Hann er aldrei beðinn um að leggja samninginn fram undirritaðan og staðfestan. Ofsækjendur vita hvernig samningurinn er af því að hann er gerður við þann í neðra.

Andstæðingar samnings við Evrópusambandið eru nú komnir í þetta fýsilega hlutverk þeirra sem engan samning vildu sjá á 17. öld við höfðingjann í neðra. Höfðinginn í neðra breytir nefnilega aldrei samningi þótt hann hafi núna heimilisfesti í Brüssel, segja þeir vísu núna. Aldrei var spurt á 17. öld hvort eða hvernig þeir semdu við hinn öfluga myrkrahöfðingja.

Eins er nú á okkar öld, þá vilja sumir einskis spyrja því að þeir vita hvert svarið verður. Ekki þekktist á galdraöld að spyrja þjóðina hvað henni fyndist um ákvarðanir stjórnvalda í mikilsverðum málum. Nú er reynt að endurlífga þann gamla tíma með því að hlusta ekki á beiðnir líkt og ráðamenn hafi aldrei heyrt þær. Höfðingjanum í neðra finnst það lítt þroskuð stjórnviska að lofa mönnum að greiða atkvæði en taka svo þennan rétt af þeim strax eftir kosningar. Stefnan eigi að vera: Lofa engum rétti til að kjósa eftir að málið hefur verið afgreitt. Það sé eina leiðin til að komast að skynsamlegri niðurstöðu. Þeir í Brüssel vilji hafa púka sína hér til að vinna fyrir sig eins og sá gamli neðrahöfðingi vildi láta þá vinna fyrir sig á myrkri öld. Linni galdraöld og upp renni skeið upplýsingar, munu hinir steinrunnu standa eftir sem saltstólpar, einskis nýtir draugar fortíðar. Skyldi það ekki vera að núverandi stjórnvöld ríki á vitlausri öld?

# Blokkin og járntjaldið

UTANRÍKISMÁL



**Þórarinn Hjartarson**
í stjórn Norðurlandsdeildar Samtaka hernaðarandstæðinga

**➔ NATO-blokkin náði þá stöðu sem nálgaðist heimsyfirráð og neytti nú yfirburða sinna. Blokk sú er fulltrúi auðhringja Bandaríkjanna og ESB fremur en fulltrúi þjóðanna. Ég kalla hana bara Blokkina. Hún notaði lægð Rússlands til að þenja NATO í austur.**

Járntjaldið er komið upp aftur – á nýjum stað. Það var tekið niður skamma stund meðan Rússland lá í djúpri kreppu með Jeltzín við völd, enda var hann handgenginn vestrænu auðmagni. NATO-blokkin náði þá stöðu sem nálgaðist heimsyfirráð og neytti nú yfirburða sinna. Blokk sú er fulltrúi auðhringja Bandaríkjanna og ESB fremur en fulltrúi þjóðanna. Ég kalla hana bara Blokkina. Hún notaði lægð Rússlands til að þenja NATO í austur. Hvert af öðru fengu fyrrverandi Varsjárbandalagsríki „samstarfsaðild" að NATO til aðlögunar, svo fulla aðild. Síðar gerðist það sem hlaut að gerast – Rússland reis upp og leitaði hefðbundinnar stöðu sem stórveldi. Þá var járntjaldið sett upp aftur: Blokkin var nú langt komin með að girða Rússland vestrænum herstöðvum: í nýju Kákasusríkjunum, í Mið-Asíulýðveldunum, í Búlgaríu, Rúmeníu, Póllandi og Eystrasaltsríkjum (og Finnland í norðri með „samstarfsaðild" og náið hernaðarsamstarf við NATO). Blokkin hefur þróað langdrægt skotflaugakerfi á landi og sjó allt frá Eystrasalti til Miðjarðarhafs og Svartahafs. Rússar hafa fengið járntjaldið aftur, utan við stofugluggann.

### Froða um lýðræði

Varnarsamstarf var snar þáttur í margfrægum samstarfssamningi Úkraínu við ESB. Hann átti að stuðla að „aðlögun" og „dýpri þátttöku Úkraínu í evrópska öryggiskerfinu". Sem þýðir á mannamáli? Aðild að NATO. Að stærsti granni Rússa í vestri gengi formlega yfir til andstæðinganna. Þá loks barði Pútín í borðið og fór að gera neyðarráðstafanir. Þá kom næsta skref: Í pressu sinni málar Blokkin upp skrímslið Pútín. Eins og hún málar alla andstæðinga sína; Milosévits, Saddam, Gaddafí, Assad … áður en hún greiðir höggið. Svo kemur viðskiptabann, diplómatísk einangrun, efldar NATO-„varnir". „Varnir" segja menn og gefa sér að Blokkin vinni að friði. En framanskráð heruppbygging lýsir engri friðsemd. Blokkin er jú árásaraðilinn í öllum helstu styrjöldum frá falli Múrsins.

Með froðuna um lýðræði og mannréttindi vellandi úr báðum munnvikum beitir Blokkin fasistum og pólitískum terroristum til skítverka sinna í Kænugarði. Svipað og í Líbíu og Sýrlandi. Hið nýja er hins vegar það að gengið er yfir „rauða strikið", þolmörk Rússlands. Man einhver viðbrögð Kennedys þegar Sovétmenn ætluðu með skotpalla yfir „rauða strikið" í Kúbudeilunni? Ef Blokkin heldur áfram sturluðum heimsyfirráðamarsi sínum í sömu átt endar hún í stórstríði við Rússa sem yrðu váleg tíðindi fyrir Evrópu. Að vanda fylgir Ísland Blokkinni sjálfkrafa og vélrænt – nema skynugt fólk fari að tjá sig.

KRÓNAN

*– fyrst og fremst ódýr!*

# OPIÐ 1. MAÍ



## ALLAR VERSLANIR KRÓNUNNAR ERU OPNAR Í DAG, VERKALÝÐSDAGINN 1. MAÍ

| | |
|---|---|
| Akranesi | 10–20 |
| Árbæ | 10–21 |
| Bíldshöfða | 10–20 |
| Granda | 10–20 |
| Hvaleyrarbraut | 10–21 |
| Jafnaseli | 10–21 |

| | |
|---|---|
| Lindum | 10–20 |
| Mosfellsbæ | 10–20 |
| Reyðarfirði | 12–16 |
| Reykjavíkurvegi | 10–21 |
| Selfossi | 10–19 |
| Vallakór | 10–21 |
| Vestmannaeyjum | 11–18 |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum

# Veitum ungmennum áhrif – lækkum kosningaaldur

SAMFÉLAG



Árni Guðmundsson
M.Ed. félagsuppeldisfræðingur

Við sem höfum starfað að velferðarmálum barna og ungmenna um langa hríð höfum ekki farið varhluta af því hve börn og ungmenni eiga sér veika rödd í samfélaginu. Margt hefur þó áunnist en það er enn þá langt í land hvað varðar raunveruleg áhrif ungmenna, bæði í samfélaginu og í nærumhverfi sínu.

Á níunda áratug síðustu aldar innleiddu félagsmiðstöðvar hérlendis starfsaðferðir unglingalýðræðis sem tæki og lið í valdeflingu ungmenna. Aðferð sem byggir á lífsleikni og er menntandi í víðasta skilningi þess orðs. Starfsaðferðir unglingalýðræðis ganga út á það að efla getu einstaklinga og eða hópa til þess að vinna með öðrum á lýðræðislegum forsendum og að takast á við tilveruna í öllum hennar margbreytileika. Ungmennin öðlast með virkni í starfinu aukna félagslega hæfni, þroska með sér jákvæða sjálfsmynd og aðra þá eiginleika sem fást með þátttöku í þeim fjölmörgum verkefnum og viðfangsefnum sem starfsemi félagsmiðstöðva inniheldur.

**Æskulýðslög**

Þessi þróun hefur m.a. leitt til þess að í æskulýðslögu m (17. mars/2007/11. gr.) er ákvæði um heimild um stofnun ungmennaráða í sveitarfélögum en þar segir: „Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.“ Flest sveitarfélög hafa nýtt sér þetta heimildarákvæði en ekki öll. Í mínum heimabæ, Hafnarfirði, var ákveðið fyrir margt löngu að fulltrúi unglinga ætti sæti í íþrótta- og tómstundanefnd bæjarins með áheyrnar- og tillögurétt á sama hátt og fulltrúi íþróttahreyfingarinnar.

**➜ Starfsaðferðir unglingalýðræðis ganga út á það að efla getu einstaklings og eða hópa til þess að vinna með öðrum á lýðræðislegum forsendum og að takast á við tilveruna í öllum hennar margbreytileika.**

**Ungmennaráð**

Starfsemi ungmennaráða hefur víða um land gengið vel, dæmi um slíkt er Reykjavíkurráð ungmenna og ekki síður í Hafnarfirði, þar var búið að koma á ungmennaráði löngu áður en ákvæði um slíkt kom í lög. Ungmennaráðið/in í Hafnarfirði hafa ýmsu áorkað í gegnum árin. Hinu er þó ekki að leyna að þegar kemur að stóru málunum þá verður oft brestur á, ekki bara í Hafnarfirðinum heldur einnig víðar þar sem ungmennaráð starfa.

Það má velta fyrir sér hvers vegna ungmennaráð eru ekki höfð með í ráðum í stærri málum. Minnist í þeim efnum mikils niðurskurðar til æskulýðsmála, mun meiri niðurskurðar en í öðrum málaflokkum, í Hafnarfirði fyrir nokkrum árum. Á þeim tímapunkti sýndu hafnfirsk ungmenni sterka lýðræðisvitund, efndu til fjölmennrar mótmælagöngu og sýndu hug sinn í verki og höfðu verðskuldað áhrif. Í þessu ljósi má velta fyrir sér hvers vegna er verið að tala um unglingalýðræði og til hvers er fyrirkomulag eins og Ungmennaráð ef það hefur ekkert um brýn hagsmunamál sín að segja þegar virkilega á reynir? Mynd af brosandi stjórnmálamönnum og ungmennaráðum er vissulega hugguleg en hefur ekkert vægi umfram það ef starfsemi ráðanna fylgja ekki raunveruleg völd.

**Lækkum kosningaaldur**

Gæti verið að ungt fólk, þ.e.a.s. þau sem ekki eru kjörgeng, eigi sér í raun enga rödd eða málsvara í samfélaginu þegar að raunverulega blæs á móti? Ég minnist þess fyrir allmörgum árum þegar stjórnmálamenn fóru allt í einu að tala um framhaldsskólann, sem var í velflestum tilfellum í beinu samhengi við lækkun kjörgengis í 18 ár. Getur verið að áherslur stjórnmálamanna miðist nær eingöngu við áhuga virkra atkvæða sbr. foreldramiðuð skólaumræða?

Ég hef lengi verið talsmaður þess að lækka kjörgengi í 16 ára og jafnvel 15 ára aldur og með því gefa ungmennum raunhæfa möguleika á því að hafa áhrif á mótun samfélagsins ekki síst nærumhverfisins og á þau mál sem á þeim brennur. Unglingalýðræði í núverandi mynd virkar ekki sem skyldi þegar á móti blæs. Því tel ég einu raunhæfu leiðina að lækka kjörgengi og því fyrr því betra. Veit sem er að við slíkt myndu málefni unglinga ekki verða sú afgangsstærð í þjóðfélaginu sem því miður oft vill verða. Það hefur ekkert samfélag efni á slíku fáláeti og allra síst á tímum eins og þeim sem við lifum á.





PIPAR\TBWA • SÍA • 140760

## LISTIN Á SÉR ENGIN LANDAMÆRI



Öryggismiðstöðin sýnir einstakt listaverkasafn sitt í tilefni af List án landamæra

List án landamæra er árleg listahátíð með áherslu á fjölbreytileika mannlífsins. Við hjá Öryggismiðstöðinni höfum fylgst náið með hátíðinni og séð hana vaxa og dafna. Áhugi okkar og aðdáun hefur orðið til þess að við höfum síðustu ár keypt verk eftir listamenn hátíðarinnar. Nú opnum við dyrnar og leyfum öllum að njóta þeirrar einstöku listar.

**Sýningin verður opnuð föstudaginn 2. maí kl. 17**
**í Öryggismiðstöðinni, Askalind 1, Kópavogi – gengið inn að ofanverðu.**
**Sýningin er opin helgarnar 3.–4. og 10.–11. maí frá kl. 12 til 15.**

Öryggismiðstöðin er stoltur styrktaraðili Listar án landamæra 2014.

**Eftirfarandi listafólk á verk á sýningunni:**
Atli Viðar Engilbertsson, Einar Baldursson (unnið á Sólheimum), Hugrún Dögg Þorfinnsdóttir (unnið á Bjarkarási), GÍA, Guðrún Bergsdóttir, Ína, Ingi Hrafn Stefánsson, Ísak Óli Sævarsson, Jón Grétar Höskuldsson (unnið á Bjarkarási), Sigrún Huld Hrafnsdóttir og Snorri Ásgeirsson. Á sýningunni verða einnig samstarfsverk Guðrúnar Bergsdóttur og Eggerts Péturssonar, Sigrúnar Huldar Hrafnsdóttur og Söru Riel og Ísaks Óla Sævarssonar og Hugleiks Dagssonar. Þá mun listakonan Unnur Mjöll S. Leifsdóttir sýna nýtt verk sem hún vinnur sérstaklega fyrir sýninguna með frænda sínum Degi Steini.

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN





GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



## ALLT FYRIR BÖRNIN

**Barnamenningarhátíð stendur nú sem hæst en hún verður fram á sunnudag. Fjölbreytt dagskrá er í gangi um alla borg og fjöldi listamanna á öllum aldri tekur þátt í að gera hana sem glæsilegasta. Hægt er að skoða dagskrána á barnamenningarhatid.is.**






**ÖFLUG VÖRN**
Eitt öflugasta andoxunarefnið á markaðnum. Gott við bólgum, verkjum og þunglyndi. Túrmerikhylkin frá Natures Aid innihalda mjög hátt hlutfall af kúrkúmíni og því þarf aðeins að taka eitt hylki á dag.

# UNDRAEFNIÐ TÚRMERIK FRÁ NATURES AID

**GENGUR VEL KYNNIR** *Túrmerik er frábært andoxunarefni sem hefur virkað sérstaklega vel við bólgum og hefur góð áhrif á minnið, blóðrás, blóðsykursójafnvægi og þunglyndi.*

Flest þekkjum við túrmerik sem heiðgula kryddið sem er eitt af undirstöðuefnunum í karríi ásamt því að vera mikið notað sem matarlitur. Túrmerik (Curcuma longa) á sér djúpar rætur í indverskum lækningafræðum þar sem það hefur verið notað til þess að lækna meltingarvandamál og hreinsa blóðið og við húðvandamálum, morgunógleði og lifrarvandamálum í meira en tvö þúsund ár. Virka efnið í túrmerik er kúrkúmín.

**BÓLGUEYÐANDI**

Túrmerik getur minnkað bólgur með því að draga úr histamínmagni í líkamanum og með því að auka, á náttúrulegan hátt, magn kortisóns í líkamanum. Rannsóknir hafa sýnt að túrmerik geti jafnast á við hýdrókortisón þegar kemur að því að minnka verki og stífleika sem tengdir eru liðagigt. Kúrkúmín temprar blóðsykursójafnvægi sem hamlar myndun á hættulegum efnum sem mynda bólgur í líkamanum.

**ANDOXUN, MINNI OG BLÓÐRÁS**

Túrmerik er eitt öflugasta andoxunarefnið á markaðnum. Það getur einnig aukið blóðflæði og þanþol æða og komið jafnvægi á blóðþrýsting. Að auki getur það bætt hjarta- og æðakerfið og komið í veg fyrir skemmdir á innri líffærum, svo sem heila.

**DEPURÐ OG ÞUNGLYNDI**

Samkvæmt GreenMedInfo.com getur túrmerik hjálpað þeim sem þjást af depurð og þunglyndi en rannsóknir hafa sýnt að það virkar að minnsta kosti jafn vel og mörg geðlyf.

**Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI**

Öll framleiðsla Natures Aid er GMP-vottuð (good manufacturing process) og telst því í hæsta gæðaflokki. Styrkleiki kúrkúmíns í hylkjum er mjög mismunandi eftir framleiðendum en túrmerikhylkin frá Natures Aid innihalda mjög hátt hlutfall af kúrkúmíni og því þarf aðeins að taka eitt hylki á dag.

**HVAR FÆST ÞAÐ?**
Útsölustaðir: Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Krónan, Hagkaup, Þín verslun og flest apótek. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.








## Helgarbrjálæði

30% afsláttur
af öllum vörum föstud. og laugardag



Túnikka áður 11.990 kr.
Nú 7.990 kr.

Kjóll áður 14.990 kr.
Nú 9.990 kr.

FLASH

Fleiri myndir á facebook

Laugavegi 54, sími 552 5201






Öflug vörn gegn sveppasýkingum

„Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitingu í lífi og starfi. Ég hef lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvægi og orku og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni," segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfi og fíkniráðgjafi.

„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað. Ég mæli með henni fyrir skjólstæðinga mína sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu."

Bio-Kult
Candéa



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


# HÖFUÐFAT ÁRSINS

**SAMKEPPNI** *Ullarvinnslan í Þingborg efnir til samkeppni um höfuðfat ársins 2014. Keppninni er ætlað að vekja athygli á merkilegri flóru höfuðfata.*

Við stóðum fyrir vettlingasamkeppni fyrir fjórtán árum. Þá tóku 178 þátt og frá þrjátíu og fjórum póstnúmerum af landinu öllu. Okkur langaði að skapa þessa stemmingu aftur," útskýrir Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri ferðamála í Flóahreppi. Ullarvinnslan í Þingborg efnir til samkeppni um höfuðfat ársins 2014.

„Við vonum að sem flestir taki þátt í ár. Við ákváðum að hafa þemað opið, efnisval er frjálst og ekki þarf eingöngu að prjóna eða hekla höfuðfötin. Það mætti meira að segja nota plast sem efnivið, eða bara hvað sem er," segir Iðunn.

Höfuðfatið má vera unnið á hefðbundinn hátt, prjónað, heklað eða þæft eða á hvern annan hátt sem höfundur kýs. Eina skilyrðið er að verkið falli undir skilgreininguna höfuðfat, en sé ekki hárband eða skraut, og sé ætlað fullorðnum.

Þingborg vill með samkeppninni bæði kanna og vekja athygli á hinni merkilegu flóru höfuðfata sem blómstrar ekki síður í köldum löndum en heitum. Höfuðföt endurspegla þjóðarsálina á hverjum tíma, oft eru þau tákn um þjóðfélagsstöðu og í mörgum tilfellum tengd trúarbrögðum viðkomandi hóps eða atvinnugrein.

„Við munum veita verðlaun fyrir hugmyndaauðgi, hönnunarvinnu og menningarlega nálgun. Verðlaunin veitum við í samstarfi við sveitarfélagið," segir Iðunn. Þrenn verðlaun úr héraði verða veitt, meðal annars gisting í Gaulverjaskóla, á Gistiheimilinu Lambastöðum og í Vatnsholti.











**MIKIÐ ÚRVAL** Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir vonast til að sem flestir taki þátt í samkeppninni.

**Nánari upplýsingar er að finna á síðunni www.thingborg.net en höfuðfötin skal senda til Ullarvinnslunnar í Þingborg fyrir 20. maí. Þeim skal skilað undir dulnefni, en umslag fylgi merkt sama dulnefni þar sem nafn, heimilisfang, sími og tölvupóstfang höfundar er skráð. Verðlaunaafhending fer fram á sveitahátíðinni Fjör í Flóa laugardaginn 31. maí 2014.**

# VORLÍNA KATE MOSS Í TOPSHOP

*Samstarf Kate Moss og Topshop hófst fyrir sjö árum þegar Kate hannaði fyrstu línu sína fyrir fatakeðjuna.*



Nú er komin í verslanir Topshop á Íslandi nýja vor- og sumarlínan frá Moss en hún hefur unnið hörðum höndum með hönnuðum Topshop að því að gera nýju línuna enn ferskari og gæðalegri.

Kate Moss er vaxandi hönnuður sem endurspeglast í nýju línunni, þar sem gæðaleg efni eru notuð í klæðin og meiri áhersla lögð á ýmis smáatriði.

Innblásturinn sótti hún til Balear-eyja, sem eru eyjaklasi undan ströndum Spánar, en eyjarnar eru í miklu uppáhaldi hjá fyrirsætunni.

Í línunni má til að mynda finna silkiblússur og útsaumaðar mussur sem henta vel á heitum sumardögum. Einnig kjóla með astekamunstri, kokteilldress og einskonar kjólfatalínu. Þá eru nokkrar einkennandi Kate Moss-flíkur eins og kögurjakkar sem Moss er fræg fyrir að klæðast.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# 20-40%

## afsláttur af öllum vörum

## viltu minnka um tvær stærðir
## Aðhaldsleggings





Háu aðhaldsbuxurnar komnar
Verð áður kr 9.900
**nú aðeins kr 6.990**
Stærð small til XXL

Siffon mussurnar komnar
Áður kr 12.900
**nú aðeins kr 6.990**
Stærð medium til XXL

COSMO
Kringlunni
***opið í dag 13 -18:00***

## Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggiltur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

**ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ**
Ertu að framkvæma og vantar þig gáma, vinnuskúra eða salerni? Nánari upplýsingar fást í síma 5775757 eða með því að send tölvupóst á gamur@gamur.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu



Trampólín og öryggisnet á frábæru verði. Allar frekari upplýsingar á trampolin.is



**LAGERHREINSUN Í DAG 1. MAÍ**
**AÐEINS Í DAG 40% - 80% AFSLÁTTUR !**
Aðeins fimm verð á legersölu 495,- 995,- 1.495,- 1.995,- 2.995,- 30% afsláttur af öllum öðrum vörum í búðinni. Kjóll á mynd 2.995,- Lufsupeysa á mynd 2.995,- Taska á mynd 995,- Opið 12-20 Súpersól Hólmaseli 2 109 Reykjavík 587-0077 567-2077 Erum á facebook

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. S: 896 8568.

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun






**WE-VIBE II, III OG IV**
Bætir kynlífið og konur fá miklu meira út úr samförum með WE-VIBE Vinsælasta unaðstæki í heiminum meðal para mörg ár í röð. Sendum um allt land Millifærsla - greiðslukort - netgíró www.hush.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348. (Aníta)

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## atvinna



**Hópbílar óska eftir að ráða bifreiðastjóra**

**Um er að ræða áætlunarakstur:**
**Akranes – Reykjavík – Akranes**
**Með Akranes sem upphafs og endastöð.**

Frekari Frekari upplýsingar veittar á skrifstofutíma:
Ágúst Haraldsson, rekstrarstjóri í síma 822 0073

**HÓPBÍLAR**
**Hópbílar hf. – Melabraut 18 – Hafnarfirði – 599 6000 – hopbilar@hopbilar.is**




# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**XPRENT -merkir allt**
Hafðu samband við okkur ef þig vantar: bílamerkingar inni- og útimerkingar striga- og ljósmyndaprentun prentun á gsm hulstur límmiða á veggi texta á veggi ofl.
www.xprent.is
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
***Varahlutaþjónusta***
**VÉLANAUST ehf**
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

- *Jarðvegsvinna*
- *Steypusögun*
- *Kjarnaborun*
- *Múrbrot*
- *Húsarif*
- *Öll almenn verktakavinna*

**BROTAFL**
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
*Brotafl ehf*
*Símar 894 8040*
*894 8044*
*Fax 565 0050*
*brotafl@simnet.is*

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

**HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI**
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
*GENERAL HJÓLBARÐAR*

**Iveco**
**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**
**VélRás**
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.
**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**FREDERIKSEN ALE HOUSE ÓSKAR EFTIR KOKKUM OG ÞJÓNUM**
Óskum eftir fólki bæði í fullt starf og hluta starf. Staðurinn opnar um mánaðarmótin Maí/Júní
**Áhugasamir sendið umsókn með mynd á helgitomas@gmail.com**

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**FÉLAG HESTHÚSEIGENDA Í VÍÐIDAL**
Aðalfundur félagsins verður haldinn í C-tröð 4 reiðhöllinni hjá Sigurbirni fimmtudaginn 15. maí n.k kl 19.30. Dagskrá: venjuleg aðalfundarstörf.
**Stjórnin**

**AÐALFUNDUR ÍÞRÓTTAFÉLAGSINS FYLKIS.**
Fimmtudaginn 15. maí kl. 19:30 fer fram aðalfundur Íþróttafélagsins Fylkis í samkomusal Fylkishallar.

**Dagskrá:**
Hefðbundin aðalfundastörf samkvæmt 10. gr. laga Íþróttafélagsins Fylkis. Önnur mál. Reykjavík, 30. apríl 2014.
**Aðalstjórn Fylkis.**

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlífssögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999




**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar





Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


## fasteignir til leigu

**JÖFUR** ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is




**TIL LEIGU**
**Sundaborg 7-9, 104 Reykjavík**
Lager- og skrifstofuhúsnæði
Stærð **321,6 fm.**

**Laust strax / Ekki vsk húsnæði**
Allar nánari upplýsingar veitir:



**Ólafur Jóhannsson**
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1023 / 824 6703**
**olafur@jofur.is**

Á jarðhæð er 150 fm. lagerrými með hillukerfi sem fylgir. Epoxy á gólfum. Góð 3 m. innkeyrsluhurð með inngöngudyr við hliðina. Hringstigi er upp á 2. hæð þar sem eru skrifstofur og starfsmannaaðstaða. Norðan megin eru 3 skrifstofur, stórt fundaherbergi og opið vinnurými fyrir 2-3 starfsmenn. Gott útsýni. Sunnan megin við sameignargang er sýningarrými/salur auk wc og eldhúss. Opnanlegur þakgluggi er í sal.

## fasteignir

**Stakfell** :: 535_1000

Grétar Haraldsson
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Aðalheiður Karlsdóttir**
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Berta Bernburg**
Lögg. fasteignasali og leigumiðlari

**Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk**



**Gistiheimili við Geysi í Haukadal**
Einstakt tækifæri á einum vinsælasta ferðamannastað landsins.

Geysir Green Guesthouse er 9 herbergja gistiheimili með góðum stækkunarmöguleikum. Gistiheimilið er í tæplega 2km fjarlægð frá Geysi í Haukadal. Húsið er fullbúið með rúmum og öðrum húsbúnaði. Heitt vatn úr borholu a lóðinni. Góðar bókanir fyrir komandi sumar.
**Verð 55m.kr.**
**Uppl. gefur sölumaður í síma 696-3559 eða stakfell@stakfell.is**







## til leigu

# Jörðin Mosfell I í Grímsnesi
### auglýst til leigu



**Fasteignanefnd þjóðkirkjunnar, f.h. kirkjumálasjóðs, auglýsir lausa til leigu jörðina Mosfell I í Grímsnesi, landnr. 168267, sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppi.**

- Jörðin gæti m.a. hentað hestamönnum.
- Æskilegt er að leigugjald sé að hluta til innt af hendi með vinnuframlagi leigutaka við nauðsynlegar endurbætur og lagfæringar við hið leigða.
- Miðað er við að leigusamningur verði ótímabundinn og með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

**Sjá nánari upplýsingar á kirkjan.is**

## tilkynningar

### Kosning til kirkjuþings hefst 1. maí nk.

Kosningin er rafræn og fer fram á http://kosning.kirkjan.is. Þar er einnig að finna nauðsynlegar leiðbeiningar. Kjörfundur stendur yfir frá 1. til og með 15. maí 2014.

*Reykjavík 30. apríl 2014,*
*fyrir hönd kjörstjórnar*

*Hjördís Stefánsdóttir, formaður*

### SAMTÖK ALDRAÐRA.

**AÐALFUNDUR SAMTAKA ALDRAÐRA 2014**
VERÐUR HALDIN Í SAFNAÐARHEIMILI GRENSÁSKIRKJU 15 MAÍ 2014. KL. 13.30.

**Dagskrá:**
1. SETNING AÐALFUNDAR.
2. KJÖR FUNDARSTJÓRA OG RITARA.
3. SKÝRSLA/ÁVARP FORMANNS.
4. SKÝRSLA GJALDKERA/ENDURSKOÐAÐIR REIKNINGAR FYRIR SÍÐASTA ÁR LAGÐIR FRAM.
5. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG GJALDKERA.
6. KOSNING STJÓRNAR OG VARAMANNA.
7. ÁKVEÐIÐ ÁRGJALD NÆSTA ÁRS.
8. ÖNNUR MÁL.

***STJÓRN SAMTAKA ALDRAÐRA***

HVALFJARÐARSVEIT

### Opinn kynningarfundur í Hvalfjarðarsveit

**Lýsing breytingar aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 á landnotkun og stefnumörkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga.**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 25. mars sl. lýsingu breytingar aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er varðar stækkun iðnaðarsvæðis um 52,4 ha og minnkun athafnasvæðis um 85,8 ha og minnkun hafnarsvæðis um 6,7 ha á Grundartanga sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 30. apríl sl. lýsingu breytingar aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er varðar stefnumörkun iðnaðarsvæða á Grundartanga sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Haldinn verður opinn kynningarfundur fyrir almenning og aðra hagsmunaaðila varðandi lýsingu ofangreindra breytinga aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 í félagsheimilinu Fannahlíð, í Hvalfjarðarsveit, fimmtudaginn 8. maí nk. kl. 17:30. Lýsingarnar liggja frammi á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3 og á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar, www.hvalfjardarsveit.is/skipulag/auglysingar.

Ábendingar við efni lýsinganna skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi þann 22. maí 2014 á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes eða á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is.

**Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðasveitar**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957

Sala fasteigna í 57 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

Framúrskarandi fyrirtæki 2013



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali | Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali | Magnús Geir Pálsson, sölumaður | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali | Guðlaugur I. Guðlaugsson, sölumaður | Reynir Björnsson lögg. fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri | Elín Þorleifsdóttir, ritari | Ásdís H. Júlíusdóttir ritari | Guðrún Magnea Árnadóttir, ritari




# Glæsilegar og nútímalegar íbúðir á góðum stað

**90 vandaðar og vel hannaðar íbúðir í Mánatúni 7-17 í 5 stigagöngum.** Húsin eru hönnuð af Kanon arkitektum og vekja athygli fyrir gott skipulag og nútímalegt útlit. Allur frágangur er sérlega vandaður.

- Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna, þó eru flísar á baðherbergi og í þvottahúsi.
- Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi og baðherbergi, fataskápar í forstofu og svefnherbergjum.
- Allar íbúðir eru með sér stæði í bílageymslu.
- Fyrstu íbúðirnar verða afhendar um mánaðarmótin sept. – okt. 2014.

Dæmi:
133,2 fm íbúð á 2. hæð
Verð: 46.700.000










**Nánari upplýsingar á eignamidlun.is og hjá sölumönnum:**



Guðlaugur I. Guðlaugsson gsm: 864 5464 gudlaugur@eignamidlun.is

Kjartan Hallgeirsson gsm: 824 9093 kjartan@eignamidlun.is

Hilmar Þór Hafsteinsson gsm: 824 9098 hilmar@eignamidlun.is

Reynir Björnsson gsm: 895 8321 reynir@eignamidlun.is



# VALHÖLL
**FASTEIGNASALA**

*Síðumúla 27 - Sími 588 4477*

*Opið virka daga frá kl. 9-17*

**Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali**



## Sumarhúsin seljast hjá okkur!
## Viltu selja?

Tryggðu þér lögbundna söluskoðun löggilts fasteignasala.

Er við símann núna.

Frí söluskoðun á S- og V- landi alla helgina.

Jón Rafn S: 695-5520, jonrafn@valholl.is




**Flúðir - Heitur pottur, stór verönd**

Vel byggt og notalegt 60fm sumarhús. Heitt og kalt vatn ásamt rafmagni tengt húsi. Stutt er á golfvöllinn og alla þá þjónustu sem í boði er á Flúðum. Tvö rúmgóð svefnherberg. Baðherbergi m. sturtu með nuddi og gufu. Stofa og eldhús í opnu rými, útgengt á verönd. Til viðbótar við uppgefna fermetra bætist 6 fm skúr á lóð sem verður tengdur við rafmagn.
**V. 18,9 millj.**
**Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**



**Sogsbakki - Allt innbú fylgir**

Stórglæsilegt heilsárshús í Ásgarðslandi Grímsnesi, allt innbú fylgir. Grunnflötur hússins með svefnlofti og útigeymslu er rúmlega 120 fm og er eignin á 7.900 fermetra eignarlandi.
Tvö svefnherbergi, annað með kojum og hitt með tvíbreiðu hjónarúmi og fataskápum. Tvö baðherbergi, annað með tengi f. þvottavél. Stofa og eldhús í stóru opnu rými með góðri lofthæð. Svefnloft rúmar vel tvö tvíbreið rúm. Gott geymslupláss.

**V. 34,5 millj.**
**Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**




**Sumarhús Nesjar v. Þingvallavatn - Gott útsýni**

85 fm sumarhús á 5000 fm eignarlandi í landi Nesja við Þingvallavatn. Stofa og eldhús í opnu rými þaðan sem útgengt er á útsýnisverönd með sýn yfir vatnið. Þrjú stór svefnherbergi. Rafmagnsnuddpottur.

**V. 35 millj.**

**Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**



**Heiðarbyggð - Flúðir.**

Fallegur 58 fm sumar / heilsársbústaður á góðum útsýnisstað. 2 góð svefnherbergi, svefnloft, hitaveita, heitur pottur á góðri afgirtri verönd. Skuldlaus.

**Verð 13,9 millj.**

**Uppl. veitir Jón Rafn 695-5520**




**Klausturhólar steyptur kjallari og steypt plata**

Höfum til sölu steypatan kjallara ásamt steyptri plötu á 1-hektara eignarlóð við Klausturhóla, rétt við Borg í Grímsnesi. Tilbúið til að byggja 50 fm sumarhús á. Kjallarin er með 2m lofthæð, gluggar og hurð. 15 mahony gluggar og 2 hurðir fylgja.

**Verð 5,9 milj,**

**Uppl. veitir Heiðar í s: 693-3356**




**Hraunborgir - Hólmasund**

Góður mikið endurnýjaður ca 70 fm. bústaður á mjög góðum stað í Hraunborgum, frábær staðsetning, mikið búið að gróðursetja. Þrjú góð svefnhergi ásamt risolfti. Nýlegur vandaður rafmagnspottur, allt nýtt á baði, nýtt eldhús með innb. ísskáp.

**V. 18,6m.**
**Mögul. skipti á íbúð í Rvk eða Kópavogi.**
**Uppl. Ellert 893-4477 eða ellert@valholl.is**




**Sumarhús - Kjós**

46 fm sumarhús m. tveimur svefnherbergjum. Útgengt frá stofu á pall með góðu útsýni yfir Meðalfellsvatn. Opið eldhús.
Eigin vatnsveita í samfloti m. sjö öðrum húsum á svæðinu.

**V. 10,5 M.**

**Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**




**Öndverðarnes - Hús í byggingu**

Góður ca 80 fm bústaður sem er í byggingu, búið að teikna 24,7 fm gestahús. Eignaskipti möguleg.

**Nánari uppl. veitir Ellert 893-4477**




**Þingvellir - Frábært útsýni**

36 fm bústaður í landi Nesja. Húsið stendur hátt og nýtur stórfenglegs útsýnis. Eignin skiptist í tvær einingar, annars vegar hús með stofu m. útsýnisgluggum, eldhús, svefnherbergi m. kojum og lítið svefnloft. Geymsla til hliðar við húsið þar sem er snyrting. Undir húsi hefur verið útbúin 4,5 fm geymsla en þar væri t.d. hægt að koma upp sturtuaðstöðu. Afar vel með farin eign vel staðsett á þessu fallega svæði.
**Tilboð.**
**Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**




**Þingvellir - Miðfellsland**

Mjög góður 35 fm sumarbústaður ásamt ca 15 fm sólskála (viðbyggður), 15 fm svefnloft og 14 fm góður geymsluskúr á lóðinni með rafmagni. Stendur á um 0,3 ha eignarlandi sem er allt í frábærri rækt með stórum fjölbreyttum trjágróðri, fellegum lundum og góðri grasflöt. Örstutt niður að Þingvallavatni, bátur með mótor fylgir, frábært útsýni, rafmagn og hitakútur í húsinu, sér kaldavatnsborhola. Eitt svefnherbergi, snyrting, útisturta (stutt í sundlaug), alrými með eldhúsi innaf og svo rúmgóður sólskáli. **Verð 11,9 millj.** **Húsið er til sýnis í dag 1. maí. Uppl. Veitir Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali S:896-5222 ingolfur@valholl.is**




**Húsafell - Vandað hús**

81 fm sumarhús á steyptri plötu á birki vaxinni lóð í eldri hluta Húsafellsskógar. Innbú fylgir með í kaupum.
Þrjú stór svefnherbergi.
Útgengt er á pall frá stofu.
Heitur pottur.

**Tilboð.**

**Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**




**Skorradalur - Heilbjálkahús**

Tæplega 70 fm eign í Vatnsendahlíð. Þrjú svefnherbergi.
Stofa og eldhús í opnu rými. Stór útsýnis- og sólpallur er fyrir framan meðfram húsi, þar er heitur pottur.

**V. 17,6 millj.**

**Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**




**Vatnsendahlíð - Skorradalur**

Nýreist 75 fm hús með óviðjafnanlegu útsýni yfir Skorradalsvatn. Eignin er tæplega fokheld en getur fengist afhent lengra komin. Vinna við pall er langt komin. Gert er ráð f. þremur svefnherb. Stór stofa og eldhús með útsýnigluggum er snúa út að vatni,

**Tilboð.**

**Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**




**Hálsasveit í Borgarfirði - Eignarland**

60 fm sumarhús 7187 fm eignarlandi í grennd v. Signýjarstaði. Eignin er á steyptri plötu með hitalögn í gólfi.
Tvö svefnherbergi. Baðherbergi m. flísalögðu gólfi og veggi, þar er sturta, handklæðaofn, upphengt klósett og skápainnrétting undir vaski. Stofa og eldhús með hvítri innréttingu í opnu rými, útgengt á pall sem er umhverfis allt húsið.

**V. 15,9 millj.**

**Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**




**Eyrarskógur - Eignarland**

Nýkominn í sölu fallegur 50 fm sumarhús á 6,300 fm eignarlandi á fallegum útsýnisstað í Eyrarskógi. Aðeins 40 mínútna akstur frá Reykjavík. Húsið er allt í mjög góðu standi að utan sem innan. Tvö baðherb. Gott svefnloft. Parket. Vönduð kamína í stofu. Góð verönd með heitum potti. Aflokað sumarhúsasvæði með hliði. Stutt í golf og alla þjónustu.

**Verð 15.3.**
**Uppl. veitir Bárður í 896-5221.**



**Svarfhólsland - Í grennd v. Vatnaskóg**

74 fm hús umvafið gróðri og með fallegu útsýni. Eignin er innst í botnlanga fjarri allri umferð. Heitt og kalt vatn. Tvö svefnherbergi ásamt svefnlofti. Baðherbergi m. sturtuklefa. Stofa m. fallegri kamínu, einnig er þar sófi, sjónvarp og borðstofuborð er fylgir eigninni. Eldhús er m. vandaðri innréttingu.

Uppl. Jón Rafn S: 695-5520




# Reitir bjóða grænt leigusamband

Reitir fasteignafélag býður viðskiptavinum sínum upp á grænt leigusamband. Við hjálpum þér að breyta þínu atvinnuhúsnæði í vistvænan vinnustað.

Reitir fasteignafélag er stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Markmið okkar er að vera leiðandi í mótun umhverfisvitundar í íslensku atvinnulífi.

Kynntu þér Græna Reiti á www.reitir.is.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát

**GEIRS ZOËGA.**

**Sigríður E. Zoëga og fjölskylda.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ERLA S. JÓNSDÓTTIR**
**Suðurvangi 6, Hafnarfirði,**

andaðist miðvikudaginn 23. apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 5. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem viljast minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Kristbjörg Einarsdóttir** **Guðlaugur Ellertsson**
**Ingibjörg Magnúsdóttir** **Júlíus Jón Jónsson**
**Sólbjörg Harðardóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur sonur minn og bróðir okkar,

**SIGURÞÓR SIGÞÓRSSON**

lést á líknardeild Landspítalans hinn 26. apríl sl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Auður Antonsdóttir**
**Anton G. Sigþórsson**
**Valdimar H. Sigþórsson**
**Þorbjörg A. Sigþórsdóttir**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELSABET JÓNSDÓTTIR**
**Eskifirði,**

andaðist fimmtudaginn 24. apríl. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju föstudaginn 2. maí kl. 14.00.

**Jóhanna Kristín Friðgeirsdóttir** **Ómar Jónsson**
**Steinn Friðgeirsson** **Liselotte Widing**
**Helga Friðgeirsdóttir** **Ásmundur Þórisson**
**Drífa Friðgeirsdóttir** **Einar Jónsson**
**Kristgeir Friðgeirsson** **Birna Kjartansdóttir**
**Inga Jóna Friðgeirsdóttir** **Óskar B. Hauksson**
**Brynja Rut Sigurðardóttir** **Páll Ragnar Þórisson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELENA HÁLFDANARDÓTTIR**
**sjúkraliði,**

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 22. apríl. Útförin verður gerð frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Baldur Rafnsson** **Elinóra Kristín Guðjónsdóttir**
**Guðbjörg Linda Rafnsdóttir** **Stefán Jóhann Stefánsson**
**Brynhildur Björk Rafnsdóttir** **Sigursteinn Magnússon**
**Arnheiður Edda Rafnsdóttir** **Erling Erlingsson**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐLAUG GUÐRÚN TORFADÓTTIR**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 26. apríl sl. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 2. maí kl. 11.00.

**Auður Axelsdóttir** **Eiríkur Guðmundsson**
**Torfi Axelsson** **Geirlaug Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

---

**1. MAÍ** ÁRIÐ 1923: FYRSTA KRÖFUGANGAN Á 1. MAÍ Á ÍSLANDI

## Ákveðið að gera daginn að baráttudegi árið 1889

Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins er í dag, 1. maí. Rætur hans má rekja til þess þegar tillaga frá Frökkum var samþykkt á þingi evrópskra verkalýðsfélaga í París árið 1889 um að 1. maí skyldi verða alþjóðlegur frídagur verkafólks. Frakkar lögðu til að verkafólk notaði daginn til fjöldafunda til að fylgja eftir kröfum um átta stunda vinnudag og aðrar umbætur á kjörum.

Fyrsta kröfugangan á 1. maí var gengin á Íslandi árið 1923 og dagurinn varð lögskipaður frídagur árið 1972.

Á þessum degi er ávallt leikinn alþjóðasöngur verkalýðsins, Internasjónalinn sem oft er líka kallaður Nallinn. Hann var fyrst fluttur opinberlega í júlí árið 1988 en höfundur er Eugène Pottier. Sveinbjörn Sigurjónsson þýddi sönginn yfir á íslensku og er lagið eftir Pierre De Geyter.

Hinn 1. maí er hefð fyrir hátíðahöldum um allt land og fara landsmenn í kröfugöngur og hlýða á ræður forsvarsmanna verkalýðsfélaganna.



---



**ALDREI UPPISKROPPA MEÐ EFNI** „Við spilum bara lög sem aðrir eru hættir að nota og spilum á hljóðfæri sem aðrir eru hættir að nota.“

# Ótrúlega farsælt hjónaband Hunds í óskilum

**Hljómsveitin Hundur í óskilum fagnar tvítugsafmæli sínu í ár. „Það var ekkert planað að vera svona lengi í hljómsveit,“ segir Hjörleifur Hjartarson, annar meðlimur sveitarinnar. Þeir Eiríkur G. Stephensen halda upp á afmælisárið með tónleikaröð.**

„Við uppgötvuðum það einhvern daginn að við værum tvítugir í ár. Það eru tímamót í sjálfu sér. Við bendum gjarnan á það að við höfum verið að næstum því helmingi lengur en Bítlarnir,“ segir Hjörleifur Hjartarson. Hann skipar dúettinn Hundur í óskilum ásamt Eiríki G. Stephensen. Sveitin, sem þekkt er fyrir gamansemi og glaum, fagnar tuttugu ára afmæli sínu í ár.

„Við byrjuðum í einhverju partíi eins og hljómsveitir byrja gjarnan. Síðan er partíið búið að standa í tuttugu ár. Eiríkur félagi minn flutti norður til Dalvíkur þar sem ég bjó í Svarfaðardal og fundum okkar bar saman í Leikfélagi Dalvíkur. Þar spiluðum við eitthvað í partíum og það samstarf stendur enn,“ segir Hjörleifur. Það var þó aldrei meiningin að stofna hljómsveit.

„Það var ekkert planað að vera svona lengi í hljómsveit. En samstarfið blómstrar sem aldrei fyrr. Þetta er búið að vera alveg ótrúlega farsælt hjónaband. Við erum löngu komnir yfir öll leiðindi. Við sitjum bara þegjandi í bílnum þegar við keyrum á tónleika. Í mesta lagi les ég Séð og Heyrt upphátt á meðan Eiríkur keyrir. Við erum löngu orðnir svo leiðir hvor á öðrum að við erum hættir að taka eftir því.“

Hljómsveitin fagnar afmælinu með nokkrum tónleikum á Café Rósenberg, þar á meðal næstkomandi föstudagskvöld klukkan 22.00. Þótt líftími sveitarinnar sé langur hefur Hundur í óskilum ekki gefið út mikið efni.

„Við erum ekkert ofsalega duglegir við að halda tónleika, enda miðaldra menn og verðum latari með árunum. Við höfum gefið út tvær plötur sem báðar innihéldu tónleika sem voru teknir upp því við nenntum ekki í stúdíó. Við erum ekki einu sinni með heimasíðu. En meðan er eftirspurn eftir okkur erum við til. Við bókuðum nokkra tónleika á Rósenberg því þá neyðumst við til að mæta þegar tónleikarnir eru auglýstir. Það heldur okkur við efnið,“ segir Hjörleifur á léttum nótum en sveitin hefur þó nóg fyrir stafni.

„Við höfum verið uppteknir í leikhúsinu undanfarin ár. Við vorum meðal annars með leiksýningu sem hét Saga þjóðar. Hún gekk og gekk og við höfðum ekki tíma í tónleikahald á meðan. Við spilum líka talsvert á árshátíðum og eigum tvær Grímur fyrir leikhústónlist. Þótt við séum ekki duglegir að gefa út höfum við ekki setið aðgerðalausir.“

Hjörleifur segir þá félaga aldrei verða uppiskroppa með efni.

„Við spilum bara lög sem aðrir eru hættir að nota og spilum á hljóðfæri sem aðrir eru hættir að nota. Það er alltaf nóg af slíku efni. Það má segja að við séum í endurvinnslu og höfum gefið okkur út fyrir að vera hljómsveit hins nýja tíma á Íslandi þar sem hlutirnir eru nýttir í botn. Við spilum til dæmis jólalög allt árið um kring. Við spilum á eldhúsáhöld sem enginn vill spila á – hárþurrkur og hækjur til dæmis,“ segir Hjörleifur. Hann segir afmælisárið lofa góðu.

„Við erum að leggja drög að nýrri sýningu. Saga þjóðar heldur alltaf áfram að lengjast í annan endann þannig að það er kominn efniviður í nýja sýningu. Síðan vorum við með sýninguna Hestaat í samstarfi við Hilmi Snæ í Hörpu fyrir stuttu og það verða einhverjar sýningar á því í lok maí í Þjóðleikhúskjallaranum,“ segir Hjörleifur sem nýtur þess að vera tvítugur á ný.

„Við erum barnungir. Við eigum fjörutíu ár eftir af ferlinum.“

> **Við sitjum bara þegjandi í bílnum þegar við keyrum á tónleika. Í mesta lagi les ég Séð og Heyrt upphátt á meðan Eiríkur keyrir. Við erum löngu orðnir svo leiðir hvor á öðrum að við erum hættir að taka eftir því.**
>
> *Hjörleifur Hjartarson.*


liljakatrin@frettabladid.is

# ÁLNAVÖRUBÚÐIN
## Hveragerði

þegar þú ert á ferðinni...

# TILBOÐSDAGAR

15% - 70% afsláttur
af ÖLLUM vörum

# 1.-4.maí

Margir litir! Fisléttir!







SIXMIX Strigaskór
Verð: 12990 kr NÚ: 7794 kr

SIXMIX leðurskór
Verð: 14990 kr NÚ: 8994 kr

Softwalk
Verð: 4790 kr NÚ: 4072 kr







SIXMIX leðurskór
Verð: 19490 kr NÚ: 16567 kr

SIXMIX leðurskór
Verð: 17990 kr NÚ: 10794 kr

SIXMIX leðurskór
Verð: 15490 kr NÚ: 13167 kr







VIOX strigaskór-extra léttir
Verð: 4790 kr NÚ: 4072 kr

VIOX strigaskór
Verð: 5790 kr NÚ: 4922 kr

VIOX strigaskór
Verð: 5790 kr NÚ: 4922 kr

## OPIÐ frá kl 10-18 þann 1.maí

Waterman regngalli
Verð: 8990 kr NÚ: 7642 kr

Splashman stígvél
Verð: 5690 kr NÚ: 4837 kr

CAMPO dömu&herrajakkar
Verð: 18990 kr NÚ: 16142 kr








Þú getur pantað og fengið sent
í gegnum Facebook eða síma 483-4517
facebook.com/alnavorubudin

## OPNUNARTÍMI

Virkir dagar 10-18 Laugardagar 10-18 Sunnudagar 12-18

Við sendum hvert á land sem er FRÍTT



2 | KL. 20:55
**The Blacklist**
Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðalhlutverki.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld



2 | KL. 19:45
**Friends With Better Lives**
Glæný gamanþáttaröð sem hefur verið líkt við gömlu góðu Friends þættina.



2 | KL. 20:10
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**Dream House**
Spennumynd með Daniel Craig, Rachel Weisz og Naomi Watts í aðalhlutverkum.



GULL STÖÐIN | KL. 19:35
**Two And a Half Man**
Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.




3 | KL. 19:20
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | 5 | |
| 3 | | | 4 | | 9 | | | 1 |
| | | | 5 | 6 | 7 | 9 | | 3 |
| 4 | | 8 | | | 3 | | | |
| | | | 7 | | | | 6 | |
| | 3 | 2 | | | 8 | 1 | 4 | |
| | 6 | 3 | 8 | 7 | | | | |
| 5 | | | | | 4 | 8 | | |
| | 8 | | | | | 2 | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | | | 7 | | |
| | | 4 | 6 | | 7 | 2 | | 1 |
| | | | | | | | | |
| | 9 | | | | | 6 | 1 | 5 |
| 4 | | | | 2 | | | 9 | |
| | | 1 | | | 6 | 3 | | |
| | | 2 | 7 | | | | | 6 |
| | | | 3 | 8 | | 1 | | |
| | | 7 | | | 4 | | 3 | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | | | | | |
| | | | 6 | | 1 | 2 | | |
| | | | 5 | 2 | | 1 | 7 | 8 |
| | 3 | 7 | | 9 | | | 6 | |
| 5 | 9 | | | | | | 1 | 3 |
| | | | | | | 4 | | |
| 8 | 6 | | | | | | 2 | |
| | | | | 6 | | | 5 | |
| 1 | 2 | | | 7 | | 9 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 8 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 6 | 4 | 5 | 3 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 1 | 8 | 7 | 5 |
| 9 | 7 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 1 |
| 3 | 1 | 2 | 8 | 5 | 6 | 7 | 9 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 5 | 6 | 8 | 2 | 9 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 5 | 4 | 9 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 7 | 3 |
| 7 | 9 | 2 | 1 | 3 | 4 | 6 | 5 | 8 |
| 9 | 7 | 6 | 2 | 4 | 8 | 3 | 1 | 5 |
| 1 | 5 | 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 4 |
| 2 | 4 | 3 | 5 | 6 | 1 | 9 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 2 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 8 | 6 | 9 | 4 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 9 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 | 8 | 2 |
| 2 | 1 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Golf er skemmtilegra en að ganga nakinn um á ókunnugum stað, en ekki mikið.“

*Buddy Hackett*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Vigfús Ó. Vigfússon (1.981) vann Ólaf Gísla Jónsson (1.890) í fimmtu umferð Skákmóts öðlinga í síðustu viku.**

**Hvítur á leik:**



**24. Dxg6! cxd3 25. Dxf5+ Kg8 26. Df7+** og Ólafur Gísli gafst upp enda óverjandi mát, t.d. eftir 26.… Dxf7 27. exf7 Kf8 28. Ba3+.

**www.skak.is:** Carlsen sigraði á minningarmóti Gashimov.

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** bjálfi, **6.** tveir eins, **8.** sæ, **9.** stansa, **11.** utan, **12.** vél, **14.** sanka saman, **16.** pot, **17.** loka, **18.** lík, **20.** í röð, **21.** brak.

**LÓÐRÉTT**
**1.** torveld, **3.** klaki, **4.** lögtak, **5.** hylur, **7.** slá, **10.** óhreinka, **13.** Skst., **15.** hófdýr, **16.** mælieining, **19.** kind.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** fífl, **6.** ll, **8.** sjó, **9.** æja, **11.** án, **12.** mótor, **14.** safna, **16.** ot, **17.** lás, **18.** hræ, **20.** mn, **21.** marr. **LÓÐRÉTT: 1.** slæm, **3.** ís, **4.** fjárnám, **5.** lón, **7.** ljóstra, **10.** ata, **13.** ofl, **15.** asni, **16.** ohm, **19.** ær.



Helgi Björns
& reiðmenn vindanna
ELDBORG
16. JÚNÍ
SÉRSTAKIR GESTIR:
HILMIR SNÆR
JÓI SIG
ÖRN ÁRNA
Aðeins einir tónleikar!
MIÐASALA ER HAFIN.
MIDI.IS
HARPA.IS



MÁNUDAG
21:20
GAME OF THRONES
SUNNUDAG
19:10
SJÁLFSTÆTT FÓLK
LIVE ANOTHER DAY
FIMMTUDAG
20:05
Hefst 29. maí
Kvikmyndaveisla
í leikstjórn Baltasars Kormáks
ÞRIÐJUDAG
20:10
Á fullu GAZI
Hefst 28. maí
MIÐVIKUDAG
20:50
DALLAS
Ljóshraði
Skemmtipakkinn
180.000 kr. sparnaður
á 36 mánuðum
Ljóshraðanet og heimasími
Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og aðild að Vild á aðeins 7.990 kr.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!







# Mögnuð dagskrá í maí!

Kröfuharðir áhorfendur geta búið sig undir frábæra dagskrá í maí. Hinn önnum kafni Jack Bauer mætir í nýrri seríu af 24 og launráðin verða brugguð í Game of Thrones sem aldrei fyrr. Við fræðumst um fleiri íslenska ástríðuglæpi og Baltasar Kormákur verður kynntur sem sérlegur heiðursgestur Stöðvar 2.

Með Oz appinu geturðu tekið sjónvarpsáskriftina með í sumarfríið, í bústaðinn, útileguna og veiðitúrinn. Þú getur horft á útsendingu sjónvarpsstöðva 365, tekið upp dagskrárliði og safnað þínum þáttum og horft þegar þér hentar. Allt þetta fyrir aðeins 990 kr. aukalega á mánuði.







fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

**7.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! 365.IS



**KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR** „Við höfum prófað okkur áfram, bæði spilað nútímatónlist og klassíska fyrir krakkana.“

# Segir frá æsku og menntun Schuberts

Var Schubert slúbbert? er yfirskrift tónleika sem Kammersveit Reykjavíkur heldur á Barnamenningarhátíð í Ævintýrahöllinni Iðnó í dag.

Félagar úr Kammersveit Reykjavíkur flytja þætti úr Oktett eftir Franz Schubert fyrir forvitna tónleikagesti á öllum aldri í Iðnó í hádeginu í dag. „Við erum bara gríðarlega spennt,“ segir Guðrún Hrund Harðardóttir, víóluleikari og listrænn stjórnandi Kammersveitarinnar. „Kammersveitin hefur tekið þátt í Barnamenningarhátíð frá upphafi og það hefur verið mjög gott samstarf. Við höfum prófað okkur áfram, bæði spilað nútímatónlist og klassíska fyrir krakkana og að þessu sinni ákváðum við að kynna þau fyrir Schubert og þessum glæsilega oktett hans.“

Oktettinn, sem tónskáldið Franz Schubert samdi árið 1824, telst til þekktustu kammertónverka tónlistarsögunnar. Hljóðfæraskipanin er klarínett, fagott, horn, tvær fiðlur, víóla, selló og kontrabassi, en auk þess að kynna hljóðfærin sín fyrir tónleikagestum leitast hljóðfæraleikararnir við að svara spurningum tónleikagesta. „Við verðum með kynningar, bæði á verkinu og Schubert sjálfum, fyrir börnin en þetta eru samt fjölskyldutónleikar sem fólk á öllum aldri getur notið,“ segir Guðrún Hrund.



**FRANZ SCHUBERT**

Meðal þess sem hún mun segja frá er æska Schuberts og tónlistarmenntun hans. „Það vakti athygli mína að hann, eins og Mozart og aðrir samtímamenn hans, lærði á mörg hljóðfæri. Byrjaði sex ára að læra bæði á píanó og fiðlu og síðar bættist víóla við. Þetta er aðeins öðru vísi en við eigum að venjast í dag þegar krakkar læra yfirleitt ekki nema á eitt hljóðfæri og við sérfræðingarnir getum heldur ekki hoppað á milli hljóðfæra,“ segir Guðrún Hrund. „Þetta var öðru vísi í þá daga.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og standa í tæpa klukkustund og aðgangur er að sjálfsögðu ókeypis.

- fsb



**LITAGLEÐI OG LISTDANS** Sýning Bíbí og blaka, Fetta bretta, er önnur tveggja opnunarsýninga hátíðarinnar.

# Góðar og vandaðar sýningar fyrir krakka

Önnur sviðslistahátíð ASSITEJ verður formlega sett í dag. Hátíðin býður upp á mikið úrval sviðslistaverka fyrir börn og unglinga, en megináherslan er lögð á danslistina að þessu sinni. Aðgangur er ókeypis á allar sýningar hátíðarinnar.

Við erum aðeins byrjuð en formleg opnunarhátíð verður í dag klukkan 14 í Ráðhúsi Reykjavíkur,“ segir Vigdís Jakobsdóttir, formaður ASSITEJ á Íslandi, en samtökin standa þessa dagana fyrir glæsilegri sviðslistahátíð fyrir börn og ungmenni. „Eftir það eru sýningar á tveimur dansverkum fyrir börn í Tjarnarbíói, Fetta bretta, vönduð sýning Bíbí og blaka fyrir allra yngstu áhorfendurna sem naut mikilla vinsælda í fyrra, og Óður og Flexa reyna að fljúga, sem er frumsýning á glænýju íslensku verki fyrir krakka á leikskólaaldri. Hátíðin heldur svo áfram á föstudag og laugardag með alls konar skemmtilegheitum.“

Meðal þeirra sem fram koma á hátíðinni á laugardaginn er hollenski hópurinn Arch8 með sýninguna Murikamification. Hópurinn skapar, að sögn Vigdísar, ógleymanlega stemningu í draumkenndum göngutúr um borgina sem bæði ungir sem aldnir geta látið hrífast af. „Þetta er danshópur með rosalega skemmtilega sýningu sem hefur verið á flakki um heiminn í nokkur ár. Þau blanda saman parkúr og nútímadansi á mjög skemmtilegan máta. Þau bjóða áhorfendum í göngutúr klukkan 12 og 17 á laugardaginn og það er lagt upp frá Tjarnarbíói. Ég get lofað fólki einstakri upplifun, ég sá þessa sýningu í Austurríki og það breytti sýn minni á umhverfið.“

Er mikil uppsveifla í sviðslistum fyrir börn? „Við erum að reyna að búa hana til,“ segir Vigdís og hlær. „Það hafði lengi ríkt alveg ægilegt ástand í þessum málum. Þeir sem vildu sýna börnum sínum góða sviðslist áttu yfirleitt ekki aðra kosti en stóra glamúrus söngleiki á stórum leiksviðum. Þótt það hafi yfirleitt verið mjög vandaðar sýningar, þá bæði er miðaverð mjög hátt og þetta er bara einn angi sviðslistanna. Það hefur vantað töluvert upp á að börn og unglingar ættu völ á fjölbreyttari tegundum sviðslista. Þau hafa, alveg eins og fullorðna fólkið, mismunandi smekk og mismunandi þarfir. Það á að vera sjálfsagt í siðmenntuðu samfélagi að á boðstólum sé úrval af góðri, vandaðri og fjölbreyttri sviðslist fyrir krakka á öllum aldri.“

fridrikab@frettabladid.is

## ASSITEJ
## HVAÐ ER NÚ ÞAÐ?

**ASSITEJ eru alþjóðleg samtök leikhúslistafólks sem gerir leikhús fyrir börn og ungt fólk.**

**Hvað þýðir ASSITEJ?**
Nafnið er skammstöfun á franska heiti samtakanna sem er: Association Internationale du Théâtre de l'Enfance et la Jeunesse.

**Hvert er hlutverk ASSITEJ?**
Hlutverk ASSITEJ á Íslandi er að standa vörð um leikhús fyrir unga áhorfendur og styðja við listafólk sem starfar á þeim vettvangi.

**Hvað gerir ASSITEJ á Íslandi?**
Samtökin beita sér fyrir samstarfi og samskiptum listafólks og leikhúsa innanlands sem utan og stuðla þannig að listrænni þróun. Sviðslistahátíð ASSITEJ gegnir þar lykilhlutverki.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

LISTMUNAUPPBOÐ Í MAÍ

VIÐ LEITUM AÐ LISTAVERKUM

Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð sem fer fram í maí



Við leitum að verkum eftir frumherjana í íslenskri myndlist. Sérstaklega eftir Ásgrím Jónsson, Jóhannes S. Kjarval, Kristínu Jónsdóttur, Louisu Matthíasdóttur, Þórarinn B. Þorláksson, Svavar Guðnason og Nínu Tryggvadóttur.
Ennfremur er mikil eftirspurn eftir verkum Georgs Guðna, Kristjáns Davíðssonar, Gunnlaugs Blöndal og Gunnlaugs Scheving.

Áhugasamir geta haft samband í síma 551-0400

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–16, sunnud. lokað

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold

# Verur í viðjum

Sýning á myndum Maribel Longueira á Háskólatorgi.

Sýning á verkum spænsku listakonunnar Maribel Longueira verður opnuð á Háskólatorgi á morgun klukkan 16. Sýningin samanstendur af 21 ljósmynd og beinir augum að mengun sjávar og hvernig það vaxandi vandamál birtist í formi sjórekins rusls sem finna má á ströndum landa. Í sýningunni ljær listakonan viðfangsefninu ákveðið mannlegt yfirbragð og form þannig að ruslið horfist í bókstaflegri merkingu í augu við þann sem skoðar myndina.

Listakonan er frá Galisíu á norðvestanverðum Spáni en þar eru fiskveiðar undirstaða samfélagslegrar velferðar, atvinnulífs og menningar. Þar er fólk, ekki síst eftir hið gríðarlega Prestige-mengunarslys árið 2002, vel meðvitað um mikilvægi þess að spornað sé gegn mengun í lífkerfi sjávar, bæði heima og hnattrænt.



**MARIBEL LONGUEIRA** Sýningin samanstendur af 21 ljósmynd og beinir augum að mengun sjávar og hvernig það vaxandi vandamál birtist í formi sjórekins rusls. MYND: FRANCES TORRES

Eiginmaður Maribel er galisíska skáldið Francisco X. Fernández Naval og verður hann með í för. Við opnunina mun hann, ásamt íslensk-galisíska skáldinu Elíasi Knörr flytja nokkur ljóð sem tengjast efni sýningarinnar.

# FRÁBÆRT TILBOÐ Á SPJALDTÖLVU

## STÖÐ 2 FYLGIR MEÐ!

**Samsung GALAXY Tab 3 10,1" + Stöð 2 + OZ**




(**Stóri**pakkinn eða **Fjölskyldu**pakkinn)

**3.795 kr.** á mánuði í 18 mánuði með Netgíró* eða **56.700 kr.** staðgreitt

**SAMSUNG**

**SPJALDTÖLVA-GALAXY TAB3 10,1"**

- 10,1"skjár 800x1280pixla
- 3,15mp myndavél sem tekur upp video í 720p upplausn. Micro SD kortarauf
- 1,6GHz Dual-Core örgjörvi. 1GB vinnsluminni, 16GB innbyggt minni
- Hægt að vinna í Office skjölum

P5210WHI365

**Netgíró**
EKKERT KREDITKORT
GREITT Í HEIMABANKA

**SPJALDTÖLVUNNI FYLGIR KAUPAUKI:**
Áskrift að Fjölskyldupakka Stöðvar 2 í fjóra mánuði **eða**
Stórapakka Stöðvar 2 í einn mánuð, allt í gegnum OZ.
Frábært tilboð á aðeins 3.795 kr. á mánuði í 18 mánuði með Netgíró.

*0% vextir - 3,5% lántökugjald - kr. 340 færslugjald - kr. 195 greiðslugjald - ÁHK 27.63% - Alls kr. 68.315

## OPIÐ Í DAG 1. MAÍ Í LINDUM OG Á GRANDA

GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN
PANTAÐU Í SÍMA 575-8115 SKIPTIBORÐ ELKO 544-4000 WWW.ELKO.IS

ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ



**BJÖRN ROTH** Roth spjallar við gesti um sýninguna Hnallþóra í sólinni sunnudaginn 4. maí.

## Björn spjallar um Hnallþóru

Björn Roth, sýningarstjóri, sonur og samstarfsmaður Dieters Roth, spjallar við gesti um sýninguna Hnallþóra í sólinni sunnudaginn 4. maí.

Hnallþóra í sólinni er sýning á úrvali prent- og bókverka eftir Dieter Roth en á sýningunni er lögð áhersla á framlag listamannsins til prentmiðilsins, sem hann hafði mikinn metnað fyrir. Sýnd eru grafík- og bókverk frá árunum 1957 til 1993, en sýningunni er skipt upp í ellefu mismunandi tímabil sem veita greinargóða innsýn í listsköpun og ævistarf Dieters Roth. Sýningin var upphaflega sett upp í Skaftfelli á Seyðisfirði og eru verkin fengin að láni frá Nýlistasafninu og fjölskyldu Dieters Roth.

Sýningarstjóraspjall Björns hefst klukkan 15 og er aðgangur ókeypis.

# Bók fyrir sjálfan mig tvítugan

Ljóðabókin Tvífari gerir sig heimakominn eftir Anton Helga Jónsson kom út hjá Forlaginu í síðustu viku. Að sögn höfundarins svífur andi sjöunda áratugarins yfir vötnum í ljóðunum enda segist hann ungur hafa vígst inn í familíu Dylans, Bítlanna og Stones og tilheyri henni að vissu leyti enn þá.

„Ég verð að segja að ég er mjög ánægður með þessa bók og stoltur af henni,“ segir Anton Helgi Jónsson þegar honum er óskað til hamingju með nýju ljóðabókina, Tvífari gerir sig heimakominn. „Ég náði held ég ýmsu sem mig hefur lengi langað til að gera og það var ýmislegt sem kom heim og saman.“ Beðinn um dæmi segir Anton Helgi: „Til dæmis eins og að leika mér með ýmsar myndlíkingar þannig að þær verði skemmtilegar um leið og þær eru hversdagslegar í hversdagslegu umhverfi, eins og í fyrsta ljóðinu um verslunarferð þar sem tilgangur lífsins mætir á svæðið.“

Ljóðin í bókinni eru nánast öll tengd Reykjavík og því eðlilegt að spyrja hvort Anton Helgi sé tekinn við af Tómasi Guðmundssyni sem Reykjavíkurskáld. „Það held ég varla, þau eru svo mörg fremri mér í því,“ segir Anton og hlær. „En mig hefur lengi langað til að gera borgarljóðabók og það sem ýtti við mér var að fyrir nokkrum árum eignaðist ég ljóða- og textasafn Pauls McCartney sem kom út upp úr aldamótunum og þegar ég las í gegnum það þá allt í einu mundi ég hvað það var sem hafði sterkust áhrif á mann þegar maður var krakki og unglingur og að mig hafði langað að gera svona bók þegar ég var rúmlega tvítugur. Kannski má segja að þessi bók sé ort fyrir sjálfan mig tvítugan.“

### ➜ Ljóðið um hjartapuntinn

Hvers vegna nefnir enginn
hjartapuntinn
sem bara vex í Grafarvogi?
Það hvín oft í stráum
og grösum í sveitinni.
Hlustum frekar á hjartapuntinn
sem hvergi vex nema í Grafarvogi.
Við gætum átt svo góðar stundir.
Förum og leitum að hjartapuntinum
sem bara vex í Grafarvogi.

Anton Helgi heldur því fram að þetta sé að mörgu leyti gamaldags ljóðabók eins og marka megi af tilvitnuninni í McCartney sem eru einkunnarorð hennar. „Ég er að nota alls konar trix sem ekki hafa verið mikið uppi á yfirborðinu á undanförnum árum og andblær sjöunda áratugarins er mjög sterkur í bókinni. Þó ég geti ekki annað en vonað að hún höfði til ungs fólks þá er mjög greinilegt að þarna skrifar gamall karl sem horfir um öxl.“

Til hvers vísar tvífarinn í titlinum? „Tvífarinn er kannski framandleikinn í manni sjálfum eða ýmislegt sem maður nær ekki sambandi við. Eða kannski er tvífarinn bara veruleikinn sjálfur. Mörg þessara ljóða fjalla um ákveðið sambandsleysi og einmana fólk og þar er ég kannski að miðla einhverri tilfinningu sem hefur hangið með mér lengi, en þetta er líka sýn mín á samfélagið og hvar við höfum verið stödd allmörg undanfarin ár.“

Og af því stafar þessi nostalgía eftir sjöunda áratugnum? En þá varst þú bara barn. „Já, verður maður ekki fyrir sterkustu áhrifunum þegar maður er barn og unglingur? Þegar ég var þrettán, fjórtán ára þá lögðust þeir á mig með fullum þunga Dylan, Bítlarnir, Stones og bara öll sú familía og ég hef að einhverju leyti verið staddur í þeim tíma síðan.“ fridrikab@frettabladid.is



**ANTON HELGI** „Mig hefur lengi langað til að gera borgarljóðabók og það sem ýtti við mér var að fyrir nokkrum árum eignaðist ég ljóða- og textasafn Pauls McCartney.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**Á SÝNINGUNNI** Prjónaðar ullarvöfflur, stórar, smáar, fínar og grófar. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Lætur íslensku ullina leiða sig áfram

Með íslenskan ullarþráð í hendi veltir Lilý Adamsdóttir myndlistarkona fyrir sér upphafi og endi. Hún opnar sýningu í Deiglunni á Akureyri á laugardaginn.

Sýningin er eins konar ullarinnsetning þar sem ég vinn með hljóð, vídeó og skúlptúra, skoða meðal annars hin smæstu ullarhár og þeirra fíngerðustu hreyfingar,“ segir Lilý Adamsdóttir myndlistarkona. Hún leikur sér með íslensku ullina á annan hátt en margur annar og lætur hana leiða sig í hinar heimspekilegustu vangaveltur um upphaf, endi, orsök, afleiðingu, tækifæri og fegurð.

Lilý opnar sína fyrstu einkasýningu í Deiglunni á Akureyri á laugardaginn klukkan 15 en hefur tekið þátt í sýningum og verkefnum hér á landi og erlendis og vinnur með gjörninga, vídeó, teikningar, textíl og innsetningar.

gun@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ

MAÍ

1

FIMMTUDAGUR

Opið í dag **1.maí**
í öllum verslunum
Bónus **11:00-18:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL VISA



**Eldraunin**
Þjóðleikhúsið - Stóra svið
★★★★☆

„Skoðun þess sem hér heldur um penna er sú að það ætti að skylda alla landsmenn til að sjá þessa mjög svo góðu sýningu; svo brýnt erindi á hún við íslenskan samtíma.“

Jakob Bjarnar Grétarsson

# Halda upp á Verka

Fríyrkjan er hópur ungskálda sem komu saman í fyrra og gáfu út ljóðabók. Í kvöld heldur hópurinn ljóðakvöld í Tjarnarbíó til þess að umbylta kerfinu.

„Þetta er ljóðakvöld til þess að fella kapítalismann, við gerum ráð fyrir því að umbylta kerfinu fyrir klukkan ellefu,“ segir Stefán Ingvar Vigfússon, en hann býður til Verkaljóðskvölds í Tjarnarbíói í kvöld klukkan 20.00. Kvöldið er á vegum Fríyrkjunnar, hóps ungskálda sem hafa verið dugleg að halda ljóðakvöld undanfarna mánuði. „Það er frekar breytilegt hverjir lesa,“ segir Stefán Ingvar en Fríyrkjan samanstendur af um það bil tuttugu ungum skáldum. „Það fer bara eftir því hverjir mæta.“ Hópurinn var stofnaður í fyrra af Sólveigu Matthildi Kristjánsdóttur en ungskáldin gáfu í kjölfarið út sína fyrstu ljóðabók. „Síðan þá erum við búin að vera lesa upp ljóðin hér og þar,“ segir Stefán Ingvar um ljóðakvöldin svonefndu. „Þau hafa líka verið mjög vel sótt. Á fyrsta ljóðakvöldinu var troðið út að dyrum og síðan þá hafa þetta verið á bilinu þrjátíu til hundrað manns að hlýða á,“ segir Stefán Ingvar sem býst við metmætingu á Verkaljóðskvöldið, sem er einmitt svo listilega haldið á verkalýðsdaginn sjálfan. „Ég býst nú bara við að húsið hrynji.“

**„Við gerum ráð fyrir að umbylta kerfinu fyrir klukkan ellefu.**



**UPPRENNANDI UNGSKÁLD** Stefán Ingvar Vigfússon tilheyrir Fríyrkjunni.

# Gróttudagurinn í dag

Sumarkomunni á Seltjarnarnesi er fagnað með fjörugum fjölskyldudegi í Gróttu í dag.

Gróttuviti verður vafinn vinatrefli í dag sem starfsfólk bæjarins og eldri borgarar hafa prjónað. Hönnuðirnir Olga Hrafnsdóttir og Elísabet Jónsdóttir sýna í vitavarðarhúsinu en þær sækja innblástur til Gróttuvita. Börn geta rannsakað sjávarlífverur með stækkunarglerjum í fræðasetrinu þar sem ljúfir harmóníkutónar óma og hægt er að kaupa vöfflukaffi. Í Albertsbúð syngur KK í hálftíma frá 13.15 og að því loknu hefst þar gerð flugdreka.

Allt þetta og fleira til er á dagskrá fjölskyldudagsins í Gróttu sem stendur frá 13 til 15.

Opið er út í eyjuna frá kl. 11.30 til 16 og Björgunarsveitin Ársæll sér um að ferja fólk sem ekki á auðvelt með ganga. Stutt helgistund verður í Albertsbúð klukkan 12.30.

Þetta er síðasta tækifæri til að fara út í Gróttu áður en lokað verður fyrir umferð þangað vegna fuglavarps til 15. júlí.



**Í GRÓTTU** Hátíðin höfðar til allra aldurshópa. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Orka í loftinu í Istanbúl

Amiina blæs til tónleika í kvöld í Mengi á Óðinsgötu þar sem hljómsveitin mun spila nýtt efni í bland við gamalt ásamt nýjum útgáfum af eldgömlum lögum.

Hljómsveitin Amiina ætti ekki að vera ókunnug neinum Íslendingi en sveitin hefur gert garðinn frægan erlendis jafnt sem hérlendis. „Það vill bara svo skemmtilega til að við héldum tónleika nýverið í Istanbúl sem voru fyrstu tónleikarnir okkar í svolítinn tíma,“ segir Magnús Trygvason Eliassen, trymbill sveitarinnar, um hvers vegna þau ákváðu að blása til tónleika í Reykjavík. „Það var bara einhver orka í loftinu á tónleikunum úti og við hugsuðum bara af hverju ekki að nýta þessa æfingatörn sem við tókum fyrir þá tónleika í aðra tónleika á Íslandi,“ segir Magnús. Ýmislegt verður að finna á efnisskrá tónleikana. „Við munum spila allt milli himins og jarðar,“ segir Magnús. „Nýtt efni í bland við gamalt, það verða allavega tvö lög sem við höfum spilað áður en aldrei gefið út. Síðan verða nýjar útgáfur af eldgömlum lögum og bara alls konar.“
Tónleikarnir fara fram í Mengi á Óðinsgötu og hefjast klukkan 21.00. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.



**SKEMMTILEG HLJÓMSVEIT** Amiina ætti ekki að vera ókunn neinum Íslendingi. MYND/AÐSEND






# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 1. MAÍ 2014**

## Gjörningar

**14.00** Ruslaurant opnar á Járnbraut 1, Granda. Markmiðið er að vekja athygli á öllum þeim góða mat sem fer til spillis daglega og bjóða gestum og gangandi uppá veitingar. Frír matur fyrir alla á meðan birgðir endast. Í ferlinu frá framleiðanda til neytenda er árlega 1/3 af öllum mat hent. Á meðan svelta milljónir manna. Peningurinn, vatnið og landið sem fer í þessi sóuðu matvæli má vafalaust verja betur.

## Tónleikar

**12.00** Var Schubert slúbbert? Fjölskyldutónleikar Kammersveitar Reykjavíkur á Barnamenningarhátíð í Ævintýrahöllinni í Iðnó. Félagar úr Kammersveit Reykjavíkur flytja gáskafulla, töfrandi og tilfinningaþrungna þætti úr Oktett eftir Franz Schubert fyrir forvitna tónleikagesti á öllum aldri. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Sumargleðskapur BORG í Lucky Records. Tónlistarmennirnir sem koma fram eru Viktor Birgiss, plötusnúðar BORG og Housekell. Allir velkomnir og lofað góðu stuði.

**20.00** Daníel Hjálmtýsson leikur ábreiður af lögum eftir marga af hans uppáhaldstónlistarmönnum. Má þar nefna listamenn á borð við Townes Van Zandt, Bob Dylan, Neil Young, Nick Cave og Mark Lanegan. Tónleikar Daníels eru partur af svokallaðari Daniel Acoustic Introspection seríu sem hófst snemma árs 2013 og hefur hlotið mikið lof. Tónleikarnir eru á Hlemmur Square og eru opnir öllum.

**20.00** Kvennakór Hafnarfjarðar heldur vortónleika undir yfirskriftinni Vorið kallar. Stjórnandi Kvennakórs Hafnarfjarðar er Erna Guðmundsdóttir, píanóleikur er í höndum Antoníu Hevesi og flautuleikari er Kristrún Helga Björnsdóttir. Tónleikarnir verða í Hásölum við Strandgötu og miðaverð á tónleikana er 2.500 krónur. Gestum boðið að þiggja kaffi og konfekt í tónleikahléi.

**20.00** Vortónleikar karlakórsins Fóstbræðra í Langholtskirkju. Á efnisskrá verða m.a. sænsk og ensk þjóðlög, verk eftir Högna Egilsson og útsetningar eftir Davíð Þór Jónsson. Þá er úrval eldra efnis ásamt kórum úr Carmen. Einsöng flytur Hanna Dóra Sturludóttir. Á píanó spilar Steinunn Birna Ragnarsdóttir og stjórnandi er Árni Harðarson. Miðaverð er 3.000 krónur og miða er hægt að nálgast á miði.is

**20.00** Vortónleikar Karlakórs Kópavogs í Salnum í Kópavogi. Kórinn er nú á sínu 12. starfsári og telur nú yfir 60 söngmenn. Garðar Cortes hefur stjórnað kórnum frá 2011. Á efnisskrá vortónleikanna verða flutt hefðbundin karlakórslög í bland við önnur óhefðbundin lög útsett fyrir karlakóra. Kórinn leitast við að túlka hljóma úr angurværum rómantískum ljóðum upp í tóna úr harmþrungnum hetju- og ættjarðaróðum. Frá hvísli þagnarinnar upp í tónstyrk sem aldrei væri morgundagurinn. Miðaverð er 3.000 krónur og miða er hægt að nálgast á miði.is

**21.00** Hallur Ingólfsson flytur sólóplötuna sína Öræfi í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ. Plötuna gaf Hallur út í september síðastliðnum og inniheldur platan níu ósungin lög sem eru í senn dramatísk og hlaðin grimmri fegurð. Öræfi komst í úrtak af útgáfum ársins sem tilnefndar voru til Norrænu tónlistarverðlaunanna og sást víða á árslistum ýmissa tónlistarspekúlanta yfir bestu plötur ársins. Miðaverð eru 1.500 krónur og hægt er að nálgast miða á miði.is

**21.00** Hljómsveitin Four Leaves Left heldur tónleika á Vínsmakkaranum og er aðgangur ókeypis.

**21.00** Raftónlistarmenn koma fram á Harlem Bar, Tryggvagötu 22. Flestir tónlistarmennirnir eru danskir og munu koma fram einir og í hóp. Meðal tónlistarmanna sem koma fram eru Jonas G, OEDELAND, Lord Pusswhip, Holoduke, Kjært Barn, SnabelKael, Coup de Ras, WAIC, Cæcilie Overgaard, Matthiam, Qasmus og Totenslager. Aðgangur er ókeypis.

## Listamannaspjall

**15.00** Ingibjörg Sigurjónsdóttir og Anna Hrund Másdóttir, sýningarstjórar útskriftarsýningar BA nema í hönnun, arkitektúr og myndlist VERÐA með sýningarstjóraspjall í Listasafni Reykjavikur, Hafnarhúsi. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.



**16.00 Bak við tjöldin - Kogga** ræðir um verk Magnúsar Kjartanssonar í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Hér gefst einstakt tækifæri til að fá innsýn í heim listamannsins í tengslum við sýninguna Form, litur, líkami: háspenna/lífshætta, Magnús Kjartansson sem nú stendur yfir í sölum safnsins. Í framhaldi af leiðsögn Kolbrúnar Björgúlfsdóttur tekur við kynning á myndbandsverki mánaðarins eftir finnsku listakonuna Nina Lassila, „PULL YOURSELF TOGETHER“. Listakonan verður viðstödd sýninguna og mun kynna verkið.

## Dans

**16.30** Nemendasýning Listdansskóla Hafnarfjarðar verður sýnd á Stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu. Miðaverð er 2.500 krónur og hægt er að nálgast miða á miði.is.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


OPIÐ Í DAG 1. maí
frá kl: 12-17
Opið
Opið
Merkjavörur frá: Deres SMASH galleri sautján URBAN focus og fleiri verslunum
Bolur: 3.000.-
Humör
Buxur: 6.000.-
Bolur: 3.000.-
Peysa: 2.995.-
Stuttbuxur: 4.000.-
Stuttbuxur: 3.000.-
Allir hlýrabolir: 1.000,-
Jakki: 5.000.-
Kjóll: 4.000.-
Ballerínur: 2.000,-
Strigaskór: 3.000,-
Strigaskór: 4.000,-
Mikið úrval af sólgleraugum: 1.000,-
Geggjuð sumartilboð í gangi...
+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna
Sendum í póstkröfu
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikkonan Emilia Clarke er 27 ára í dag.**

Hún er þekktust fyrir að leika Daenerys Targaryen í Game of Thrones.

## FRUMSÝNING

Transcendence,

**vísindaskáldskapur**

**AÐALHLUTVERK:** Johnny Depp, Rebecca Hall, Morgan Freeman, Kate Mara, Cillian Murphy, Paul Bettany.

**Aldurstakmark: 12 ár**



IMDb 6,4/10
Metacritic 42/100
Rotten Tomatoes 18/100

## FRUMSÝND Í MAÍ 2015



Sony Pictures tilkynntu að kvikmyndin Pixels, sem skartar Adam Sandler, Kevin James og Michelle Monaghan, verði frumsýnd þann 15. maí á næsta ári. Chris Columbus leikstýrir myndinni en tökur hefjast í næsta mánuði. Framleiðslufyrirtæki Sandlers, Happy Madison, framleiðir myndina ásamt Allen Covert, 1492 Pictures, Michael Barnatham og Mark Radcliffe.

## LEIKUR Í MONSTER TRUCKS



Leikarinn Rob Lowe hefur landað hlutverki í kvikmyndinni Monster Trucks hjá Paramount. Myndin verður frumsýnd 29. maí á næsta ári. Aðrir leikarar í myndinni eru til dæmis Danny Glover, Jane Levy og Amy Ryan en mikil leynd hvílir yfir söguþræði hennar. Rob er líka með hlutverk í sumarmynd í ár þar sem hann leikur á móti Cameron Diaz og Jason Segel í Sex Tape.

## VISSIR ÞÚ...



...að leikarinn Leonardo DiCaprio var nefndur eftir listmálaranum Leonardo DaVinci. Sagan segir að móðir hans hafi fundið hann sparka í fyrsta sinn þegar hún stóð fyrir framan mynd af DaVinci á safni í Flórens á Ítalíu.



**ÞRÍR VINIR** Zac, Miles og Michael leika þrjá góða vini.

## Allt á yfirborðinu

KVIKMYND ★☆☆☆☆

**That Awkward Moment**

Aðalhlutverk: Zac Efron, Miles Teller, Michael B. Jordan og Imogen Poots

Eftir að þessari mynd lauk varð mér hugsað til setningar í sjónvarpsþáttunum Friends þegar Joey fékk að heyra eftir leiklistarprufu að hann væri „not believable as a human being" eða ótrúverðugur sem manneskja.

Mig langar næstum því að segja það sama um Zac Efron. Ég gaf honum séns og beið eftir því að hann myndi sanna að hann væri ekki bara fallegt andlit með sixpakk og tindrandi augu. Það gekk ekki eftir. Hann er svo lélegur leikari að stundum gat ég ekki einu sinni horft á hvíta tjaldið þegar hann var að tala.

Restin af leikaraliðinu er svo sem ekki mikið skárri. Mig grunar líka að sjö ára barn hafi skrifað handritið, sem oft og tíðum er miklu meira en skelfilegt.

Hér er allt á yfirborðinu. Allar tilfinningar eru utanáliggjandi og enginn reynir að gera þær svo mikið sem fimm prósent persónulegar. Og í þeim leik er Zac Efron meistari. Lilja Katrín Gunnarsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Ekkert kemur á óvart og hér er farið illa með gott tækifæri til að láta fólk hlæja og jafnvel fella nokkur tár.

# Konurnar hrifsuðu toppsætið af Captain America

Grínmyndin The Other Woman var frumsýnd á Íslandi í gær. Myndin náði fyrsta sæti í Bandaríkjunum yfir mestu miðasölu en fyrir frumsýningarhelgina hafði myndin Captain America: The Winter Soldier trónað á toppi listans í þrjár vikur. Í myndinni stígur söngkonan Nicki Minaj sín fyrstu skref á hvíta tjaldinu.

IMDb 6,4/10 Metacritic 9/100 Rotten Tomatoes 26/100

Grínmyndin The Other Woman var frumsýnd hér á landi í gær en hún fjallar um þrjár konur sem allar hafa átt vingott við sama, svikula manninn.

Leikkonurnar Cameron Diaz og Leslie Mann eru í aðalhlutverkum ásamt fyrirsætunni Kate Upton. Myndin hefur ekki fengið mikið lof gagnrýnenda en hefur aldeilis trekkt fólk að í kvikmyndahús.

Myndin rakaði inn 24,7 milljónum Bandaríkjadala frumsýningarhelgina, tæpum þremur milljörðum króna. Myndin skaust beint í fyrsta sæti listans yfir myndir sem náðu mestri miðasölu þá helgi og náði toppsætinu af ofurhetjumyndinni Captain America: The Winter Soldier, sem hafði haldið því sæti í þrjár vikur í röð. 75 prósent þeirra sem sáu myndina á frumsýningarhelginni voru konur.

Söngkonan Nicki Minaj fer einnig með lítið hlutverk í myndinni en þetta er hennar fyrsta hlutverk á hvíta tjaldinu. Hún er þó ekki ókunn bíóbransanum því henni bregður fyrir í teiknimyndinni Ice Age: Continental Drift, sem var frumsýnd árið 2012. Nicki segist vilja leika meira og er hvergi nærri hætt.

„Ég fer í prufur og ég er að reyna að finna rétta hlutverkið með rétta leikstjóranum og réttu handritshöfundunum. Mig langar að vera hluti af einhverju frá byrjun næst og ég vil að hlutverkið sé sérsniðið fyrir mig," segir Nicki í viðtali við MTV New. Hún segist þó ekki vera að leita sér að stóru hlutverki þessa dagana, enda að vinna að nýrri plötu. „Ég er mjög fjölhæf. Stundum langar mig að leika í grínmynd með Will Ferrell og stundum langar mig að leika í mynd í anda Set it Off með öðrum, ungum, þeldökkum leikkonum. Og stundum væri ég til í að leika í X-Men-mynd." Auk kvennanna fjögurra fara þeir Nikolaj Coster-Waldau og Taylor Kinney með hlutverk í myndinni.

liljakatrin@frettabladid.is



**Á UPPLEIÐ** Nicki vill leika meira.



**ÞRUSULEIKARALIÐ** Konurnar trekkja að. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### → Við gætum sparkað í eistun á honum!

Þetta er þriðja mynd fyrirsætunnar Kate Upton en hún lék lítil hlutverk í Tower Heist og The Three Stooges. Mikið grín hefur verið gert að línunum sem hún fær í The Other Woman og hafa fjölmargar vefsíður tekið saman allar línurnar sem hún á í myndinni. Þykja mörgum þeir afar heimskulegar en eru sammála um að Kate komist ágætlega frá þeim. Hér fylgja nokkrar af línum hennar í myndinni:

- Hæ.
- Hvað er að gerast?
- Ég trúi því ekki að hann hafi logið að mér. Ég hélt að við værum sálufélagar. Ó Guð, fyrirgefðu. Ég trúi því ekki að ég hafi sagt þetta. Þú ert sálufélagi hans! Ég er hóra.
- Þú hlýtur að hata mig svo mikið núna en ef það er þér einhver huggun þá hata ég mig meira.
- Þú virðist vera svo indæl og allan þennan tíma lét hann mig halda að þú værir djöfullinn.
- Er ykkur sama þótt ég reyki?
- Við gætum sparkað í eistun á honum!




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989

# DEBENHAMS

## CLINIQUE DAGAR

í **DEBENHAMS** dagana 1.- 7. maí

**OPIÐ Í DAG**
13.00 – 18.00

*Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr. eða meira.**

7 day scrub cream, kornakrem, 30ml
DDML+, gula kremið, 30ml
Take the day off augnfarðahreinsir, 30ml
High impact maskari, 3,5 ml
Blushing blush kinnalitur
Superbalm moisturizing gloss, 7ml

Sérfræðingur frá Clinique verður á staðnum og aðstoðar þig við að finna réttu snyrtivörurnar.

*meðan birgðir endast







**Byrjaðu daginn á heilbrigðan hátt.**
Nýtt Superdefense. Raki, andoxunarefni og sólarvörn allt í nýja Superdefense, daily defense moisturizer SPF 20. Þú veist hvað líkami þinn þarfnast á morgnana.
Nýja Superdefense kremið kemur húðinni í gang fyrir daginn. Fullkomin vörn, létt í sér og silkimjúkt. Sönn ánægja að bera á sig.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**
**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

# DÝRAMYNSTUR TRÖLLRÍÐA VORTÍSKUNNI

Það er afar móðins að klæðast fötum með dýramynstri eða með myndum af hinum ýmsu dýrum. Fremstu tískuhönnuðir heims láta ekki sitt eftir liggja í þessari vor- og sumartísku og leika sér með þetta hægri og vinstri. Eins og meðfylgjandi myndir sýna er hægt að tolla í dýratískunni með ýmsu móti.


MIU MIU


MIU MIU


RACHEL ZOE


TEMPERLEY LONDON


ASHISH

# Áhrifamiklir gestir hjá TIME



Time blés til galakvöldverðar í New York á dögunum til að fagna útkomu nýs lista tímaritsins yfir þá 100 áhrifamestu í heimi. Gestalistinn var prýddur stjörnum sem mættu prúðbúnar á rauða dregilinn. Pharrell Williams, sem sjálfur prýðir eitt sæti á listanum, sá um að skemmta gestum yfir kvöldverðinum og fékk fólkið til að dilla sér við ljúfa tóna. Það er tónlistarkonan Beyoncé sem prýðir forsíðu tímaritsins sem inniheldur listann góða.


**MEÐ PLÁSTUR** Pharrell Williams og eiginkona hans, Helen Lasichanh.

NORDICPHOTOS/GETTY


**FLOTT HJÓN** Fyrirsætan Christy Turlington Burns og eiginmaðurinn Ed Burns.


**FLOTT KLÆDD** Leikkonan Susan Sarandon.


**HJÓNIN** Carrie Underwood og eiginmaðurinn Mike Fisher.


**HÖNNUÐURINN** Phoebe Philo lét sig ekki vanta.






Merkjavörur frá:

COMPANYS Kultur gs skór galleri sautján eva

VÖRUR FRÁ: INWEAR | PART TWO | SAINT TROPEZ |SOAKED IN LUXURY | MALENE BIRGER | ILARIA NISTRI

BILLI BI | STRATEGIA | G STAR | GERALD DAREL | DKNY | DIESEL OG FLEIRI FALLEG MERKI

**FATÓ - ÚTSÖLU MARKAÐUR í kjallara evu laugavegi 26**

# Sérútbúið trommusett fyrir Pollana

**Eitt vinsælasta og þekktasta trommusett landsins, Dixarinn, fylgir Pollapönki til Kaupmannahafnar í Eurovision. „Það er mikill fengur fyrir okkur að fá Dixarann með okkur út, það er mikil ást í þessu trommusetti og Dixarinn á eftir að hjálpa okkur mikið í keppninni.“**

„Það er bæði mikill heiður fyrir okkur og einnig mikið gleðiefni að fá að taka þetta frábæra og sérútbúna trommusett með í keppnina,“ segir Arnar Þór Gíslason eða bleiki polli, trommuleikari Pollapönks, en hann spilar á eitt vinsælasta og þekktasta trommusett Íslandssögunnar, Dixarann, í Eurovision-keppninni í ár. Um er að ræða sögufrægt trommusett sem komið hefur víða við á sínum langa og merka ferli.

Upphaf Dixarans má rekja til ársins 1983, en hann var það ár keyptur glænýr af trommuleikaranum Benedikt Pálssyni í hljóðfæraversluninni Tónkvísl á Laufásveginum í Reykjavík.

„Ég man enn eftir því þegar ég keypti trommusettið, hljómurinn heillaði mig frá fyrstu stundu,“ segir Benedikt Pálsson, eigandi trommusettsins. Á árum áður lék Benedikt með einni vinsælustu hljómsveit landsins, Glæsi, sem var þá húshljómsveit á skemmtistaðnum Glæsibæ og dvaldi Dixarinn sín fyrstu ár á sviði Glæsibæjar.

Þegar Benedikt lagði kjuðana á hilluna tók við afslöppunartímabil hjá Dixaranum. „Trommusettið beið í geymslunni þar til barnabarnið mitt, Gunnar Leó Pálsson, fékk trommuáhugann og hefur settið verið í stöðugri notkun síðan,“ bætir Benedikt við.

Dixarinn fór svo í mikið umbreytingarferli árið 2011 og var vínrauða filman sem umlukið hafði trommuskelina alla tíð fjarlægð og settið fékk nýjan lit. „Við ákváðum að lappa upp á settið og máluðum það neongrænt og höfðum harðvöruna svarta. Settið var þar með orðið eitt það flottasta á landinu,“ segir Jóhann Hjörleifsson trommuleikari, en hann tók þátt í því að breyta útliti Dixarans.

Eftir að hafa deilt sviði með mörgum af þekktustu nöfnum íslenskrar tónlistarsögu var komið að stóru stundinni, að fara í Eurovision og tók þá við umbreytingarferli númer tvö og var það talsvert umfangsmeira. „Hann var spartlaður, pússaður og málaður gulur en svarti liturinn fékk þó að vera áfram á harðvörunni. Nú er Dixarinn svo sannarlega í sparifötunum,“ segir trommuleikarinn Einar Valur Scheving, en ásamt honum tóku þeir Jóhann, Oddur Finnbogi Sigurbjörnsson, Þorbergur Ólafsson og Gunnar Leó Pálsson þátt í umbreytingunni.

„Það var alveg stórkostlegt og gríðarlega fallegt hvernig trommarar Íslands fylktu sér að baki okkur Pollapönkurum og eiga þeir heiður og mikla þökk skilda,“ segir Arnar Þór Gíslason sem er ákaflega sáttur með trommusettið. Það er mikil ást í trommusettinu sem á eftir að skína á sviðinu, bætir Arnar Þór við.

Margir af þekktustu og vinsælustu trommuleikurum þjóðarinnar hafa notað Dixarann á tónleikum og samkomum en þar ber hæst Jóhann Hjörleifsson, Einar Valur Scheving, Birgir Nielsen og Benedikt Brynleifsson. Þá hefur Arnar Þór einnig notað Dixarann á tónleikum með Mugison.



**UPPRUNINN** Hér sjáum við Dixarann eins og hann leit út í upphafi, þá var hann vínrauður og frekar óspennandi í útliti.



**Á LEIÐINNI** Þetta er síðasta myndin sem til er af Dixaranum í græna litnum. Hér er hann á leið í seinna umbreytingarferlið.



**KLÁR Í SLAGINN** Hér sjáum við Dixarann eftir umbreytingarferlið mikla og er hann hér klár til brottfarar til Kaupmannahafnar.



## MEÐ HVERJUM HEFUR DIXARINN FARIÐ Á SVIÐ?

Dixarinn hefur komið fram með mörgum af þekktustu listamönnum þjóðarinnar og þar ber helst að nefna nöfn á borð við: Sálina hans Jóns míns, 200.000 naglbíta, Eyþór Inga og Atómskáldin, 88, Mugison, Land og sonum, Agli Ólafssyni, Regínu Ósk, Mannakornum, Made in Sveitin, Hvar er Mjallvít, SSSól, Micka Frurry, Reiðmenn vindanna og svo mætti lengi telja.

Piltarnir í Pollapönki eru stoltir yfir að fá þetta vinsæla hljóðfæri í lið með sér í Eurovision.

## UMSAGNIR ÍSLENSKRA TROMMULEIKARA

Jóhann Hjörleifsson, sem er meðal annars trommuleikari Sálarinnar hans Jóns míns og Stórsveitar Reykjavíkur, hefur leikið á Dixarann. „Mín reynsla af Dixaranum er alveg dásamleg. Hljómurinn og tónninn eru til mikillar fyrirmyndar,“ segir Jóhann um trommusettið. Hann á sinn þátt í því að Dixarinn er orðinn að einu vinsælasta trommusetti landsins. „Þegar ég komst að því að þetta trommusett var lokað niður í kjallarageymslu í Breiðholti varð ég hissa og vildi ólmur leggja mitt af mörkum til þess að gera það að notadrjúgu trommusetti,“ segir Einar Scheving, sem notar Dixarann talsvert í dag.

Benedikt Brynleifsson, sem er meðal annars trommuleikari 200.000 naglbíta og Helga Björns, notar hvert tækifæri sem Dixarinn er laus til þess að nota hann í sinni vinnu. „Dixarinn er einkar þægilegur og skemmtilegur. Ég nota hann alltaf þegar hann er laus, hann er sennilega eitt uppteknasta trommusett landsins,“ bætir Benedikt við en hann saknar þó græna litarins og fannst sá litur klæða settið best.



FACEBOOK: NAME IT ICELAND · INSTAGRAM: @NAMEITICELAND

*1. maí 2014*

# *Áfram Ísland*

**BHM FAGNAR** nýgerðum kjarasamningum aðildarfélaganna við sveitarfélög og Reykjavíkurborg, þar sem stigin voru afgerandi skref í leiðréttingu á kjararýrnun undangenginna ára

**BHM FAGNAR** jafnframt þeim leiðréttingum sem gerðar voru í kjara-samningum ríkisins við kennara í háskólum og framhaldsskólum

**BHM ÍTREKAR** áður kynntar kröfur um launaleiðréttingu í yfirstandandi kjaraviðræðum vegna félagsmanna í störfum hjá ríkinu

---

**Framlag félagsmanna BHM á íslenskum vinnumarkaði**

***er ómissandi þekking.***

Þekking er forsenda **velgengni Íslands,**

**Á HENNI BYGGIR FRAMTÍÐARUPPBYGGING**

*vinnumarkaðar og fjölgun starfa.*

**MISSUM ÞEKKINGUNA EKKI FRÁ OKKUR.**

**Þekking er framtíðin, framtíðin er núna!**

---

Bandalag háskólamanna

DYNAMO REYKJAVÍK

# Sannasti pistill allra tíma

BAKÞANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar



Hei, Júlíus Vífill! Það er ekki rétt hjá þér að enginn meirihluti hafi átt í jafn miklu stríði við borgarbúa og sá sem nú er við völd. Það er ekki heldur rétt að ekkert kjörtímabil hafi einkennst af jafn miklum ófriði. Hvers vegna talarðu svona? Er eitthvað að? Viltu tala um það? Á árunum 2003 til 2008 voru alls sex borgarstjórar við völd — fleiri en nokkur myndhöggvari hefur tíma til að meitla. Þá fór stríðið fram í ráðhúsinu og fyrir utan fylgdust agndofa borgarbúar með á meðan met var slegið í vanvirðingu við lýðræðið.

**HEI,** ríkissáttasemjari! Klóraðu fimm prósent af launum presta og hækkaðu laun allra hinna. Engin verkföll.

**HEI,** Guðni Ágústsson! Þú tókst rétta ákvörðun. Vel gert. Taktu þessa dómgreind með á næsta karlakvöld. Að þú tækir sæti í borgarstjórn er skelfileg hugmynd. Ekki vegna þess að þú myndir standa þig illa. Ég hef engar forsendur til að meta það. Ég veit bara ekki hver ætti að halda á lofti lit og áferð íslenska smjörsins ef kraftar þínir væru nýttir annars staðar. Mjólkursamsalan gerir það ekki því þá væri slagorðið: „Mmmm smjör — Gult og mjúkt.“

**HEI,** Vilborg Arna Gissurardóttir! … Þú ert reyndar grjóthörð. Gangi þér vel.

**HEI,** Guðrún Bryndís Karlsdóttir! Við hverju bjóstu þegar þú þegar þú tókst sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík? Flokksmenn reka ekki rýtinga í bak hvers annars heldur hnífasett. Í meðalhnífasetti eru fimm hnífar. Hugsaðu um það. Varstu ekki búin að gúggla Framsóknarflokkinn? Af hverju komu vinnubrögðin þér á óvart? Hérna er sannleikurinn og hann er beiskur: Flokkurinn vildi aldrei að þú yrðir annað en varaborgarfulltrúi og þú verður að sætta þig við það. Horfðu á björtu hliðarnar: Það er að koma sumar og þú ert ekki á leiðinni í kosningabaráttu með Framsóknarflokknum.

**OG** hei, Jón Gnarr! Ég sakna þín strax.




> Þetta er fyrsta pólitíska rappskífa Íslandssögunnar og er jafnframt fyrsta platan mín á íslensku síðan árið 2002, þegar ég gaf út plötu með rappsveitinni minni Kritikal Mazz.
> *Úlfur Kolka.*

**FÉKK NÓG** Rapparinn Úlfur Kolka sendir frá sér pólitíska rappplötu eftir að hann fékk nóg af ástandinu hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ofbauð íslensk stjórnvöld og bjó til plötu

**Rapparinn Úlfur Kolka fékk nóg af íslensku stjórnkerfi og ákvað að búa til rappplötu til þess að fá útrás. Eftir margra ára vinnu hefur platan nú loks litið dagsins ljós.**

„Ég er anarkisti með mjög sterkar skoðanir. Ég fékk nóg af ástandinu hér á landi og ofbauð íslenskt stjórnkerfi,“ segir rapparinn Úlfur Kolka en hann hefur nú sent frá sér pólitíska rappplötu sem hann hefur unnið að síðan árið 2011. „Þetta er fyrsta pólitíska rappskífa Íslandssögunnar og er jafnframt fyrsta platan mín á íslensku síðan árið 2002, þegar ég gaf út plötu með rappsveitinni minni Kritikal Mazz,“ bætir Úlfur við.

Hann hefur að undanförnu búið erlendis og látið að sér kveða í tónlistinni ytra. „Ég er nýkominn heim en ég bjó í Los Angeles í þrjá mánuði og þar áður í sex mánuði á Spáni.“ Í Inglewood í Los Angeles bjó Úlfur og var aðallega að pródúsera og smíða takta fyrir aðra rappara, en hann hefur búið til takta og lög síðan árið 1998. „Það er erfitt að koma sér á framfæri þarna úti en maður er bara duglegur að senda pósta og diska á rétta aðila til að koma sér og sínu á framfæri,“ bætir Úlfur við. Á Spáni var hann í skiptinámi en hann er einnig menntaður grafískur hönnuður.

„Þegar ég áttaði mig á því hversu litlu búsáhaldabyltingin svokallaða skilaði og hversu lítið þjóðin ætlaði sér að gera í því, gat ég ekki annað en tekið mér blað og penna í hönd. Þar með varð lagið Til hvers að kjósa? til, og fékk ágætis viðtökur á YouTube, og ekki aftur snúið,“ segir Úlfur spurður út í upphafið á nýju plötunni, sem nefnist Borgaraleg óhlýðni. Hann segir plötuna vera hvassa og að hann skjóti meðal annars grimmt á útrásarvíkingana.

„Ég er svo nýbúinn að stofna production-teymi sem nefnist Sin Pausa ásamt Gnúsa Yones, sem er einmitt í reggae-sveitinni Amaba Dama, og er fullt af skemmtilegum hlutum fram undan hjá okkur, þar á meðal mánaðarleg hipp-hopp-kvöld,“ segir Úlfur spurður út í framhaldið.

gunnarleo@frettabladid.is

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
| --- | --- | --- |
| THE OTHER WOMEN | 5, 8, 10:20 | 12 |
| SPIDERMAN 2 3D | 2, 7, 10 | 12 |
| A HAUNTED HOUSE 2 | 10 | 14 |
| RIO 2 2D | 2, 4:30 | L |
| HARRY OG HEIMIR | 2, 4,6, 8 | 7 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is
FRÁ FRAMLEIÐANDANUM CHRISTOPHER NOLAN LEIKSTJÓRA DARK KNIGHT ÞRÍLEIKSINS OG INCEPTION
CHICAGO SUN TIMES · LOS ANGELES TIMES · TRANSCENDENCE
THAT AWKWARD MOMENT · TOTAL FILM · EMPIRE
SPIDER-MAN 2
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR AVENGERS · CAPTAIN AMERICA THE WINTER SOLDIER · EMPIRE · TOTAL FILM · ENTERTAINMENT WEEKLY
BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK · DIVERGENT · CHICAGO SUN TIMES · WASHINGTON POST · ENTERTAINMENT WEEKLY · PORTLAND OREGONIAN

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
| --- | --- | --- |
| TRANSCENDENCE | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TRANSCENDENCE VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 | KL. 3D: 5 - 8 - 10:55 2D: 2 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 2 - 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 5 - 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:40 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 2 | L |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 2 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
| --- | --- | --- |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 2D | KL. 5 - 10:10 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |
| RÍÓ 2 ÍSLTAL2D | KL. 1 | L |
| HENTURÁNIÐ ÍSLTAL2D | KL. 1 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
| --- | --- | --- |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D | KL. 2 - 4:50 - 7:40 - 10:35 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 2 - 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| RÍÓ 2 ÍSLTAL | KL. 3D: 2:30 2D:3:10 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
| --- | --- | --- |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5 - 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:50 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
| --- | --- | --- |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 10:10 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
The Other Woman · TOPPMYNDIN Í USA!
SPIDER-MAN 2 · TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI!
HARRY OG HEIMIR
EINVÍGIÐ Í AMAZON · RIO 2

| SMÁRABÍÓ 5% | | |
| --- | --- | --- |
| THE OTHER WOMAN | KL 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL 2 - 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D LÚXUS | KL 2 - 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D | KL 2 - 8 - 10.50 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL TAL | KL 1 - 3.15 - 5.45 | L |
| RIO 2 3D ÍSL TAL | KL 1 | L |
| OCULUS | KL 10.20 | 16 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL 4 - 6 - 8 | 7 |

| HÁSKÓLABÍÓ 5% | | |
| --- | --- | --- |
| THE OTHER WOMAN | KL 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL 3 - 6 - 9 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL TAL | KL 3 - 5.45 | L |
| RIO 2 3D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL 3.45 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL 8 - 10.15 | 7 |

Miðasala á: eMiði
FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS
"EN NY SVENSK FILMSTJÄRNA ÄR FÖDD" MONICA Z
METEORA
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET×SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK×SECRETSOLSTICE.IS

# MASSIVE ATTACK

## DISCLOSURE DJ WOODKID

## Schoolboy Q JAMIE JONES BANKS

MÚM[IS] CARL CRAIG[US] DAMIAN LAZARUS[UK] KERRI CHANDLER[US]

HJALTALÍN[IS] EATS EVERYTHING[UK] SKREAM[UK] GORGON CITY[UK]

XXX ROTTWEILER[IS] GLUTEUS MAXIMUS[IS] MAUS[IS] MAMMÚT[IS]

SAMARIS[IS] BODDIKA[UK] HE[IS] BEN PEARCE[UK] MOLOTOV JUKEBOX[UK]

MOSES HIGHTOWER[IS] THE 2 BEARS[UK] ROB DA BANK[UK] DROOG[US] JACKMASTER[UK]

WAZE&ODYSSEY[UK] ONEMAN[UK] PAUL WOOLFORD[UK] SÍSÝ EY[IS] DISA[IS] JOSH BUTLER[UK]

TRUE TIGER[UK] GÍSLI PÁLMI[IS] EMMSJÉ GAUTI[IS] ÚLFUR ÚLFUR[IS] TINY[IS] CELL7[IS]

AMABA DAMA[IS] FRANCESCA LOMBARDO[UK] OJBA RASTA[IS] KALEO[IS] ARTWORK[UK]

DJ FLUGVÉL OG GEIMSKIP[IS] DJ MARGEIR[IS] INTRO BEATS[IS] KÖTT GRÁ PJE[IS]

SOMETIME[IS] VÖK[IS] KLOSE-ONE[UK] AGZILLA[IS] JOHNNY AND THE REST[IS] ... ...OG FJÖLDI ANARRA!

WOW air FOUNDING SPONSOR · ÍCELANDIC GLACIAL · 365 · Budget · 66° NORTH · the warehouse project

**MIÐASALA: www.SECRETSOLSTICE.is OG Í LUCKY RECORDS**

# SPORT

➜ EINKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFARINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ LIÐSTYRKURINN ★★★★★ HEFÐIN ★★★★★

## pepsi deildin SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

HEFST 4. MAÍ

| | |
|---|---|
| 1. sæti | ??? |
| 2. sæti | ??? |
| 3. sæti | Breiðablik |
| 4. sæti | Stjarnan |
| 5. sæti | Valur |
| 6. sæti | ÍBV |
| 7. sæti | Þór |
| 8. sæti | Fram |
| 9. sæti | Keflavík |
| 10. sæti | Víkingur |
| 11. sæti | Fylkir |
| 12. sæti | Fjölnir |

## Breiðablik hafnar í 3. sæti

Breiðablik náði frábærum árangri í Evrópudeildinni á síðasta tímabili en því miður fyrir liðið náði það ekki Evrópusæti. Þrátt fyrir nokkurn mannamissi er liðið mjög vel mannað og getur hæglega barist um titilinn. Stærsta breytingin á liðinu kemur til skjalanna þegar sex umferðir verða búnar af mótinu því þá yfirgefur arkitektinn að uppgangi Blika undanfarin ár, Ólafur Kristjánsson, tekur við Nordsjælland í Danmörku.

Guðmundur Benediktsson mun taka við Breiðabliki en hann hefur verið aðstoðarmaður Ólafs undanfarin ár og þekkir leikmannahópinn inn og út. Það verður fróðlegt að sjá hversu mikil áhrif þessi breyting hefur.



### ➜ Lykilmaðurinn

Finnur Orri Margeirsson

Fyrirliðinn átti frábært sumar í fyrra en hann hefur verið ein af þöglu hetjum deildarinnar um árabil. Hann er ekki nema 23 ára gamall en lék sinn 150. deildarleik síðasta sumar.

Finnur er óþreytandi miðjumaður sem spilar lykilhlutverk hjá Breiðabliki, sama hvaða uppstillingu liðið vinnur með. Í nýja 3-5-2 kerfinu sem Ólafur byrjaði að nota í fyrra átti Finnur marga af sínum bestu leikjum.

### ➜ Þjálfarinn



Ólafur H. Kristjánsson verður 46 ára í maí en hann er á sínu níunda og síðasta ári með Blika. Guðmundur Benediktsson tekur við í júní þegar Ólafur gerist þjálfari Nordsjælland.

**TÖLURNAR Í FYRRA**

| | |
|---|---|
| Mörk skoruð | 4. sæti (1,68 í leik) |
| Mörk á sig | 3. sæti (1,23 í leik) |
| Stig heimavelli | 3. sæti (24 af 33, 73%) |
| Stig á útivelli | 5. sæti (15 af 33, 46%) |

### ➜ Nýju andlitin

**Arnór Sv. Aðalsteinss. (Hönefoss)**
**Damir Muminovic (Víkingi Ó.)**
**Jordan Halsman (Fram)**
**Stefán Gíslason (Leuven)**

**FYLGSTU MEÐ ÞESSUM**

**Damir Muminovic:** Þessi 24 ára gamli varnarmaður hefur gengið í gegnum ýmislegt á sínum fótboltaferli en hann sýndi loks hvers hann er megnugur með Ólsurum í fyrra. Nú er hann kominn í mun betra lið og fær tækifæri til að láta ljós sitt skína enn frekar.

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL >** 2008 (8. sæti) - 2009 (5. sæti, Bikarmeistari) - 2010 (Íslandsmeistari) - 2011 (6. sæti) - 2012 (2. sæti) - 2013 (4. sæti)

Íslandsmeistarar: 1 sinni (2010) / Bikarmeistarar: 1 sinni (2009)

# Líflínan í hendi Lewis

KR getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri í Röstinni í kvöld. Benedikt Guðmundsson segir gæðin vissulega hjá KR og sigurlíkurnar þeim megin.

Körfubolti Íslandsmeistarar Grindavíkur fá KR í heimsókn í fjórða leik liðanna í kvöld í úrslitaeinvígi Dominos-deildar karla. KR leiðir 2-1 og tryggir sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri. Gulklæddir heimamenn knýja fram oddaleik með sigri. Leikurinn hefst klukkan 19.15 og verður sýndir beint á Stöð 2 Sport.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs Þorlákshafnar, segir möguleika Grindavíkur standa og falla með frammistöðu eins manns, Earnest Lewis Clinch Jr.

**Clinch verður að eiga stórleik**

„Möguleiki Grindavíkur felst í því að Clinch eigi stórleik. Þeir þurfa algjört toppframlag frá honum," segir Benedikt, sem hefur komið víða við á þjálfaraferli sínum. Bæði Grindavík og KR hafa notið krafta hans þótt Vesturbæjarliðið sé það félag sem Benedikt tengist sterkustu böndum.

„Kannski er KR-ingur inni í mér alltaf að þvælast fyrir mér þegar kemur að KR," segir Benedikt léttur um vangaveltur sínar um möguleika liðanna. Engin spurning sé þó hvorum megin gæðin liggi.

„Ef þú berð saman þessi lið þá eru gæðin klárlega KR-megin. Þeir hafa breiddina," segir Benedikt. Bendir hann á að margreyndir landsliðsmenn á borð við Brynjar Þór Björnsson og Magna Hafsteinsson komist ekki í byrjunarlið þeirra svörtu og hvítu. „Það eru leikmenn sem myndu byrja inni á í nánast hvaða liði sem er."

**Munar rosalega um Þorleif**

Á sama tíma séu Grindvíkingar vængbrotnir vegna meiðsla Þorleifs Ólafssonar. Þorleifur sleit krossband í átta liða úrslitunum gegn Benedikt og félögum og segir þjálfarinn muna rosalega um Þorleif.

„Hann er eiginlega hjartað og karakterinn í þessu liði," segir Benedikt en hrósar um leið karakter Grindvíkinga. „Þeir hafa risahjarta og eru búnir að fara mjög langt þrátt fyrir að verða fyrir skakkafalli."

Ólafur Ólafsson, bróðir Þorleifs, verður aftur á móti með í kvöld en hann slapp við bann eftir að hafa verið kærður til aganefndar fyrir afar óheppileg ummæli sín eftir tapið í DHL-höllinni á mánudag.

Þótt líkurnar séu meiri á sigri KR segist Benedikt alls ekki þora að afskrifa Grindavíkurliðið. Þar séu leikmenn með mikla reynslu og sigurhefð sem gætu vel snúið við blaðinu eftir slátrunina í síðasta leik. Það kæmi Benedikt ekkert á óvart ef Grindavík hefði betur í kvöld.

„Hins vegar sé ég ekkert lið vinna KR þrisvar í einni seríu."

kolbeinntumi@frettabladid.is



**MIKILVÆGUR** Lewis Clinch þarf að eiga góðan leik í kvöld ætli Grindvíkingar að tryggja sér oddaleik á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mikilvægi Lewis Clinch í úrslitakeppninni

**STIG AÐ MEÐALTALI Í LEIK**

| | |
|---|---|
| Í sigurleikjunum (7): | 24,1 |
| Í tapleikjunum (5): | 15,6 |

**FRAMLAG AÐ MEÐALTALI Í LEIK**

| | |
|---|---|
| Í sigurleikjunum (7): | 23,0 |
| Í tapleikjunum (5): | 12,2 |

**3JA STIGA KÖRFUR Í LEIK**

| | |
|---|---|
| Í sigurleikjunum (7): | 3,1 |
| Í tapleikjunum (5): | 1,6 |

**3JA STIGA SKOTNÝTING**

| | |
|---|---|
| Í sigurleikjunum (7): | 46 prósent |
| Í tapleikjunum (5): | 30 prósent |



**BÚNIR AÐ JAFNA** Haukarnir lentu 0-2 undir en geta komist í úrslit í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Taplaus í oddaleik í tólf ár

**HANDBOLTI** Þetta er risadagur í íslenska handboltanum því að í dag fara fram tveir oddaleikir um sæti í úrslitum Olís-deildar karla.

Haukar og ÍBV tryggðu sér oddaleik með sigri á útivelli í fjórða leiknum á þriðjudaginn og verða því á heimavelli í kvöld. Það ætti að koma sér vel enda hafa síðustu fjórtán oddaleikir í úrslitakeppni karla í handbolta unnist á heimavelli. Það eru allir leikir síðan að KA tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri í oddaleik á Hlíðarenda 10. maí 2002.

FH vann tvo fyrstu leikina á móti deildarmeisturum Hauka sem hafa svarað með tveimur sannfærandi sigrum. Síðustu tveir leikir ÍBV og Vals hafa hins vegar verið æsispennandi og unnist á einu marki.

Þrjú félög geta tryggt sér sæti í lokaúrslitum í dag því að á undan karlaleiknum í Eyjum mætast ÍBV og Valur í fjórða leik sínum í undanúrslitum Olísdeildar kvenna. Vinni Valskonur leikinn tryggja þær sér sæti í lokaúrslitunum á móti Stjörnunni en vinni ÍBV verður oddaleikur í Vodafone-höllinni á laugardaginn.

Karlaleikirnir hefjast klukkan 16.00 en kvennaleikurinn er klukkan 14.00. - óój

## Atlético í úrslit



**MADRÍDARSLAGUR** Atlético Madrid vann 3-1 sigur á Chelsea á Brúnni í gær og tryggði sér sæti í úrslitaleik Meistaradeildarinnar þar sem liðið mætir nágrönnum sínum í Real. Fernando Torres kom Chelsea yfir en Atlético svaraði með mörkum frá Adrian Lopez, Diego Costa (víti) og Arda Turan.

**visir.is**

Frekari umfjöllun um Meistaradeildina



**BLESS ÍSLAND** Ragnar Nathanelsson er á leið út í atvinnumennsku til Svíþjóðar.

## Framfarirnar eru ótrúlegar

**KÖRFUBOLTI** „Við erum fyrst og fremst gríðarlega ánægð fyrir hans hönd," segir Benedikt um vistaskipti Ragnars Nathanaelssonar. Miðherjinn hávaxni samdi í vikunni við Sundsvall Dragons í Svíþjóð. Hlutirnir gerðust hratt og er ljóst að Benedikt á ærið verkefni fyrir höndum að fylla í hans skarð.

„Við tókum drenginn að okkur síðasta sumar og framfarir hans hafa verið ótrúlegar," segir Benedikt. Hann viðurkennir að liðið veikist við brotthvarf Ragnars, enda missi það frábæran leikmann.

Leikmannasamningar í körfuboltanum hér heima geri þjálfurum erfitt fyrir að byggja upp til lengri tíma. Í tilfelli Ragnars hafði hann nýlokið árs samningi en skrifað undir nýjan samning. Í honum var hins vegar klausa sem gerði honum kleift að halda utan í atvinnumennsku. „Það gerir starfið erfitt," segir Benedikt. - ktd

## Leikur KR eftir afrek Hauka?

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í Grindavík í kvöld með sigri á heimavelli Íslandsmeistara síðustu tveggja ára. Takist KR að vinna í Röstinni og lyfta Íslandsbikarnum í leikslok yrði liðið fyrsta liðið í 26 ár til að vinna titilinn á heimavelli fráfarandi meistara. Það hefur ekki tekist hjá neinu liði síðan Haukarnir unnu titilinn í Njarðvík 19. apríl 1988. -óój

# KR-liðinu spáð titlinum í fjórtánda sinn

– ekki inni á topp þremur í síðustu þremur titlaspám

**FÓTBOLTI** Karlalið KR mun verja Íslandsmeistaratitilinn sinn rætist spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna félaganna í Pepsi-deildinni sem var kynnt í gær á Kynningarfundi fyrir Pepsi-deild karla í sumar. FH endar í öðru sæti og Breiðablik í því þriðja en nýliðar Fjölnis og Víkings fara hins vegar beint niður samkvæmt þessari árlegu spá.

Það hefur vanalega ekki boðað gott fyrir Vesturbæjarliðið að fá á sig titilpressuna en KR-ingar hafa aðeins unnið titilinn í þremur af þrettán skiptum og síðustu þremur titlaspám félagsins (2004, 2010 og 2012) þá náði liðið ekki einu af þremur sætunum í deildinni. Til hliðar má sjá yfirlit yfir gengi KR í sínum titlaspám.

Það hefur reyndar gengið illa hjá meistaraefnum síðustu ára að landa titlinum en það eru liðin fimm ár síðan fyrirliðar, þjálfarar og forráðamenn spáðu rétt um Íslandsmeistara (FH 2009). Liðið sem hefur endað í öðru sæti í spánni hefur aftur á móti unnið titilinn síðustu þrjú ár. - óój

Stigin í spánni: 1. KR 401 stig, 2. FH 389 stig, 3. Breiðablik 357, 4. Stjarnan 321, 5. Valur 283, 6. ÍBV 230, 7. Keflavík 172, 8. Fylkir 169, 9. Fram 155, 10. Þór 146, 11. Víkingur 105, 12. Fjölnir 80.

## TITILPRESSAN ERFIÐ Í VESTURBÆNUM

– árleg spá fyrirliða, forráðamanna og þjálfara 1985-2013 í tölum

**KR SPÁÐ TITLINUM**




**ÖÐRUM FÉLÖGUM SPÁÐ TITLINUM**




**Sæti KR-liðsins á þeim árum sem þeim hefur verið spáð Íslandsmeistaratitlinum.**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1991 | 3. sæti | 1995 | 2. sæti | 1999 | 1. sæti | 2003 | 1. sæti | 2012 | 4. sæti |
| 1993 | 5. sæti | 1996 | 2. sæti | 2000 | 1. sæti | 2004 | 6. sæti | 2014 | ? sæti |
| 1994 | 5. sæti | 1997 | 5. sæti | 2001 | 7. sæti | 2010 | 4. sæti | | |




SPORT | Í kvöld kl. 22:00

Skemmtilegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir Pepsí-deildina 2014. Öll liðin í deildinni eru kynnt og rætt við þjálfara þeirra auk þess sem sérfræðingar Stöðvar 2 Sport spá í spilin fyrir sumarið.
**Þú vilt ekki missa af þessu!**




## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mán. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum

**11.990 kr. + 0 kr.** Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.10**
### Masterchef USA
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.



**Grindavík - KR**
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá leik 4 í úrslitakeppni Dominosdeildar karla í körfubolta. Það eru Grindavík og KR sem mætast.



**Eldað með Ebbu**
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.35** Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.



**Scandal**
**SKJÁR EINN KL. 21.10** Við höldum áfram að fylgjast með Oliviu og félögum í Scandal.

**Bylgjan kl. 19.20**
### 90's þátturinn
Þórunn Clausen stjórnar hér sínum fyrsta þætti á Bylgjunni. Þátturinn er tileinkaður vinsælli og skemmtilegri tónlist frá tíunda áratugnum eða 90's. Þráinn Steinsson er tæknistjóri þáttarins.







SPORT Í kvöld kl. 19:15

**Nær KR að tryggja sér titilinn?**

Úrslitaeinvígið um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta heldur áfram. KR leiðir envígið 2-1 og getur því tryggt sér titilinn með sigri í kvöld á móti Grindavík.

**Nú er að duga eða drepast!**

Fáðu þér áskrift! 365.IS


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**09.00** Lína Langsokkur
**10.15** Loonatics Unleashed
**11.55** Malcolm in the Middle
**12.20** The O.C
**13.05** Moonrise Kingdom
**14.40** Tower Heist
**16.25** Mr. Popper's Penguins
**18.00** Mike and Molly
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.55** Simpson-fjölskyldan
**19.20** Fóstbræður
**19.45** Friends With Better Lives *(3:13)* Glæný gamanþáttaröð um sex vini sem allir eru að fóta sig í lífinu. Allir eru vinirnir á ólíkum stöðum í lífinu og allir halda þeir að hinir í vinahópnum lifi meira spennandi lífi.
**20.10** Masterchef USA *(17:25)*
**20.55** The Blacklist *(20:22)* Æsispennandi þáttaröð með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims.
**21.40** NCIS *(11:24)* Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.
**22.25** Person of Interest *(14:23)*
**23.10** Íslenskir ástríðuglæpir
**23.35** The Following
**00.20** Shameless
**01.15** 27 Dresses
**03.05** Mr. Popper's Penguins
**04.40** Moonrise Kingdom

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** Meistarad. - meistaramörk
**10.15** KR - Grindavík
**11.40** San Antonio - Dallas
**13.30** Kiel - Hannover
**14.50** Hamburg - Flensburg BEINT
**16.20** Spænsku mörkin 2013/14
**16.50** Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Atletico Madrid
**18.30** Meistarad. - meistaramörk
**19.00** Grindavík - KR BEINT
**21.00** 3. liðið Fjögurra þátta sería sem fjallar um knattspyrnu frá sjónarhorni dómaranna.
**21.30** Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur
**22.00** Pepsí deildin 2014 - upphitun
**23.15** Juventus - Benfica
**00.55** Grindavík - KR

## SPORT 2
*enski boltinn*

**12.00** PL Classic Matches. Newcastle - Man. Utd, 2002
**12.30** WBA - West Ham
**14.15** Messan
**15.35** Swansea - Aston Villa
**17.20** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**18.15** Liverpool - Chelsea
**20.00** Premier League World
**20.30** Arsenal - Newcastle
**22.10** Colombia, Belo Horizonte, Greece Skemmtilegir þættir um landsliðin sem munu keppa á HM 2014 í Brasilíu í sumar.
**22.40** Football League Show
**23.10** Crystal Palace - Man. City
**00.55** Sunderland - Cardiff

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**17.05** How to Make it in America
**17.35** Top 20 Funniest
**18.20** Community
**18.40** Malibu Country
**19.00** Family Tools
**19.20** American Idol *(32:39)*
**20.40** Hawthorne *(10:10)*
**21.25** Supernatural *(13:22)* Fimmta þáttaröðin af yfirnáttúrulegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.
**22.05** True Blood *(1:12)* Fimmta þáttaröðin um gengilbeinuna Sookie Stackhouse, vampírurnar Bill Compton og Eric Northman sem hafa slegist um ástir hennar í smábænum Bon Temps í Louisiana þar sem menn, vampírur og aðrar skepnur búa saman, þó ekki alltaf í sátt og samlyndi.
**22.55** Sons of Anarchy *(4:13)*
**23.35** Malibu Country
**23.55** Family Tools
**00.15** American Idol
**01.35** Hawthorne
**02.15** Supernatural
**03.00** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli **07.55** Leyndarmál vísindanna **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Hvellur keppnisbíll **08.55** UKI **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Ljóti andarunginn **09.47** Tom and Jerry **09.55** Rasmus Klumpur **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli **11.55** Leyndarmál vísindanna **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Hvellur keppnisbíll **12.55** UKI **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Ljóti andarunginn **13.47** Tom and Jerry **13.56** Rasmus Klumpur **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli **15.55** Leyndarmál vísindanna **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Hvellur keppnisbíll **16.55** UKI **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Ljóti andarunginn **17.47** Tom and Jerry **17.56** Rasmus Klumpur **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Alpha og Omega **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.05** Strákarnir
**18.30** Friends
**18.55** Seinfeld
**19.20** Modern Family
**19.40** Two and a Half Men *(10:19)*
**20.05** Tekinn 2 *(10:14)*
**20.35** Weeds *(10:13)*
**21.00** Twenty Four *(14:24)*
**21.45** Without a Trace *(9:24)*
**22.25** Curb Your Enthusiasm
**22.55** Tekinn 2
**23.25** Weeds
**23.50** Twenty Four
**00.35** Without a Trace
**01.15** Curb Your Enthusiasm
**01.45** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**10.25** Dolphin Tale
**12.15** The Young Victoria
**14.00** Snow White and the Huntsman
**16.10** Dolphin Tale
**18.05** The Young Victoria
**19.50** Snow White and the Huntsman
**22.00** Dream House
**23.35** Piranha 3D
**01.05** Nine Miles Down
**02.35** Dream House

## RÚV

**08.01** Teitur
**08.11** Poppý kisulóra
**08.22** Froskur og vinir hans
**08.29** Kóalabræður
**08.39** Lítil prinsessa
**08.50** Friðþjófur forvitni
**09.13** Franklín
**09.35** Babar og Badou
**09.57** Litli prinsinn
**10.19** Grettir
**10.30** Shrek: Sæll alla daga
**12.00** Prumusál *(Thunder Soul)*
**13.20** Hönnunarkeppni 2014
**13.55** Róm: Það sem jörðin geymir
**15.30** Ljóskastarinn
**15.45** Úrslitakeppnin í handbolta karla
**17.20** Táknmálsfréttir
**17.30** Einar Áskell
**17.43** Skrípin
**17.46** Stella og Steinn
**17.58** Verðlaunafé
**18.00** Ævar Vísindamaður
**18.30** Í garðinum með Gurrý II *(1:6)*
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Eldað með Ebbu *(8:8)*
**20.10** Bræðslan Tónlistarhátíðin
**21.00** Martin læknir *(8:8)*
**21.50** Best í Brooklyn *(14:22)*
**22.15** Glæpahneigð *(19:24)*
**22.55** Stundin
**23.50** Ættarsetrið
**02.00** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**14.30** Solsidan
**14.55** The Millers
**15.20** The Voice
**16.50** The Voice
**17.35** Dr. Phil
**18.15** Design Star
**19.05** Everybody Loves Raymond
**19.30** Trophy Wife *(16:22)*
**19.55** Læknirinn í eldhúsinu *(3:8)*
**20.20** Royal Pains *(3:16)*
**21.10** Scandal *(15:22)*
**22.00** Agents of S.H.I.E.L.D. *(3:22)*
**22.50** The Tonight Show
**23.40** CSI
**00.30** Royal Pains
**01.20** Beauty and the Beast
**02.05** The Good Wife
**02.50** Scandal
**03.35** The Tonight Show
**04.20** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.10** Bundesliga Highlights Show **13.00** Dutch League - Highlights 2014 **14.00** Bayer Leverkusen - Borussia Dortmund **16.00** Heracles Almelo - AFC Ajax **18.00** Bayer Leverkusen - Borussia Dortmund **20.00** Dutch League - Highlights 2014 **21.00** Bundesliga Highlights Show **21.50** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** PGA Tour 2014 - Highlights **13.55** Golfing World 2014 **14.45** LPGA Tour 2014 **17.45** Inside The PGA Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **23.00** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



Velkomin í Grænland

Opið 1. maí frá kl. 11 – 17

HÖFUM OPNAÐ GLÆSILEGA ÁRSTÍÐADEILD Í BYKO BREIDD

# Grænland

## BYKO BREIDD



Vnr. 55530028
Hekkklippur, 56 cm.
1.895 kr.



Vnr. 55530029
Plöntustafur.
2.795 kr.



Vnr. 55530027
Klippur 8".
1.295 kr.



Vnr. 55530035
Garðband 4,8 m.
325 kr.



Vnr. 55530000
Slanga, flöt, 15 mm með tengi og byssu.
3.295 kr.



Vnr. 55530001
Slönguhengi fyrir 50 m slöngu.
1.795 kr.



Vnr. 55530002
Fuglabað með skýli, 112 cm.
5.995 kr.



Vnr. 55530005-6
Gaffall eða stunguskófla carbon steel.
1.995 kr./stk.

SUMARBLÓMIN Í GARÐINN ERU KOMIN



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

**MORGUNMATURINN**



**„Ég fæ mér yfirleitt grænt te og AB-mjólk í morgunmat þessa dagana. Það er samt bara vegna þess að ástkær kaffivélin mín er í viðgerð og af því að ég borðaði of mikið súkkulaði um páskana og grænt te er svo afskaplega afeitrandi.“**

Steinunn Jónsdóttir Reykjavíkurdóttir og söngkona Amaba Dama

# Flýgur heim til að keppa í Útsvari

Óttarr Proppé getur ekki æft með Pollapönki á stórri æfingu á föstudag.

„Ég er búinn að vera með Óttarr Proppé á bakinu síðustu daga. Ég þarf að æfa og spegla allar hreyfingarnar hans og það er búið að vera aldeilis erfitt,“ segir Valgeir Magnússon hjá auglýsingastofunni Pipar/TBWA. Hann er með íslenska Eurovision-hópnum í Kaupmannahöfn og verður staðgengill alþingismannsins og Pollapönkarans Óttars Proppé á stórri æfingu á Eurovision-sviðinu í B&W-höllinni á föstudag.

„Hann flýgur heim á föstudaginn til að keppa í Útsvari og kemur aftur á laugardag,“ segir Valgeir. Hann segir það hafa verið meira mál en hann hélt að æfa dansinn og sönginn í Eurovision-laginu Enga fordóma.

„Fyrst fannst mér þetta ekkert mál að hoppa inn í eina æfingu. Síðan komst ég að því að þetta er heilmikið mál. Ég hef alltaf verið mikill dansari en ég verð að syngja þetta líka. Ég ætla rétt að vona að ég púlli það.“

Valgeir segir að Íslendingar þurfi ekki að óttast þó Óttarr skjótist til Reykjavíkur í einn dag.

„Hann er mikið í því að fara á milli Kaupmannahafnar og Íslands. Hann var í Kaupmannahöfn áður en við fórum út í Eurovision, flaug heim til að fara á æfingu með Útsvarsfólkinu og daginn eftir flaug hann út til Kaupmannahafnar með okkur. Íslenska þjóðin þarf ekki að hafa áhyggjur. Hann er í mikilli flugæfingu.“ - lkg



**ÓHRÆDDUR** Valgeir sést hér í hvítum pollagalla. MYND/EINKASAFN

Aðeins í dag

OPIÐ Í DAG 1. MAÍ FRÁ KL. 10⁰⁰ TIL 22⁰⁰

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is

# Fáklædd og hangir með glæponum

Söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir leikur hjákonu glæpamanns í kvikmyndinni Borgríki II – Blóð hraustra manna. Í myndinni leikur hún meðal annars í sjóðheitri kynlífssenu með Ernu Gunnþórsdóttur og Zlatko Krickic.

„Ég leik hjákonu aðalglæpamannsins Sergej, sem leikinn er af Zlatko Krickic. Týpan sem ég leik er töffari sem er alltaf að hanga með glæponum. Ég hugsaði vel og lengi hvort ég ætti að taka að mér þetta hlutverk. Ég er frekar fáklædd en sýni nú ekki mikið hold,“ segir söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir. Hún leikur í kvikmyndinni Borgríki II – Blóð hraustra manna sem frumsýnd verður í október.

Í myndinni leikur Þórunn meðal annars í ástarsenu með fyrrverandi glamúrmódelinu Ernu Gunnþórsdóttur og fyrrnefndum Zlatko.

„Þetta er sem sagt eldheit ástarsena. Við erum ekki tvö í henni heldur þrjú. Ég hef ekki leikið í slíkri senu áður nema í einhverju gríni með Steinda jr. í Steindanum okkar. Það var auðvitað allt, allt öðruvísi nálgun,“ segir Þórunn.

„Þetta er vandmeðfarin sena og ég hugsaði vel um hvort ég ætti að gera þetta eða ekki. Ég komst að þeirri niðurstöðu að þetta þjónaði tilgangi í sögunni í flottri bíómynd þannig að ég ákvað að slá til. Ég hitti leikstjórann, Ólaf DeFleur, og treysti honum strax fyrir þessu,“ bætir Þórunn við en játar að það hafi verið örlítið sérstakt að taka senuna upp.

„Það var mjög undarlegt að mæta í vinnuna og þurfa að vera uppi í rúmi heilan dag með tveimur einstaklingum. En um leið og maður hættir að flækja þetta, því þetta er bara atriði í bíómynd, þá var þetta mjög skemmtilegt og ekkert mál. Það er alltaf gaman að víkka sjóndeildarhringinn. Lífið er stutt og það er um að gera að slá til og gera eitthvað af þessu tagi ef mann langar og líður vel með það. Þarna var líka fagfólk í hverju einasta horni.“

Þórunn hefur ekki séð senuna en hlakkar vissulega til að sjá kvikmyndina í haust.



**FAGMENN Á SETTI** Þórunni leið afar vel á setti Borgríkis II. MYND/HÖRÐUR ÁSBJÖRSSON

> **Ég myndi ekki sjá sjálfa mig fyrir mér í svipaðri senu. Ég er ekki mikið í „threesome“ með útlenskum glæpamönnum.**
>
> *Þórunn Antonía Magnúsdóttir.*

„Ég treysti klippurunum og fagfólkinu algjörlega hundrað prósent. Maður verður að leggja sig í hendurnar á þeim ef maður ætlar að gera þetta. Ég leik konu sem er óhrædd og allt öðruvísi týpa en ég. Það er skemmtilegast. Að fá að skella sér í einhvern búning. Ég myndi ekki sjá sjálfa mig fyrir mér í svipaðri senu. Ég er ekki mikið í „threesome“ með útlenskum glæpamönnum,“ segir Þórunn og skellihlær.

Þórunn gengur nú með sitt fyrsta barn og er hálfnuð með meðgönguna.

„Þegar myndin kemur út í haust verð ég nýbökuð móðir. Þá verð ég örugglega fegin að sjá gamla, góða líkamann minn í flottu formi á hvíta tjaldinu,“ segir Þórunn á léttu nótunum. Hún slær ekki slöku við og er með mörg járn í eldinum.

„Ég er að leggja lokahönd á nýja plötu sem ég vinn með Bjarna í Mínus og Halli Ingólfssyni. Ég er ekki komin með útgáfudag en hún er alveg að verða tilbúin. Síðan er ég með Íslenska listann sem er vikulegur sjónvarps- og útvarpsþáttur. Ég er alltaf með einhver járn í eldinum og er vakandi fyrir tækifærum. Ef einhver vantar ólétta konu í hlutverk er ég geim.“

liljakatrin@frettabladid.is

# Vínyllinn kominn aftur margefldur

Áskell, Jón Reginbald og Ómar Egill halda hústónlistarveislu í Lucky Records.

„Við sérhæfum okkur í útgáfu hústónlistar á vínyl,“ segir Áskell Harðarson, betur þekktur sem Housekell og einn plötusnúðanna að baki íslenska útgáfufyrirtækinu BORG LTD. Ásamt Áskeli standa að BORG þeir Ómar Egill Ragnarsson og Jón Reginbald Ívarsson. „Við deilum allir drífandi áhuga á hústónlist. Fyrsta útgáfan kom út um miðjan mars – en þá gáfum við út Alex Agore, þekkt nafn innan hústónlistarheimsins.“

En er ekki furðulegt að gefa út á vínyl árið 2014? „Nei, alls ekki. Vínyllinn átti undir högg að sækja á tímabili, en eins og með alla góða hluti þá kom hann til baka og það margefldur! Þetta er miðill sem hentar plötusnúðum mjög vel, sem og söfnurum og öðrum tónlistaraðdáendum“ segir Áskell.

Nú er önnur EP-plata fyrirtækisins komin út. „Það er Hollendingurinn Frits Wentink og platan heitir Marienleben. Hún hefur þegar fengið mikla spilun hjá alþjóðlegum plötusnúðum og lög af henni hljómað á nokkrum stærstu skemmtistöðum heims. Nú þegar platan er komin til landsins bjóðum við til sumarveislu í Lucky Records við Rauðarárstíg í dag á milli þrjú og sex,“ segir Áskell og býður alla velkomna. „Meðal annars mun vonarstjarna íslensku hústónlistarsenunnar, Viktor Birgiss, flytja frumsamda tónlist.“ - ósk



**BORG-PLÖTUSNÚÐARNIR** Jón Reginbald, Ómar Egill og Áskell. MYND/HÖRÐUR ELLERT ÓLAFSSON

Regatta GREAT OUTDOORS® CRAGHOPPERS DARE 2b BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

# Opið í dag

## 1. maí 11-16



**OKKAR VERÐ**
**NÝJAR VÖRUR!**
**SUMAR 2014**

## VERÐDÆMI

### Börn

| | |
|---|---|
| Flíspeysur | 2.990,- |
| Softshell peysur | 4.490,- |
| Softshell buxur | 5.490,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.490,- |
| Skór | 7.990,- |

### Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.990,- |
| Skyrtur | 3.990,- |
| Flíspeysur | 3.990,- |
| Softshell peysur | 5.990,- |
| Core Stretch peysur | 5.490,- |
| Buxur | 4.990,- |
| Softshell buxur | 8.490,- |
| Zip off buxur | 8.490,- |
| Stretch buxur | 8.990,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.990,- |
| Hjólajakkar | 6.990,- |
| Kápur | 8.990.- |
| Skór | 7.490,- |
| Bakpokar | 4.990,- |

o.fl. o.fl.

„ÓDÝRA HORNIÐ“
**VERÐHRUN!**



**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 – 16**

facebook.com/utivistogsport

Kíktu á síðuna!
Myndir af nýjum vörum!

ÚTIVIST & SPORT

Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fyrirsætur í sumarleikjum

Fyrirsæturnar **Kolfinna Kristófersdóttir** og Matthildur Lind Matthíasdóttir bjuggu til viðburð á Facebook í vikunni þar sem þær buðu fólki í gamaldags sumarleiki sem flestir Íslendingar ættu að kannast við úr æsku sinni. Viðburðurinn átti sér stað í gær klukkan fjögur í Hljómskálagarðinum en stúlkurnar stungu upp á alls kyns leikjum á viðburðinum. Þar má nefna leiki á borð við Hókí pókí, Eina krónu og Brennó. Í lýsingunni sögðu stúlkurnar að þeim þætti kominn tími til þess að vekja upp gamla leiki sem slíka og buðu fólki að fagna með sér æskunni.



- lkg

### Framtíðin Björt hjá Jóni Þór

**Jón Þór Þorleifsson,** fyrrverandi túrstjóri áhafnarinnar á Húna, hefur verið ráðinn til að sinna verkefnum fyrir Bjarta framtíð fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

„Ég verð flokknum innan handar og mun halda í höndina á þeim,“ segir Jón spurður hvaða verkefnum hann muni sinna fyrir flokkinn. „Ég mun taka þessa baráttu með þeim, skrifa texta og pæla í því hvað væri gaman að gera. Einfaldlega vera í stuði með Bjartri framtíð.“



- hg

## Mest lesið vísir

1 Sjö ára og stútfullur af hæfileikum - sjáðu lokaatriði Jóns Arnórs
2 Miðilsfundir á Facebook: „Verið að spila rússneska rúllettu með tilfinningar fólks“
3 Vilja lækka laun forstjóra Haga um helming
4 Sjáðu dansarana sem heilluðu þjóðina
5 Skiptastjóri hyggst úthluta Þorsteini Vatnsendalandinu





